

**SKOÐUN** Sigmundur Davíð segir markmið leiðréttingarinnar hafa náðst. 14



**LÍFIÐ** Álitsgjafar Fréttablaðsins telja of marga förðunarskóla hér á landi. 26



**SPORT** Avni Pepa, miðvörður ÍBV, er landsliðsmaður Kosóvó þrátt fyrir að hafa aldrei búið í landinu. 28

ÓDÝRARI FARGJÖLD OG BREIÐARI BROS
WOW air

# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
1. júlí 2015
152. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

**MARKAÐURINN**



**Leikreglur að breytast**

Forstjóri sameinaðs MP banka Straums segir að leikreglur á fjármálamarkaði séu að breytast og fjármálastofnanir verði að laga sig að því. Hann telur bæði vera pláss fyrir hagkvæma viðskiptabanka og sérhæfða minni banka. Hann býst við talsverðum breytingum á markaðnum á næstunni.

**FRÉTTIR**



**Nýr rektor vill tryggja fjármagn** Jón Atli Benediktsson tók við sem rektor HÍ í gær. Hann segir samfélagslegt hlutverk skólans mikið. Sjálfur gekk hann í hlébarðabuxum á pönktímanum. 10

**Nýtt bitmý nemur land** Karl Tómason varð þess vafasama heiðurs aðnjótandi að vera bitinn um allan líkamann af nýrri tegund bitmýs. 2




14

**2 SÉRBLÖÐ** Markaðurinn | Fólk







**YFIRBURÐIR**

**Fréttablaðsins staðfestir**

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 12–80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015



Allt sem þú þarft ...

# Liðka til fyrir millilandaflugi út á land

Ríkið gæti aukið tekjur sínar um 1,3 milljarða árlega með því að koma á beinu millilandaflugi á Egilsstaði og Akureyri. Vannýttir innviðir og dreifing ferðamanna skipti miklu máli. Starfshópur á vegum forsætisráðherra skoðar leiðir.

**SAMGÖNGUR** Ríkið ætlar að liðka til fyrir millilandaflugi frá Egilsstöðum og Akureyri með því að fella niður gjöld á flugfélög fyrstu tvö árin og aðstoða við markaðssetningu svæðanna með fjárframlögum. Þetta staðfestir Matthías Imsland, formaður starfshóps sem kannar möguleika á millilandaflugi frá landsbyggðunum. Tekjur hins opinbera af millilandafluginu yrðu nærri 1,3 milljörðum króna árlega.

Forsætisráðherra skipaði þennan starfshóp til að vega og meta kosti þess að millilandaflug um aðra flugvelli en Keflavík kæmist á laggirnar. Starfshópurinn lét vinna fyrir sig skýrslu sem sýnir ótvírætt að ríkið muni hagnast á millilandafluginu.

Með því að gera ráð fyrir fjórum lendingum á viku, tveimur á Egilsstöðum og tveimur á Akureyri, með rúmlega eitt hundrað erlenda ferðamenn í hverri ferð gæti tekjuaukning hins opinbera af ferðunum verið um 1.250 milljónir króna á hverju ári og innspýtingin á svæðin norðaustanlands verið um 3,6 milljarðar króna.

Af þeim rúmlega milljón ferðamönnum sem koma til landsins munu því samkvæmt þessum útreikningum aðeins 22 þúsund fara í gegnum Akureyri og Egilsstaði. Að mati skýrsluhöfunda er það samt sem áður nægilegt til að ríkið njóti góðs af.

Matthías segir þetta hreina viðbót við lendingar í Keflavík og vera brotabrot af fjölda lendinga þar. „Fjöldi lendinga í viku hverri er um 400 yfir hásumarið í Keflavík. Því erum við aðeins að tala um eitt prósent af lendingum til landsins. Þetta mun því ekki hafa nein neikvæð áhrif á ferðaþjónustu á öðrum stöðum á landinu. Innviðir á norðausturhorni landsins eru vannýttir stóran hluta árs og æskilegt og gott fyrir íslenskt samfélag að nýta þessa innviði betur og dreifa ferðamönnum betur um landið,“ segir Matthías.

Ferðaþjónustuaðilar hafa margsinnis bent á að álag vegna ferðamanna á suðvesturhorni landsins sé komið að þolmörkum og mikilvægt sé að grípa til aðgerða til þess að dreifa álaginu betur um landið svo ekki fari að sjá á náttúru þess. - sa



**LÓÐSAÐ RÉTTA LEIÐ** Skemmtiferðaskipið Celebrity Eclipse kom til Reykjavíkurhafnar með um þrjú þúsund farþega í gær, en alls voru fimm skemmtiferðaskip í höfn í gær, sem er met. Nóg var að gera hjá lóðsum Faxaflóahafna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrrverandi starfsmaður hjá Keili fékk miskabætur vegna eineltis framkvæmdastjóra:

# Bætur vegna eineltis Hjálmars

**SAMFÉLAG** Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs, gerðist sekur um einelti gagnvart fyrrverandi starfsmanni Keilis. Þetta kemur fram í skýrslu sem unnin var af sálfræðingum vegna málsins.

Fréttablaðið sagði frá því í nóvember að starfsmaðurinn teldi sig hafa orðið fyrir einelti í marga mánuði, sem hófst eftir að starfsmaðurinn fór fram á leiðréttingu launakjara hjá félaginu fyrir hönd starfsmanna en hann var trúnaðarmaður þeirra.

Sálfræðingar komust að þeirri niðurstöðu að Hjálmar hefði lagt starfsmanninn í einelti. Það hefði hann gert með því að „bregðast með óviðeigandi hætti“ við framgöngu starfsmannsins sem trúnaðarmanns starfsmanna í launadeilunni og í kjölfarið breyta framkomu sinni og viðmóti í garð starfsmannsins á þann hátt að hann upplifði hundsun.

„Það er búið að afgreiða það mál og ekki meira um það að segja. Ég ætla ekki að tjá mig frekar um málið, þetta eru viðkvæm mál og erfið mál og ég ætla ekki að tjá mig frekar um það,“ segir Hjálmar. - vh / sjá síðu 6



> Ég ætla ekki að tjá mig frekar um málið, þetta eru viðkvæm mál og erfið mál ...
>
> *Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis*

Umræða um að flýta fundi:

## Tillaga um nýjan landsfund

**STJÓRNMÁL** Tillaga um að flýta landsfundi Samfylkingarinnar til að hægt verði að kjósa nýja forystu var borin upp í framkvæmdastjórn flokksins fyrir skömmu. „Framkvæmdastjórn hefur opnað umræðu um næsta landsfund og hvenær hann verður haldinn,“ segir Sema Erla Serdar, formaður framkvæmdastjórnar flokksins.



**SEMA ERLA SERDAR**

Fylgjendur Árna Páls Árnasonar formanns, hafa bent á að flokkslög leyfi ekki að halda annan landsfund strax til að kjósa nýja forystu.

Mikil ólga er enn eftir síðasta landsfund þar sem Árni Páll sigraði Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur með einungis einu atkvæði. - sa / sjá síðu 4



**ÁVÍSANAHEFTI** Ávísanir voru mikið notaðar á árum áður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hætta að gefa út ávísanahefti:

## Ávísanir brátt úr sögunni

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki mun ekki afgreiða ávísanahefti frá og með 1. september næstkomandi. Bankinn mun þó taka við útistandandi tékkum áfram.

Landsbankinn ætlar að hætta að taka við ávísunum á næsta ári. „Þegar nær dregur þessari breytingu munum við hafa samband við notendur ávísana í okkar viðskiptavinahópi og kynna þeim breytinguna,“ segir í svari frá Kristjáni Kristjánssyni, upplýsingafulltrúa bankans.

Engar breytingar verða á útgáfu ávísana hjá Arion. - ih / sjá Markaðinn



## VEÐUR



Stíf norðaustan átt norðvestantil á landinu í dag og rigning, en mun hægari austanátt sunnan- og austanlands og úrkomuminna. Dregur úr vindi og úrkomu annað kvöld. Hiti 8 til 17 stig, hlýjast inn til landsins.

SJÁ SÍÐU 20

Samninganefndir BHM og ríkisins náðu ekki að ljúka kjarasamningi fyrir tímamörk sett í lögum:

# Gerðardómur yfirleitt skipaður með hraði

**KJARAMÁL** Engir fundir eða viðræður hafa átt sér stað milli samninganefnda BHM og ríkisins frá fundi sem ríkissáttasemjari boðaði til í kjaradeilunni á miðvikudaginn fyrir viku. Úr því ekki samdist fyrir mánaðamót ber Hæstarétti, samkvæmt lögum sem sett voru á verkfall aðildarfélaga BHM og hjúkrunarfræðinga, að skipa gerðardóm sem úrskurðar um kjörin.

Rétt fyrir mánaðamótin sagði Páll Halldórsson, formaður samninganefndar BHM, ansi fátt benda til þess að tilboð kæmi frá ríkinu. „Það er allavega ekkert að gerast og ekkert sem bendir til að það fari neitt að gerast,“ sagði hann.



**PÁLL HALLDÓRSSON**

Mál BHM á hendur ríkinu verður flutt í Héraðsdómi Reykjavíkur 6. júlí næstkomandi. Páll segir markmiðið með málshöfðuninni skýrt. „Við viljum auðvitað bara sjá þessum ólögum hnekkt.“

Í samantekt um stöðuna í kjaradeilu BHM og ríkisins, á vef BHM, er bent á að inn í lögin hafi verið skrifaðar forsendur niðurstöðu væntanlegs gerðardóms.

Samkvæmt upplýsingum frá Hæstarétti er venjan sú að gengið sé mjög hratt til verka við skipan gerðardóms, enda þurfi dómurinn, samkvæmt lögunum sem sett voru 13. júní, að skila úrskurði sínum eigi síðar en 15. ágúst. - óká

### ➜ Gerðardómurinn

Í annarri grein laga um kjaramál stéttarfélaga BHM og hjúkrunarfræðinga (nr. 31/2015) segir að hafi ekki verið skrifað undir kjarasamning fyrir 1. júlí skuli Hæstiréttur tilnefna þrjá menn í gerðardóm sem skuli fyrir 15. ágúst ákveða kaup og kjör félagsmanna. „Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins og kallar sá dóminn saman,“ segir í lögunum.



**SLYS** Tveir létust og mikil röskun varð á gangi lesta í Japan eftir að maður kveikti í sér um borð í lest. NORDICPHOTOS/AFP

Fyrsta banaslys í japanskri háhraðalest eftir sjálfsvíg:

# Maður kveikti í sér um borð í lest

**JAPAN Tveir létust þegar maður kveikti í sér um borð í háhraðalest í Japan. Maðurinn sem kveikti í sér er annar hinna tveggja látnu en hinn er kona sem lést af völdum reyksins sem fyllti lestina.**

**Japanskir fjölmiðlar greindu frá því að maðurinn hefði hellt olíu yfir höfuð sér og svo kveikt í sér með kveikjara um hálftíma eftir að lestin, með um þúsund farþega innanborðs, lagði af stað frá Tókýó til Ósaka.**

**Tveir farþegar til viðbótar slösuðust alvarlega.** - þea

Mögulega minna framboð:

# Slæm afkoma miðlunarlóna

**ORKA** Vorafkoma miðlunarlóna í ár er ein versta vorafkoma í rekstrarsögu miðlana Landsvirkjunar.

Óvenjulega kalt og þurrt vor er sögð ástæðan en kuldinn olli því að vorleysing af hálendinu hófst seint og var hæg framan af.

Landsvirkjun segir tíma leysinga af jöklum fram undan og segir það fara eftir magni jökulbráðnunar hve vel muni ganga að fylla lónin síðar í sumar. Ólíklegt er að öll lón fyllist. Eina stóra lónið sem líklegt er að fyllist er Hálslón. Vegna þessa er mögulegt að Landsvirkjun þurfi að draga úr framboði á raforku á skammtímamarkaði. - þea

Lagði áherslu á landgræðslu:

# Sótti fund um loftslagsmál

**UTANRÍKISMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sat sérstakan ráðherrafund um loftslagsmál í New York í gær. Fundurinn var í boði aðalritara Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-Moon.

Gunnar Bragi lagði áherslu á landgræðslu til að sporna við landeyðingu auk þess sem hann greindi frá formlegri stofnun samstöðuhóps um jarðhitanýtingu á ríkjaráðstefnu Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna sem fram fer í París seinna á árinu.

Þá fundaði Gunnar með fulltrúum SÞ um stofnun landgræðslusjóðs. - srs

# Bitinn af nýrri tegund bitmýs á Íslandi

**Líkami Karls Tómassonar er allur undirlagður biti eftir sumarbústaðarferð síðastliðna helgi. Fleiri hafa verið bitnir á sama svæði. Náttúrufræðistofnun Íslands telur að um nýja tegund á Íslandi sé að ræða og rannsakar nú bitmýið.**

**SAMFÉLAG** „Rétt eftir að ég sofnaði fór ég að verða var við hryllilega stingi um allan líkama. Ég heyrði svo mjög skrítið suð en þrjóskaðist við að sofa þarna áfram,“ segir Karl Tómasson tónlistarmaður en hann lenti í því óhappi síðastliðna helgi að verða bitinn af nýrri tegund bitmýs á Íslandi, Ceratopogonidae.

Karl var ásamt fjölskyldu sinni í sumarbústað þeirra í Kjós við Meðalfellsvatn þegar hann var bitinn. „Við höfum átt þennan bústað í nokkur ár og aldrei orðið vör við þessi kvikindi.“

Líkami Karls er allur undirlagður biti og segir hann kláðann óbærilegan. Auk þess er mikill hiti í bitunum.

„Ég fann alveg að þetta var ekki venjulegt. Það var eitthvað mjög skrítið að gerast í rúminu hjá mér þessa nóttina,“ segir Karl og bætir við að árásin hafi verið svakaleg og að hann hefði betur komið sér á annan náttstað þegar hann byrjaði að finna stingina.

„Mér stórbrá þegar ég vaknaði um morguninn og sá hvernig ég leit út. Þetta var skelfileg sjón,“ segir Karl sem í kjölfarið fór til læknis. Læknirinn sagði að bitin væru eftir fló og gaf honum steralyf og krem.

Karl birti í gær mynd af líkama sínum á Facebook og fékk í kjölfarið póst frá starfsmanni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Starfsmaður stofnunarinnar greindi honum frá því að fleiri hefðu fengið slík bit á svæðinu sem bústaður Karls er á, í Kjósinni.

Stofnunin hefur nú undir höndum eitt eintak af bitmýinu Ceratopogonidae sem bíður nú frekari greiningar. Samkvæmt starfsmanni stofnunarinnar er bitmýið líklega af ættkvíslinni culicoides og ef svo reynist rétt er um nýja tegund á Íslandi.

„Svo kom fram í bréfinu frá Náttúrufræðistofnun að bitin frá þessu kvikindi séu verri en moskítóbit,“ segir Karl.

nadine@frettabladid.is



**ILLA BITINN** Náttúrufræðistofnun Íslands hefur nú undir höndum eitt eintak af bitmýinu sem bíður frekari greiningar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**SKELFILEG SJÓN** Karli stórbrá þegar hann sá hve illa hann var leikinn.






Nýtt háhraða almenningssamgöngukerfi gæti verið komið upp árið 2022:

# Kostnaður er 30 til 65 milljarðar

**SAMGÖNGUR** „Ef vel tekst til í undirbúningsvinnu sem á að klárast fyrir árslok 2016 gæti verkefnið formlega farið af stað þá,“ segir Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, um nýtt almenningssamgöngukerfi, Borgarlínu, sem gert er ráð fyrir í nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. „Ef sami kraftur verður í verkefninu og í svipuðu verkefni í Belfast gætum við séð Borgarlínu í keyrslu fimm árum síðar, eða í byrjun árs 2022.“ Borgarlína verður nýtt hágæða almenningssamgöngukerfi sem tengja mun kjarna sveitarfélaganna og flytja farþega með skjótum og öruggum hætti um höfuðborgarsvæðið.

„Gert er ráð fyrir fimmtán til tuttugu kílómetra viðmiðunarleið,“ segir Hrafnkell.

Við mat á samgönguviðsmyndum sem Verkfræðistofan Mannvit gerði var miðað við að stofnkostnaður á fimmtán kílómetra léttlestarkerfi væri sextíu og fimm milljarðar króna og stofnkostnaður við fimmtán til tuttugu kílómetra hraðvagnakerfi væri þrjátíu milljarðar króna. Til þess að áætla kostnaðinn var stuðst við erlendar reynslutölur og nálganir.



**LÉTTLEST** Samkomulag um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins var undirritað í fyrradag. Þar er gert ráð fyrir Borgarlínu.



> **Ef sami kraftur verður í verkefninu og í svipuðu verkefni í Belfast gætum við séð Borgarlínu í keyrslu fimm árum síðar eða í byrjun árs 2022.**
>
> *Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins*

Hrafnkell segir að ekki liggi fyrir hvort notast verði við léttlestarkerfi eða hraðlestarkerfi. „Það er ekkert sem útilokar að einn leggur verði léttlest og annar hraðvagn.“ - ngy




KRINGLAN.IS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

PIPAR\TBWA • SÍA

## SPURNING DAGSINS



Stefán Karl, er Trölli farinn að stela sumrinu líka?

**„Já, enda er hann með einstaklega græna fingur.“**

Stefán Karl Stefánsson hefur meðal annars getið sér gott orð fyrir leik sinn í hlutverki Trölla á fjölunum vestanhafs. Nú hefur hann vent kvæði sínu í kross og stefnir á ylrækt við Landbúnaðarháskólann.

Héraðsdómur Reykjavíkur staðfesti að réttur heyrnalausra til túlkaþjónustu gengi framar fjárlögum:

# Ríkið braut gegn mannréttindum Snædísar

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur staðfesti í gær rétt heyrnarlausra til túlkunar með dómi sínum í máli Snædísar Ránar Hjartardóttur en hún stefndi íslenska ríkinu fyrir að veita henni ekki þá túlkaþjónustu sem hún þarf.

Snædís Rán þarf aðstoð túlks í öll samskipti vegna þess að hún er daufblind og þjáist af taugahrörnunarsjúkdómi. Það að hún njóti aðstoðar túlks hefur áhrif á það hvort hún geti tjáð sig og tekið þátt í lífi og starfi til jafns við aðra.

Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið hefði brotið gegn Snædísi þegar henni var gert að greiða fyrir túlkaþjónustu úr eigin vasa, alls um 50 þúsund krónur. Dómurinn gerði ríkinu að endurgreiða henni þá upphæð auk 500 þúsund króna í miskabætur vegna meingerðar ríkisins gagnvart henni.

„Niðurstaðan kom mér ekki á óvart. Við vorum alveg viss um að hún ætti rétt á þessum mannréttindum,“ segir Guðbjörg Anna Guðbjörnsdóttir, lögmaður Snædísar, og bætir við að dómurinn hafi í raun staðfest að grundvallarmannréttindi gangi framar ákvæðum fjárlaga. „Ríkið getur ekki skýlt sér á bak við fjárlögin.“

Í niðurstöðum dómsins segir að ríkið hafi brotið á stjórnarskrárvörðum rétti Snædísar til lágmarksþjónustu, réttindum sem eru fjárlögum æðri. **- ngy**



**SNÆDÍS RÁN HJARTARDÓTTIR** Réttur heyrnarlausra til túlkunar var staðfestur með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjöldahandtökur í Evrópu:

## Hald lagt á 2,8 tonn af kókaíni

**LÖGREGLA** Lögregla í öllum aðildarríkjum Evrópusambandsins, ESB, handtók í maí og júní yfir 500 manns í herferð gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Lagt var hald á 390 bíla, 2,8 tonn af kókaíni, 110 kíló af heróíni og 1.300 tonn af málmi.

Gripið var til aðgerða á yfir 260 stöðum í Evrópu, samkvæmt tilkynningu frá Europol.

Aðalmarkmið aðgerðanna var að stöðva stórfellt smygl fíkniefna frá S-Ameríku og Asíu. **- ibs**



**CANOPY** Mikil áhersla verður lögð á fallega hönnun og afslappað umhverfi. MYND/ARKPING

Lúxushótel í eigu Hilton:

## Opna fyrsta hótelið á Íslandi

**FERÐAÞJÓNUSTA** Icelandair hótel og Canopy, ný alþjóðleg hótelkeðja í eigu Hilton International, undirrituðu samning í gær um að opna fyrsta hótel keðjunnar í Reykjavík á næsta ári.

Canopy Reykjavik er í flokki lúxushótela og verður staðsett á Hljómalindarreitnum í miðbæ Reykjavíkur. Icelandair hótel mun reka Canopy Reykjavik en fyrirtækið hefur átt í farsælu samstarfi við Hilton International síðan í október 2007.

Canopy Reykjavik verður með 115 herbergjum að meðtöldum svítum. Í bakgarði verður veitingarekstur. **- ngy**



**LOÐNA** Aflaverðmæti loðnu nam rúmum 4,9 milljörðum í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Þorskurinn áfram verðmætur:

## Verðmæti afla eykst áfram

**HAGSTOFAN** Verðmæti afla upp úr sjó nam rúmum 19,1 milljarði í mars. Það er 51,5 prósentum meira en í mars 2014. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Vegur þar þyngst aflaverðmæti loðnu sem nam rúmum 4,9 milljörðum samanborið við 1,1 milljarð í mars 2014.

Aflaverðmæti botnfisks nam rúmum 13,1 milljarði í mars sem er 22,7 prósenta aukning frá fyrra ári. Þorskurinn er sem fyrr verðmætastur botnfisktegunda en aflaverðmæti hans var rúmir 8,7 milljarðar í mars og jókst um tæp 30 prósent samanborið við mars 2014. **- ngy**

Kosningu lýkur 15. júlí:

## Iðnaðarmenn kynna samning

**KJARAMÁL** Félög iðnaðarmanna kynna þessa dagana félagsmönnum sínum efni nýs kjarasamnings við Samtök atvinnulífsins sem skrifað var undir í byrjun síðustu viku.

Atkvæðagreiðsla um samninginn stendur yfir og lýkur á hádegi miðvikudaginn 15. júlí næstkomandi. Félögin sem um ræðir eru Félag hársnyrtisveina, Grafía, VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna, Samiðn, Matvís og Rafiðnaðarsambandið. **- óká**

# Báru upp tillögu um nýjan landsfund

Tillaga um að flýta landsfundi til að hægt verði að kjósa nýja forystu í Samfylkingunni var borin upp í framkvæmdastjórn flokksins. Tekist er á um lagatúlkun. Hafin er umræða um hvort æskilegt sé að flýta landsfundi Samfylkingarinnar.

**STJÓRNMÁL** Hafin er umræða innan framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar um hvort æskilegt sé að flýta landsfundi flokksins. Borin var upp tillaga á framkvæmdastjórnarfundi flokksins fyrir skömmu þess efnis að flýta landsfundi svo hægt verði að kjósa nýja forystu flokksins í allsherjaratkvæðagreiðslu.

Engin efnisleg niðurstaða var tekin um tillöguna en umræður urðu miklar um framhaldið og hvernig framkvæmdastjórn ætti að taka á málunum.

Bentu fylgjendur Árna Páls Árnasonar, sitjandi formanns flokksins, á að lög Samfylkingarinnar sniðu flokknum þröngan stakk; ekki væri hægt að halda landsfund nema annað hvert ár og ef halda ætti aukalandsfund væri ekki hægt að kjósa nýja forystu á slíkum fundi.

Sema Erla Serdar, formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar, staðfesti þetta í samtali við blaðamann Fréttablaðsins. „Framkvæmdastjórn hefur opnað umræðu um næsta landsfund og hvenær hann verður haldinn. Síðasta landsfundarnefnd mótaði tillögu til nýrrar framkvæmdastjórnar um að umræða yrði haldin fyrr en síðar um þessi mál. Í samræmi við þær ákvarðanir munum við halda tvo stóra flokksstjórnarfundi næstkomandi haust þar sem þetta verður rætt,“ segir Sema Erla.

Mikil ólga er enn innan Samfylkingarinnar eftir síðasta landsfund flokksins þar sem Árni Páll Árnason sigraði Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur í kosningu til formanns með aðeins einu atkvæði. Hann hefur látið hafa það eftir sér að hann vilji sækja sér stærra umboð til að stýra skútunni en að lög flokksins hamli því að vilji hans verði að veruleika.

„Það er alveg rétt að ákveðin öfl innan flokksins vilja nýjan landsfund þar sem flokkurinn í heild sinni getur valið sér nýja forystu. Hins vegar býr flokkurinn yfir sínum lögum og reglum og nú er vinna hafin við það að meta hvaða leiðir eru færar í stöðunni,“ segir Sema. „Ég á von á því að þessi mál sem og önnur verði rædd á næsta flokksstjórnarfundi í september.“

sveinn@frettabladid.is



**Það er alveg rétt að ákveðin öfl innan flokksins vilja nýjan landsfund þar sem flokkurinn í heild sinni getur valið sér nýja forystu.**

*Sema Erla Serdar, formaður framkvæmdastjórnar*



**TÓKUST Á UM FORMENNSKU** Flokkurinn klofnaði í afstöðu sinni til formannsefna á síðasta landsfundi flokksins í Súlnasal Hótel Sögu í vor. Ekki er gróið um heilt í flokknum.







SMÁRALIND
Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM



**1.** Hversu stórt er hlutfall hjúkrunarfræðinga Landspítalans sem eru í minna en 80 prósenta starfi?
**2.** Hvað greiddu Íslendingar mikið fyrir svefnlyf og slævandi lyf í fyrra?
**3.** Í hvaða skóla ætlar Stefán Karl Stefánsson leikari að hefja nám?

**SVÖR:**
**1.** Um 70 prósent. **2.** 440 milljónir. **3.** Í Landbúnaðarháskóla Íslands.

Chris Christie tilkynnti um framboð sitt til forseta Bandaríkjanna fyrir Repúblikanaflokkinn í gær:

# Segir Bandaríkin þreytt á veikburða forseta

**BANDARÍKIN** Chris Christie, ríkisstjóri í New Jersey, tilkynnti í gær um framboð sitt til forseta Bandaríkjanna fyrir repúblikana.

Ríkisstjórinn hamraði á því í tilkynningarræðu sinni að Bandaríkjamenn væru orðnir þreyttir á veikburða forseta og væri það ástæða framboðs hans en Christie telur sig rétta manninn í starfið.

Christie er fjórtándi repúblikaninn sem sækist eftir útnefningu flokksins en barist verður um hvert fylki þar til einn sigurvegari stendur uppi. Sá sigurvegari mun verða forsetaframbjóðandi repúblikana á landsvísu. Áður höfðu til dæmis Jeb Bush og Donald Trump tilkynnt um framboð.

Þrýst var á Christie að bjóða sig fram í síðustu forsetakosningum árið 2012 og naut hann þá mikils stuðnings, ekki einungis meðal samflokksmanna heldur einnig óákveðinna og demókrata.

Fylgi hans hefur dvínað síðan þá sökum hneykslis sem hann er bendlaður við. Christie er gefið að sök að hafa viljandi teppt umferð í borginni Fort Lee til að ná sér niðri á borgarstjóra sem ekki vildi hjálpa honum í kosningabaráttu hans í framboði til ríkisstjóra. Nú mælist fylgi Christies í forkosningunum um fjögur prósent en það var um fimm sinnum meira áður en upp komst um málið. - þea



**LÍTIÐ FYLGI** Fylgi Chris Christie mælist um fimmtungur af því sem það var áður en upp komst um hneykslismál sem honum tengist. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Mikil óánægja í Búrúndí:

## Kosningarnar óásættanlegar

**BÚRÚNDÍ** Leiðtogi stjórnarandstöðuflokksins Frodebu í Búrúndí segir kosningar sem haldnar voru þar í landi á mánudaginn óásættanlegar og ólýðræðislegar.

Ljóst er að ríkisstjórnarflokkur Pierre Nkurunziza, forseta Búrúndí, heldur sínum meirihluta þó tölur hafi ekki verið tilkynntar en enginn stjórnarandstöðuflokkur tók þátt í kosningunum í mótmælaskyni og er fyrirhugað forsetaframboð Nkurunziza til síns þriðja kjörtímabils, sem sagt er stangast á við stjórnarskrána, ein helsta ástæða mótmælanna auk þess sem kallað er ósanngjörn umgjörð kosninganna. - þea



**NEPAL** Mikil eyðilegging varð í jarðskjálftanum í maí. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Rauði krossinn sendir út:

## Fleiri til Nepal

**NEPAL** Rauði krossinn á Íslandi hefur sent tvo sendifulltrúa til starfa í Nepal til viðbótar við þá tvo sem þegar hafa haldið til starfa þar í landi.

Sendifulltrúarnir, Lilja Óskarsdóttir hjúkrunarfræðingur og Ágústa Hjördís Kristinsdóttir bráðahjúkrunarfræðingur, voru sendar til Chataura í Norður-Nepal og munu starfa við tjaldsjúkrahús norska Rauða krossins sem reist var í kjölfar jarðskjálfta sem skók Nepal 25. apríl síðastliðinn. - þea



**FALIÐ** Meintir sterar og lyf fundust í farangri. MYND/TOLLSTJÓRAEMBÆTTIÐ

Handtekinn í Leifsstöð:

## Mikið magn af sterum

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fertugsaldri var á dögunum tekinn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar með umtalsvert magn af meintum sterum og öðrum lyfseðilsskyldum lyfjum sem hann ætlaði að koma með inn í landið. Maðurinn, sem er íslenskur, var að koma frá Berlín og hafði komið efnunum fyrir í ferðatösku sinni. Tollverðir fundu í förum hans vel á annað þúsund ampúllur, sem innihéldu ríflega 1.500 millilítra af sterum, ásamt um sex þúsund steratöflur, auk lyfja. Lögreglan á Suðurnesjum handtók manninn og mál hans er nú í rannsókn. - vh

ISIS myrti tvö pör í Sýrlandi:

## Hjuggu höfuðin af fjórum

**SÝRLAND** Vígamenn Íslamska ríkisins myrtu nýverið tvö pör í Sýrlandi sem sökuð voru um galdra.

Samtökin hafa myrt fjölda kvenna og karla í landinu. Öll fjögur voru hálshöggvin, en þetta er í fyrsta sinn sem samtökin hálshöggva konur. - ngy

# Fékk bætur vegna eineltis Hjálmars

Fyrrverandi starfsmaður hjá Keili fékk miskabætur vegna langvinns eineltis. Sálfræðingar telja að Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis, hafi lagt hann í einelti. Hjálmar vill ekki tjá sig um málið en sendi starfsmanninum afsökunarbeiðni.

**STJÓRNSÝSLA** Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs, gerðist sekur um einelti gagnvart fyrrverandi starfsmanni hjá Keili. Þetta kemur fram í skýrslu sem unnin var af sálfræðingum vegna málsins.

Fréttablaðið sagði frá því í nóvember að starfsmaðurinn teldi sig hafa orðið fyrir einelti í marga mánuði sem hófst eftir að starfsmaðurinn fór fram á leiðréttingu launakjara hjá félaginu fyrir hönd starfsmanna en hann var trúnaðarmaður þeirra.

„Það er búið að afgreiða það mál og ekki meira um það að segja. Ég ætla ekki að tjá mig frekar um málið, þetta eru viðkvæm mál og erfið mál og ég ætla ekki að tjá mig frekar um það,“ segir Hjálmar þegar hann er spurður um málið.

Sálfræðingar komust að þeirri niðurstöðu að Hjálmar hefði lagt starfsmanninn í einelti. Það hefði hann gert með því að „bregðast með óviðeigandi hætti“ við framgöngu starfsmannsins sem trúnaðarmanns starfsmanna í launadeilunni og í kjölfarið breyta framkomu sinni og viðmóti í garð starfsmannsins á þann hátt að hann upplifði hundsun.

Í niðurstöðum skýrslunnar kemur fram að „með viðbrögðum sínum hafi hann vanvirt hlutverk starfsmannsins sem trúnaðarmanns og eigið hlutverk sem stjórnanda“.



**LAGÐUR Í EINELTI** Sálfræðingar komust að þeirri niðurstöðu að starfsmaðurinn hefði verið lagður í einelti af Hjálmari sem hefði haft mikil áhrif á hann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**HJÁLMAR ÁRNASON**

Samkvæmt samkomulagi sem gert var við manninn átti hann að fá greidd full laun átta mánuði frá því hann hætti störfum hjá fyrirtækinu vegna eineltisins, miskabætur upp á 600 þúsund „til að mæta vanlíðan sinni og skaða vegna málsins“, eins og það er orðað, auk þess sem lögfræðikostnaður hans var borgaður. Upphæðin sem maðurinn fékk vegna starfslokanna nam ekki þeim launum sem hann hefði átt að fá. Lögfræðingur mannsins hefur ítrekað við félagið að standa við samkomulagið. Eftir niðurstöðuna bað Hjálmar starfsmanninn skriflega afsökunar á þeim óþægindum og vanlíðan sem hann hefði valdið honum. „Ég geri mér betur grein fyrir hvað þetta hefur verið þér erfitt þegar mér eru kynntar niðurstöður fagaðila þar sem fram kemur að með framferði mínu hafi átt sér stað einelti í þinn garð,“ sagði Hjálmar í bréfinu. Hann sagðist hafa lært af þessu og að slík viðbrögð hans sem stjórnanda endurtækju sig ekki.

viktoria@frettabladid.is






Fjöldi fólks er fastur í rústum bygginga og hótels í íbúðabyggð í Medan:

# Herflugvél hrapaði í Indónesíu

**INDÓNESÍA** Óttast er að fleiri en hundrað manns hafi látið lífið í Indónesíu eftir að herflugvél hrapaði í íbúðahverfi í borginni Medan. Sextíu og sex lík hafa nú fundist. Frá þessu greinir BBC.

Flugvélin sem var af gerðinni Herkúles C-130 skall á tveimur íbúðabyggingum og hóteli áður en hún sprakk í loft upp. Talsmenn flughersins segja að 113 manns hafi verið um borð í vélinni en talið er að enginn hafi lifað af. Þá er fjöldi fólks fastur inni í byggingunum sem flugvélin skall á.

Mikill eldur kom upp þegar vélin hrapaði á byggingarnar og barðist slökkvilið við eldinn í þó nokkurn tíma, en svartur þykkur reykur gerði því erfitt fyrir. Þá skemmdist fjöldi húsa í nágrenninu.

Vélin, sem talsmenn hersins segja að hafi verið í góðu standi, hringsólaði yfir borginni í nokkurn tíma áður en hún hrapaði. Flugmaður vélarinnar hafði óskað eftir að fá að lenda henni á nærliggjandi flugvelli vegna vélarbilunar. Ekki hefur enn fengist staðfest hvað olli slysinu. Fjöldi fólks safnaðist saman til að fylgjast með björgunaraðgerðum en einungis stél vélarinnar er eftir, aðrir hlutar hennar sprungu í loft upp.

Þetta er í annað sinn sem flugvél hrapar í Medan en árið 2005 hrapaði Boeing á íbúðabyggð í borginni með þeim afleiðingum að um 200 manns létu lífið. - srs



**STÉLIÐ EFTIR** 113 manns voru í vélinni og eru þeir allir taldir af. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

www.n1.is facebook.com/enneinn




## N1 mótið á Akureyri 1.–4. júlí

N1 mótið verður haldið í 29. skipti í ár þar sem 1.800 strákar munu taka þátt og er þetta fjölmennasta mótið frá upphafi. Sjáið stjörnur framtíðarinnar sýna sitt besta og njótið gleðinnar í höfuðstað Norðurlands.

Við óskum mótsgestum góðrar ferðar norður og minnum á punktapartí júlímánaðar með fjölmörgum tilboðum á punktaprís.

Komið, fylgist með og skemmtið ykkur. Sendið inn myndir frá mótinu merktar **#n1mótið** og takið um leið þátt í leiknum okkar á Instagram.

**#n1mótið**

**Hluti af fótboltasumrinu**

ÍSLENSKA SIA.IS ENN 75179 06/15

## NORÐURLÖND




### Vilja herða landamæraeftirlit

**1 DANMÖRK** Nýr utanríkisráðherra Danmerkur, Kristian Jensen, tilkynnti utanríkisráðherra Þýskalands, Frank-Walter Steinmeier, á fundi í Berlín að Danir vildu herða eftirlit við landamærin að Þýskalandi. Venstre-flokkurinn lofaði í kosningabaráttunni að herða landamæraeftirlit til þess að koma í veg fyrir að glæpagengi kæmust inn í Danmörku til að fremja þar afbrot. Hertar reglur yrðu þó innan ramma Schengen-samstarfsins og á það lagði einnig þýski utanríkisráðherrann áherslu.

### Margir iðrast Sýrlandsfararinnar

**2 NOREGUR** Norska öryggislögreglan hefur staðfest að margir þeirra sem héldu til Sýrlands til að berjast þar vilji koma aftur heim til Noregs. Íslamska ríkið neitar þeim um heimfararleyfi og tekur til dæmis af þeim vegabréfin. Norska öryggislögreglan telur að um 80 hafi farið frá Noregi til Sýrlands til að berjast þar. Af þeim hafi 15 fallið en 20 snúið heim til Noregs. Um 45 eru taldir vera á svæðum sem eru undir yfirráðum Íslamska ríkisins. Margir iðrast þess að hafa farið til Sýrlands.



### Opna félagslegan stórmarkað

**3 SVÍÞJÓÐ** Í haust geta þeir sem fá félagslegar bætur eða hafa lítið á milli handanna gert innkaup í stórmarkaði í Stokkhólmi þar sem verðið er 30 prósent af venjulegi verði. Haft er eftir talsmanni hjálparsamtakanna Stadsmissionen að á hverju ári sé 622 þúsundum tonna af matvælum fleygt í Svíþjóð samtímis því sem margir séu svangir. Verslunin verður rekin í samvinnu við matvælafyrirtækið Axfood og þar verða til sölu matvæli sem farin eru að nálgast síðasta söludag eða komin fram yfir hann. Slíkir markaðir eru í Frakklandi, Austurríki og Englandi.











**HAGKAUP** Mesta hækkunin er hjá Hagkaupi, Iceland, Víði og Kaupfélagi Skagfirðinga.

Hækkun hjá níu verslunum:

## Vörukarfa ASÍ hækkað á árinu

**VIÐSKIPTI** Vörukarfa ASÍ hefur hækkað hjá níu verslanakeðjum af tólf frá því í desember 2014 þar til í byrjun júní 2015. Þetta kemur fram í tilkynningu frá ASÍ.

Vörukarfan hefur hækkað mismikið en sem nemur breytingu á virðisaukaskatti og afnámi sykurskatts hjá helmingi verslana.

Mesta hækkunin er hjá Iceland, Hagkaupi, Víði og Kaupfélagi Skagfirðinga. Á sama tímabili lækkar vörukarfan hjá Kjarvali, Krónunni og Nettó.

Í tilkynningu frá ASÍ segir að það sé mat verðlagseftirlitsins að breytingar á virðisaukaskatti og vörugjöldum gefi tilefni til lækkunar á verði matarkörfu meðalheimilis um um það bil 1,5 prósent en þegar innihald matarkörfunnar er skoðað nánar eru áhrifin á einstaka vöruflokka mjög misjöfn. - ngy



**MÓTMÆLI** Tugþúsundir Grikkja æddu á götur út í gær til að mótmæla. Sumir kölluðu á samlanda sína að gangast undir kröfur lánardrottna Grikklands en aðrir vildu hafna þeim. NORDICPHOTOS/AFP

# Gríska ríkið er gjaldþrota

Grikkir misstu í gær af lokafresti til að borga Alþjóðagjaldeyrissjóðnum 1,6 milljarða evra. Gríska ríkisstjórnin sóttist eftir nýjum samningi um neyðaraðstoð. Skuldir verða enn óbærilegar árið 2030.

**GRIKKLAND** Gríska ríkið varð gjaldþrota í gær þegar landið varð það fyrsta með þróað efnahagskerfi til þess að vanrækja afborgun á láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Grikkir munu þar af leiðandi ekki fá fleiri lán úr sjóðnum.

Gríska ríkisstjórnin bað stöðugleikaráð Evrópusambandsins um nýjan samning um neyðaraðstoð, klukkutímum áður en greiða átti af skuld Grikklands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í gærkvöld. Bað Grikkland um tveggja ára samning sem myndi færa gríska ríkinu um þrjátíu milljarða evra og funduðu fjármálaráðherrar evrusvæðisins með grísku ríkisstjórninni í gegnum síma. Fundurinn var ekki árangursríkur og endaði með þeim hætti að fjármálaráðherrarnir höfnuðu bón grísku ríkisstjórnarinnar.

Búist er við að viðræður um nýjan samning um neyðaraðstoð haldi áfram í dag.

„Vegna verklagsreglna var ekki hægt að framlengja aðstoðina fram yfir daginn í dag,“ sagði fjármálaráðherra Slóvakíu, Peter Kazimir, í Twitter-færslu eftir símafundinn í gær.

Grikkland er því í fyrsta sinn síðan 2010 án aðstoðar frá evrusvæðinu, Seðlabanka Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Framtíð Grikklands í evrusvæðinu er sömuleiðis óljós.

> **Vegna verklagsreglna var ekki hægt að framlengja aðstoðina fram yfir daginn í dag [í gær].**
>
> *Peter Kazimir, fjármálaráðherra Slóvakíu*

Framtíðarhorfur fyrir gríska ríkið eru slæmar en samkvæmt gögnum sem breska fréttastofan The Guardian hefur undir höndum telur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að skuldir gríska ríkisins verði 118 prósent af vergri landsframleiðslu árið 2030 ef ráðist verður í þær niðurskurðaraðgerðir sem lánardrottnar Grikklands krefjast. Hlutfallið er 175 prósent eins og staðan er í dag en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn miðar við 110 prósent sem sjálfbært hlutfall.

Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands, boðaði á mánudag til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort Grikkir ættu að gangast undir kröfur lánardrottnanna sem settar eru fram sem skilyrði um aukna aðstoð. Tsipras hvetur Grikki til þess að hafna kröfunum en Evrópusambandið hvetur til samþykktar.

thorgnyr@frettabladid.is









# Landsvirkjun í 50 ár
## Til hamingju!

Voith Hydro hefur verið hluti af farsælli 50 ára sögu Landsvirkjunar og óskum við þeim innilega til hamingju með áfangann og alls hins besta í framtíðinni.

Auk heildarsamnings um framleiðslu og uppsetningu á vél- og rafbúnaði fyrir Búðarhálsstöð höfum við undanfarin 25 ár í samvinnu við Landsvirkjun unnið að breytingum á vatnsaflsvirkjunum í Blöndu, Búrfelli, Írafossi, Laxá, Ljósafossi, Sigöldu og Steingrímsstöð.

Við þökkum fyrir þessa löngu, árangursríku samvinnu og traustið sem okkur hefur verið sýnt. Við erum stoltir af því að vera mikilvægur samstarfsaðili Landsvirkjunar og hlökkum til áframhaldandi samvinnu.

Voith Hydro GmbH & Co. KG
Heidenheim, Þýskaland

www.voith.com/hydro

A Voith and Siemens Company

VOITH
Engineered Reliability

# Við getum ekki verið fílabeinsturn

Jón Atli Benediktsson tók við embætti rektors Háskóla Íslands í gær. Hann segir að fjármögnun háskólans verði sett í forgang og að samfélagsleg ábyrgð háskólans sé gífurlega mikilvæg. Hann lítur ritstuld innan háskólans alvarlegum augum og telur ábyrgð skólans mikla.



Stefán Rafn Sigurbjörnsson
stefanrafn@frettabladid.is

„Til þess að efla háskólann sem rannsóknar- og kennsluháskóla þarf aukið fjármagn. Ég vil fara í samtal við ríkið um fjármögnunina. Það er lykilatriði,“ segir Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands.

Jón Atli tók við sem rektor Háskóla Íslands af Kristínu Ingólfsdóttur við hátíðlega athöfn í háskólanum í gær.

Hann hefur lagt áherslu á að byggja upp alþjóðlega samkeppnishæfan rannsóknar- og kennsluháskóla en rauði þráðurinn var fjármögnun skólans sem hefur fundið fyrir miklum niðurskurði undanfarin ár.

Hann ætlast til að ríkið greiði með öllum nemendum skólans en er tilbúinn að leita lausna til að tryggja viðunandi fjármagn.

„Við gerum ráð fyrir að greitt verði með þeim nemendaígildum sem gert er ráð fyrir hverju sinni. En við útilokum ekki samtal við ríkið um hversu mörg nemendaígildin eru á hverjum stað. Ég held að það sé alveg sjálfsagt að ræða þau mál,“ segir hann.

Jón segir að skólinn eigi að vera opinn sem flestum en nefnir að í sumum tilfellum þurfi að koma upp kerfi til að tryggja gæði námsins.

„Það eru þarna ýmis atriði sem þarf að skoða. Hversu margir nemendur eru teknir inn, hversu margir kennarar eru, hvernig rými höfum við, hvernig getum við skipulagt okkur. Ef við erum algerlega óheft gæti það komið niður á gæðunum. Í prinsippinu er ég fyrir opinn háskóla en við getum hafið samtal um þetta.“

Samfélagsleg ábyrgð Háskóla Íslands er Jóni hugleikin og hann segir háskólann þurfa að vera virkan í umræðunni.

„Hrunið varð og Háskóli Íslands tók inn um áramót alla sem inn vildu koma, ef þeir uppfylltu inntökuskilyrðin,“ segir hann. „Það er að hluta til samfélagsleg ábyrgð af því að fleiri komust inn en búist var við. Samfélagslegt gildi háskólans er gríðarlega mikilvægt, það er stundum sagt að Hugvísindasvið sé stærsta menningarstofnun á Íslandi ásamt Ríkisútvarpinu. Háskóli Íslands er að mestu leyti greiddur af íslenskum skattgreiðendum sem þýðir að við getum ekki verið einhver fílabeinsturn. Við erum hérna fyrir samfélagið.“

Háskólinn hefur lengi haft það að markmiði að verða einn af 100 bestu háskólum heims en hann komst fyrir nokkrum árum á lista Times Higher Education yfir 300 bestu skóla heims.

„Þetta var sett fram sem langtímamarkmið. Ef við erum með illa fjármagnaðan skóla er það vonlaust mál. Þetta er ákveðin viðurkenning auðvitað þó svo að aðferðafræðin sé stundum gagnrýnd fyrir hvern lista fyrir sig. Að vera á þessum lista eykur sýnileikann, eykur verðmæti prófa frá skólanum og þetta skiptir máli þó það sé ekki það eina sem skiptir máli,“ segir hann.

Fyrir skemmstu greindi Fréttablaðið frá því að upp hefðu komið ritstuldarmál innan háskólans. Jón Atli lítur slík mál alvarlegum augum.

„Svona mál eru mjög margþætt,“ segir hann. „Það þarf að skoða hvert tilvik fyrir sig. Fyrst og fremst er nemandinn ábyrgur fyrir sínum verkum. Það er mikilvægt að leysa málin sem fyrst innan deildarinnar og að leiðbeinendur beri ábyrgð. Ábyrgð háskólans er talsverð í svona málum og við verðum að taka þetta alvarlega.“

Þá hefur það gerst að fræðimenn við háskólann hafi greitt fyrir birtingar í svokölluðum gervifræðiritum.

„Vísindin eða greinarnar geta staðið fyrir sínu þótt þær séu birtar á vettvangi sem er kannski ekki bestur í heimi eða greitt er fyrir birtingar,“ segir hann. „Almennt, í okkar kerfi, er það þannig að það eru fleiri ritstig gefin fyrir greinar sem birtast í tímaritum þar sem er hár áhrifastuðull eða útgefandi sem skiptir máli. Ef einhver ákveður að birta með þessum hætti og greiða fyrir það þá þarf að taka á einstaka tilfellum.“



**REKTOR OG ROKKÁHUGAMAÐUR** Jón Atli er mikill plötusafnari en um þessar mundir er hann að vinna sig í gegnum Talking Heads á spilaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hlébarðabuxur í pönkinu

Jón Atli er mikill tónlistaráhugamaður en hann ólst upp við að hlusta á Rolling Stones og Bítlana. „Ég fékk einu sinni spurninguna í Harmageddon: Bítlarnir eða Rolling Stones? Þá sagði ég bara að það væri ekki hægt að gera upp á milli þeirra,“ segir Jón. Hann tók einnig tímabil í pönksenunni en segist ekki hafa verið sá allra versti. „Ég gekk um í hlébarðabuxum og var mikil Clash-aðdáandi, Sex Pistols og allt það. Ég var samt ekki sá allra versti, ekkert að þefa límið eða neitt þannig,“ segir Jón Atli og hlær.






**Fylltu á rafbílinn með Orku náttúrunnar**

Nú liggur straumurinn í rafbílana og þess vegna hefur Orka náttúrunnar opnað **10 hraðhleðslustöðvar** fyrir rafbíla á rúmu ári. Þannig leggjum við hinni hljóðlátu samgöngubyltingu lið og stuðlum að vistvænum samgöngum.

Kynntu þér staðsetningu hraðhleðslustöðvanna og kosti rafbíla á heimasíðu okkar **on.is**

**ORKA NÁTTÚRUNNAR** · Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn um allt land og sér höfuðborgarbúum fyrir heitu vatni. Við nýtum auðlindir af ábyrgð til að bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

ON
ORKA NÁTTÚRUNNAR

# SALE

ESPRIT

## ÚTSALA

HEFST Í DAG!

**30% - 50%**

afsláttur af
útsöluvörum

ESPRIT SMÁRALIND



**LANDSPÍTALINN** Yfirvinna hjúkrunarfræðinga er um tvö til fjögur prósent af heildarviðveru. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORKELL

Mismunandi starfshlutfall skapar sveigjanleika:

# Yfirvinnan nær eins allt frá árinu 2010

**HEILBRIGÐISMÁL** „Flestir eru í stóru stöðuhlutfalli, eða 80 til 90 prósent, og yfirvinnan er mjög lítið hlutfall af laununum, um þrjú til fjögur prósent,“ segir Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans.



**PÁLL MATTHÍASSON**

„Staðan er ekki þannig að fólk er í lítilli stöðuprósentu til að taka aukavaktir á móti.“

Yfirvinna var um tvö til fjögur prósent af heildarviðveru hjúkrunarfræðinga á Landspítalanum á tímabilinu 2010 til 2014. Fjölgun yfirvinnutíma er varla teljandi á tímabilinu en þó er örlítil aukning.

„Yfirvinnuprósenta er lág en hefur aukist eitthvað undanfarin ár og hefur aukist með auknum bráðleika sjúklinga sem skapar aukið álag,“ segir Páll.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að flestir hjúkrunarfræðingar á Landspítalanum vinna í eða undir 90 prósenta vinnu.

Páll segir mikið álag að vera í fullri vinnu á spítalanum og að það henti ekki öllum. Hlutastarf henti mörgum starfsmönnum en einnig spítalanum.

„Það hentar spítalanum ágætlega að hafa fólk ekki kannski alveg hundrað prósent. Við þurfum vaktir til dekka allan sólarhringinn og það hentar í sjálfu sér að hafa fólk í einhverjum brotum til að raða saman. Og það er ákveðin þörf fyrir sveigjanleika.“

Páll segir svokallaða breytilega yfirvinnu vegna óvæntra útkalla skýra stóran hluta yfirvinnu á spítalanum en hún er einnig ein ástæða þess að spítalinn fari yfir á fjárlögum.

„Það tengist oft álagi sem óbeint tengist mönnun, sem ekki er eins góð og hún þyrfti að vera. Tökum sem dæmi á vökudeildinni var gífurlegt álag allt síðasta ár og þar er takmarkaður fjöldi hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra sem hefur sérhæfða menntun til að sinna störfum á vökudeild. Og þegar álagið hélt áfram á sumarleyfistímum þurfti að kalla út fólk og kalla fólk úr sumarleyfum einfaldlega til að bjarga mannslífum.“

Páll segir að til að bæta ástandið á spítalanum þurfi mun betri mönnun í sérhæfð störf.

„Okkur hefur sýnst að það vanti, ef við ætlum að manna eins og við viljum á öllum deildum, 60 til 70 hjúkrunarfræðinga í viðbót. Við þurfum að manna betur en við sjáum fram á skort innan ákveðinna fagstétta á næstu árum.“ - srs

# Slagnum frestað fram til haustsins

Viðræðum stærstu aðildarfélaga BSRB við ríkið hjá ríkissáttasemjara hefur verið frestað fram í ágúst. Náist samningar fyrir lok september gilda þeir afturvirkt frá 1. maí. Óvissuástand vegna lagasetningar og gerðardóms spilar inn í frestunina.

**KJARAMÁL** Viðræðum ríkisins við samninganefnd Sjúkraliðafélagsins, SFR stéttarfélag í almannaþjónustu og Landsamband lögreglumanna hjá ríkissáttasemjara hefur verið frestað til 4. ágúst. Samkomulag er um að náist samningur fyrir lok september þá gildi hann afturvirkt frá og með 1. maí.

Öðrum aðildarfélögum BSRB, sem ekki hafa heldur lokið samningum sínum við ríki og sveitarfélög, býðst að fylgja fordæminu og fresta sínum viðræðum á sama hátt.

Félögin þrjú eru þau stærstu innan BSRB sem semja við ríkið og þau fyrstu innan bandalagsins sem hófu kjaraviðræður, en þau ákváðu að þessu sinni að leggja fram sameiginlega kröfugerð. Telur hópurinn sem samið er fyrir rúmlega 5.200 manns.

Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, segir að sjálfsagt hefði ekki komið til frestunar viðræðna hefði stöðumatið verið þannig að ná mætti saman á næstu sjö til tíu dögum. Að auki sé umhverfi kjaraviðræðnanna um margt óljóst núna, svo sem vegna væntanlegs gerðardóms um kjör BHM, niðurstöðu sem eftir eigi að fást um kjarasamning hjúkrunarfræðinga og við bætist svo málshöfðun félaganna vegna laganna sem sett voru á verkföll þeirra. „Menn voru því ásáttir um að draga andann djúpt, svona yfir hásumarið,“ segir hann.

Hvað varðar rammann sem almenni markaðurinn hefur gengið frá í sínum samningum svarar Árni Stefán því til að þar sé um að ræða afskaplega flókna samninga. „Og menn eru engan veginn sammála um hvað þeir eru yfirleitt að gera og það er mjög mismunandi eftir því hvort fólk er á töxtum, eða svokölluðu markaðslaunakerfi. Þá er verið að færa til launaflokka og taka niður þrep. Við höfum rætt við samninganefnd ríkisins og erum ekki að skilja þessa samninga alveg eins.“

Um leið segir Árni Stefán að sjálfsögðu horft til þessara samninga. En að auki sé líka horft til launaþróunar frá 2011 og launabilsins sem sé á milli opinberra starfsmanna og starfsmanna á opinbera markaðnum. „Sá launamunur er á milli sextán og sautján prósent.“ olikr@frettabladid.is



**Við höfum rætt við saminganefnd ríkisins og erum ekki að skilja þessa samninga alveg eins.**

*Árni Stefán Jónsson, formaður SFR*

## ➜ Vaktafyrirkomulag sem verður að breyta



**Eitt eru vaktavinnumál sjúkraliða. Það gengur ekki að vitað sé og viðurkennt af atvinnurekandannum að verið sé að brjóta heila stétt niður í duftið af álagi.**

*Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands*

„Við teljum okkur ekki bundin af einu eða neinu,“ segir **Kristín Á. Guðmundsdóttir**, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, um áhrif þeirra kjarasamninga sem búið er að gera á yfirstandandi kjaraviðræður sem nú hefur verið frestað fram í ágúst. „En við gerum okkur líka grein fyrir því að það er stíft að sækja.“ Hún bendir um leið á að samningur VR við SA sem sagður sé sá rammi sem ríki og sveit vilji miða við sé svo flókinn að fólk muni ekki eftir öðru eins. Þannig hafi verið ólíkur skilningur á því hvað hann þýddi hjá hagfræðingum samninganefndar ríkisins og nefndar SLFÍ, SFR og LL í vikunni. Viðræðum hefur nú verið frestað til ágústbyrjunar. „Við vonumst til þess að það hafist og reynum að vera bjartsýn,“ segir Kristín, en bætir um leið við að taka þurfi á mörgum öðrum málum og alvarlegum í viðræðunum. „Eitt er vaktavinnumál sjúkraliða. Það gengur ekki að vitað sé og viðurkennt af atvinnurekandanum að verið sé að brjóta heila stétt niður í duftið af álagi.“ Kristín segir ekki ganga upp að undirritaður verði samningur öðruvísi en eitthvað sé komið til móts við stéttina í þeim efnum. „Og sama á við um vaktavinnukafla hinna stéttanna, hvort sem það er lögreglan eða SFR.“ Misjafnt sé þó á hverju brjóti. Sjúkraliðar séu kvennastétt sem sé haldið eins og nútímaþrælum. „Þær eru hafðar í lítilli starfsprósentu til að hægt sé að dreifa þeim eins og mý á mykjuskán út um allar vaktir.“




## Funda um efnahagsmál og viðskipti



**HEIMSÓKN** Forsætisráðherra Kína, Li Keqiang, kom til Frakklands í gær og markar koma hans upphaf þriggja daga heimsóknar. Li fundaði í gær með François Hollande, forseta Frakklands, og voru viðskipti ríkjanna tveggja sem og umhverfismál í brennidepli. NORDICPHOTOS/AFP

# ÚTSALA

# 40%
TIL
# 70%

## AFSLÁTTUR

af útsöluvörum í fatnaði, skóm og heimilisvöru

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng
& Eiðistorg
og á Akureyri
í sumar!

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# SKOÐUN

Áfangi í skipulagi höfuðborgarsvæðisins.

## Framtíðarsýn

Fagna ber þeim merku tímamótum sem urðu í vikunni þegar sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu kynntu Höfuðborgarsvæðið 2040, sameiginlega sýn á þróun byggðar, vatnsverndar og samgangna á svæðinu. Markmiðið er sagt vera að á höfuðborgarsvæðinu þróist nútímalegt borgarsvæði sem laði að bæði fólk og fyrirtæki. Gert er ráð fyrir að íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölgi um 70 þúsund á næstu 25 árum og ljóst að við því þurfti að bregðast.




**Óli Kristján Ármannsson**

olikr@frettabladid.is


Oft hefur virst sem samtal hafi skort þegar sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa ráðist í framkvæmdir eða uppbyggingu innan sinna marka og nágrönnunum gert að laga sig að orðnum hlut. Að komið skuli fram skipulag þar sem ómarkviss útþensla byggðar er stöðvuð og stefnt að skilvirku kerfi almenningssamgangna sem styður við bæði mannlíf og uppbyggingu á svæðinu er því meiriháttar sigur í sögu höfuðborgarsvæðisins og gefur fyrirheit um bjartari framtíð.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, hefur bent á að leiðirnar í samgöngumálum séu þrjár og misdýrar. Halda megi áfram á sömu leið með uppbyggingu mislægra gatnamóta og ámóta mannvirkja, en það kosti nálægt 200 milljörðum króna. Léttlestarleið lækki verðmiðann í um 90 milljarða og svokallaðri hraðvagnaleið fylgi kostnaður upp á 40 til 50 milljarða.

Mögulega þarf þarna að kosta einhverju til svo að árangurinn megi verða sem bestur. Bent hefur verið á að þótt hraðvagnaleið fylgi sveigjanleiki sem geti verið ákjósanlegur, svo sem í að breyta leiðum, þá sé líka kostur að með uppbyggingu léttlestarkerfis sé vitað til lengri tíma hvernig skipulagi verði háttað. Þannig gætu fjárfestar rólegir lagt peninga í hótel við skiptistöð léttlestar í fullvissu um að leiðinni verði ekki fyrirvaralítið rótað eitthvert annað.

Í fréttum Útvarps í fyrradag sagði Dagur líka ljóst að kostnaður við uppbygginu nýrra almenningssamgangna yrði að koma af samgönguáætlun ríkisins þó að sveitarfélögin gerðu ráð fyrir að koma að einhverju leyti að málum líka. „Hugsunin er sú að þetta komi þá í staðinn fyrir aðrar dýrar fjárfestingar í samgöngukerfinu sem ekki eru taldar skila jafnmiklum árangri í að dreifa umferðinni vel, stytta biðtíma á stofnleiðum og svo framvegis,“ sagði hann. Léttlestarhugmyndirnar komi betur út en hefðbundnar stofnfjárfestingar í mislægum gatnamótum og slíkum lausnum.

Þá kemur fram í Fréttablaðinu í gær að Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafi gert samkomulag við Vegagerðina um sameiginlega vinnu og mótun, úrvinnslu og framkvæmd verkefnisins. „Ef við höldum áfram að ferðast eins og við gerum í dag þar sem 76 prósent ferða eru farin á bíl þá lendum við í vandræðum,“ segir Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri nýja svæðisskipulagsins.

Verkefnið er risastórt og enn hefur ekki verið gengið frá því hvernig ríkið fái stutt við höfuðborgarsvæðið í þeirri uppbyggingu sem er fyrir dyrum. Tæpast er annars að vænta en að forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar fagni þeim stórhug sem finna má í nýja svæðisskipulaginu og leggist á árar með þeim sem hér vilja byggja upp borgarbrag sem virðist geta orðið á við það besta sem þekkist úr erlendum borgum.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*.
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tragíkómísk írónía

Eftir að frumvörp ríkisstjórnarinnar um stöðugleikaskatt og afnám gjaldeyrishafta litu dagsins ljós hafa stjórnarandstæðingar verið duglegir við að væna stjórnina um vinskap við kröfuhafa. „Það er svo tragíkómísk írónía af kaldhæðnustu sort að það skuli vera undir forystu Sigmundar Davíðs sem ríkisstjórn leggur til að Alþingi gefi kröfuhöfum kost á stærsta skattaafslætti í Íslandssögunni. Önnur írónía, engu minni, er að afslátturinn til kröfuhafa er fimmföld sú upphæð sem notuð var til að leiðrétta húsnæðisskuldirnar,“ sagði Össur Skarphéðinsson í uppfærslu á Facebook-síðu sinni.

### Allt gefið eftir

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, var hreint ekki sammála Össuri Skarphéðinssyni en hún svaraði í sömu mynt í umræðum á þinginu í gær. „Það fór afskaplega mikið fyrir brjóstið á hæstvirtum þingmanni Össuri Skarphéðinssyni þegar ég sagði síðustu ríkisstjórn hafa verið ríkisstjórn kröfuhafa. Það var verið að sækja um ESB, það átti að koma Icesave yfir á herðar almennings. Það var gefið allt eftir varðandi kröfuhafana,“ sagði hún, handviss um ágæti eigin ríkisstjórnar.





### Kjarkur eða kjölturakkaháttur

Ljóst er að báðar ríkisstjórnir hafa að nokkru leyti stigið í vænginn við erlenda kröfuhafa og karp um hvor sé meiri daðrari er orðið yfirgengilega þreytt. Á meðan þjóð eins og Grikkir stendur í róstusömum átökum við lánardrottna sína í Evrópu er íslenskum stjórnvöldum lítið til vorkunnar. Hvað þá heldur þegar Tsipras, forsætisráðherra Grikkja, biður þjóð sína að bíta í skjaldarrendur og býður kröfuhöfum birginn með þjóðaratkvæðagreiðslu. Íslensku ríkisstjórnirnar tvær eru sem kjölturakkar kröfuhafa í samanburði við þá grísku. Það er bara spurning hvort kjarkur eða kjölturakkaháttur sé til þess fallinn að verða almenningi til gagns.

stefanrafn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Markmið leiðréttingarinnar náðust

FJÁRMÁL




**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**

forsætisráðherra


Í skýrslu fjármála- og efnahagsráðherra um niðurfærslu verðtryggðra fasteignalána sést svart á hvítu hversu vel hefur tekist til við leiðréttinguna. Hvert orð sem sagt var um leiðréttinguna hefur staðið eins og stafur á bók. Hvert skref var í samræmi við áætlun. Ástæða er til að þakka þeim stóra hópi sem gerði þetta verkefni að veruleika.

Leiðréttingin kemur til af forsendubresti og varð að helsta kosningamáli alþingiskosninga árið 2013 eins og flestir muna. Þeir sem urðu fyrir tjóni vegna ófyrirséðrar hækkunar á höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána fá tjónið bætt, óháð „stétt eða stöðu“. Fyrir þessari aðgerð eru 1) réttlætisrök – almenningur varð fyrir forsendubresti og sértækar aðgerðir skiluðu takmörkuðum árangri, 2) jafnræðisrök – lánaform á ekki að ákvarða örlög heimila, 3) sanngirnisrök – tjón almennings af bankahruninu var verulegt og 4) efnahagsleg rök – há skuldsetning heimila dregur úr krafti efnahagslífsins.

Leiðréttingin byggir á samspili beinnar niðurfærslu höfuðstóls og skattleysis séreignarsparnaðar til lækkunar höfuðstóls húsnæðislána. Þeir sem nýta báða liði leiðréttingarinnar geta lækkað húsnæðisskuldir sínar um rúmlega 20%.

Leiðréttingin leiðir einnig til tekjujöfnuðar enda kemur hún hlutfallslega langbest út fyrir þá tekjulægri. Hún líkist mest krónutöluhækkunum í kjarasamningum. Leiðrétting þeirra 10% sem lægstar hafa tekjurnar nemur rúmlega 60% af árstekjum þeirra en um 8% hjá þeim 10% sem hæstar hafa tekjurnar. Dreifing leiðréttingarinnar eftir tekjum er til muna jafnari en dreifing fyrri úrræða, svo sem 110% leiðarinnar.

Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, hvort heldur þeir tjá sig á þingi eða á leiðarasíðu Fréttablaðsins, eiga erfitt með að sætta sig við velheppnaða leiðréttingu. Tveir hinna herskárri skrifa um málið á síðunni í gær. Stjórnarandstöðudálkurinn „Frá degi til dags“ heldur fram þeim hreinu ósannindum að leiðréttingin renni að mestu til hátekjufólks (raunin er þveröfug – ólíkt 110% leiðinni) og í leiðara er fullyrt að fjármagn til leiðréttingarinnar hafi ekki verið sótt til kröfuhafa eins og lofað hafði verið. Hvernig menn geta fengið þetta út er mér hulin ráðgáta. Bankaskattur á slitabú fallinna fjármálafyrirtækja var lagður á til að brúa það bil í tíma sem yrði á milli lausnar á vanda þjóðarbúsins vegna slitabúa bankanna og leiðréttingarinnar. Nú liggur hins vegar fyrir að svigrúmið, sem margir töldu fyrir kosningar að væri sjónhverfingar einar, er meira en fyrirheit voru gefin um fyrir kosningar. Það liggur líka fyrir að það var miklu meira en nóg til að standa undir lækkun skulda heimilanna, rétt eins og lofað var fyrir kosningar.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Enn geta ábyrgir stjórnmálamenn (ef til?) afstýrt stórslysi við Hringbraut

SKIPULAG



Sigurður Oddsson
verkfræðingur

Hvers vegna er ég að skrifa greinar um byggingu spítala? Kemur mér eitthvað við, hvar hann verður byggður? eru spurningar, sem ég hefi oft velt fyrir mér. Kannski er svarið innibyrgð reiði, sem brýst út í greinaskrifum og þá helst gegn stjórnmálamönnum, sem sóa almannafé, eins og þeir eigi það sjálfir skuldlaust. Fyrir 40 árum kom ég inn í rekstur með föður mínum. Hann var í samkeppni við miklu stærra fyrirtæki, sem hafði SH og Shell að bakhjarli. Staðan virtist vonlaus. Frá upphafi lögðum við allt að veði og vinnudagurinn var langur. Á sama tíma fylgdist ég með ýmsum koma beint úr skóla inn í fyrirtæki og stofnanir frá 9 til 5 með góð laun útborguð fyrsta dag mánaðar. Ábyrgð virtist ekki mikil. Gátu hætt, þegar þeim sýndist og ýmsir fóru í pólitík.

Eftir harða samkeppni í 25 ár vorum við komnir í framtíðarhúsnæði, búnir að panta og fjármagna plastframleiðsluvélar á kaupleigu hjá Glitni. Þá fór risinn á knén, þrátt fyrir að Sjóvá og nokkrir lífeyrissjóðir hefðu bæst í hluthafahópinn. Útslagið gerði að viðskiptabanki hans átti Glitni, sem rifti kaupleigusamningnum fyrirvaralaust og að ástæðulausu.

Það mætti skrifa heila bók um það að hafa ekki fengið í friði að byggja áfram upp eigið fyrirtæki, af því að það gekk of vel. Læt nú nægja að hafa eftir það, sem Ragnar Hall sagði: „Frændi, þetta eru mestu fantabrögð, sem ég hefi séð og hefi ég margt séð.“

Í rekstri einkafyrirtækja bera eigendur ábyrgð á fjárfestingum og geta misst allt sitt. Best er að skulda sem minnst og nota hagnað til að auka umsvifin í stað þess að greiða vexti, sem á Íslandi eru okurvextir. Til þess fallnir að hamla gegn uppbyggingu og kynda undir verðbólgu.

**Enginn ber ábyrgð**

Í rekstri ríkisstofnana eru teknar pólitískar ákvarðanir, sem enginn ber ábyrgð á. Gangi dæmið ekki upp er heimtað meira framlag frá ríkinu. Þeir sem réðu ferðinni og ættu að bera ábyrgðina eru löngu farnir. Komnir á háu eftirlaunin. Allt á kostnað Jóns og Gunnu. Þannig hefur það verið með RÚV og nú skal byggður spítali, sem enginn er ábyrgur fyrir.

Kostir spítala í Fossvogi frekar en við Hringbraut eru miklir. Kostnaðurinn er svo miklu lægri, að Sigmundur þarf ekki einu sinni að taka upp penna til að reikna á servéttunni. Svo eru allir hinir kostirnir í bónus. Síðast en ekki síst er í Fossvogi hægt að byggja miklu betra sjúkrahús til framtíðar. Verði haldið áfram á sömu hringavitlausu brautinni mun kostnaður ríkisins við reksturinn verða þungur klafi næstu kynslóða.

Skömmu eftir tillögu Sigmundar um nýtingu RÚV-lóðar var Bjarni spurður um orð Sigmundar. Bjarni sagðist ekki hafa kynnt sér mál spítalans vel. Ég hygg að sama sé að segja um flesta aðra þingmenn núverandi og fyrri stjórnar. Þeim finnst óþarfi að eyða tíma í að kynna sér eitthvað, sem aðrir hafa ákveðið og þeir telja sig ekki bera ábyrgð á. Er einhver ástæða fyrir þá að setja sig inn í málið, þegar verkfr. og frkvstj. Rekstrarsviðs LSH, Ingólfur Þórsson, segir í Mbl.: „Fljótlegast, ódýrast og skynsamlegast að byggja nýjan Landspítala við Hringbraut“? Ýmsir telja líka tíma sínum betur varið í að auka virðingu Alþingis með bættri fundarstjórn þingsins.

Ég treysti því að forsætisráðherra, Sigmundur Davíð, axli ábyrgð og skipi nefnd, sem geri raunhæfan samanburð á Fossvogi og Hringbraut. Nefnd sem ekki fær skipun um fyrirfram ákveðna niðurstöðu líkt og Rögnunefndin. Hjálmar Sveinsson, formaður skipulagsstofnunar Reykjavíkurborgar, segir að ein flugbraut sé ekki lengur á skipulagi. Það þýðir að Reykjavíkurflugvöllur er ekki valkostur hjá Rögnunefndinni.

Þrátt fyrir góð viðbrögð við greinaskrifum mínum hafði ég ákveðið að nú væri komið nóg. Þá fékk ég eftirfarandi hvatningu á tölvupósti:

*„Sæll Sigurður,*
Sá grein eftir þig í Fréttablaðinu í morgun varðandi staðsetningu nýs spítala. Er alveg sammála þér varðandi Fossvoginn. Kynnti mér á sínum tíma rökin sem lögð voru fram fyrir Hringbraut og fannst þau ósannfærandi. Hvorki borgin, HÍ né forysta LSH hefur lagt fram sterk rök fyrir þessari staðsetningu. Nú vilja þeir ekki hætta við út af því að búið er að leggja peninga í hönnunarkostnað. Átta sig ekki á að þetta er sokkinn kostnaður og á ekki að ráða framhaldinu. Ég er sannfærður um að mun ódýrara yrði að byggja upp í Fossvoginum, bæði minni startkostnaður og svo til framtíðar. Hvet þig til að halda áfram að hamra á þessu.“

Ekki veldur sá er varar. Í samantekt í lengri útgáfu greinarinnar, sem birtist á Vísi, er rökstutt, að spítalinn sé betri í Fossvogi. Sama hvernig á málið sé litið. Það er ekki eitt heldur allt.

Skoðanakönnun! Veljir þú í lok greinar að þér líki hún þá þýðir það, að þú viljir að stjórnvöld láti gera raunhæfan samanburð á Hringbraut og Fossvogi.

visir.is
Sjá lengri útgáfu greinarinnar á Vísi.



# Kjör aldraðra og öryrkja skert ítrekað

KJÖR ALDRAÐRA



**Björgvin Guðmundsson**
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara, Rvk.

Hvað eftir annað hafa kjör aldraðra og öryrkja verið skert. Stjórnvöld hafa ítrekað höggið í sama knérunn, látið lífeyrisþega sitja á hakanum í kjaramálum. Það er ef til vill of sterkt að segja, að níðst hafi verið á öldruðum og öryrkjum. En það vantar ekki mikið á, að svo hafi verið.

### Mikill meirihluti sviptur verðlagsuppbót!

Um áramótin 2008/2009 var verðbólgan tæp 20%. Miðað við það átti lífeyrir aldraðra og öryrkja að hækka um tæp 20%. En þá gerðu stjórnvöld sér lítið fyrir og ákváðu, að aðeins 1/4 hluti lífeyrisþega fengi þessa hækkun. Hinir, 3/4 lífeyrisþega, fengju aðeins 9,6% hækkun lífeyris! Þetta var mikil kjaraskerðing. Og það er ekki farið að leiðrétta hana enn í dag.

### Grunnlífeyrir afnuminn

Á árinu 2009 var enn á ný framin mikil skerðing á kjörum aldraðra og öryrkja. Það var höggið í sama knérunn. Það var ákveðið að svipta hóp lífeyrisþega grunnlífeyri sínum, ákveðið að skerða frítekjumark vegna atvinnutekna og fjármagnstekna og aldurstengd örorkuuppbót var skert. Aðeins hluti þessara skerðinga hefur verið afturkallaður.

### Laun hækka um 16% – lífeyrir 0!

Árin 2009 og 2010 hækkaði kaup láglaunafólks um 16%. Á sama tíma hækkaði lífeyrir aldraðra og öryrkja ekki um eina krónu! Stjórnvöld settu laun (lífeyri) lífeyrisþega í frost. Það var höggið í sama knérunn. Í janúar 2011 hækkaði lífeyrir lægst launuðu eldri borgara um 2,3%! Það var langt undir verðbólgunni. Það var höggið í sama knérunn.

### Laun hækka um 10,3% – lífeyrir um 6,5%!

Árið 2011 voru gerðir nýir kjarasamningar á almennum markaði: Hækkuðu lægstu laun um 10,3% í júní 2011. En samt voru lægstu bætur aldraðra og öryrkja aðeins hækkaðar um 6,5%! Það var því haldið áfram að höggva í sama knérunn.

Um áramótin 2011/2012 hækkuðu lægstu laun um 6% en lífeyrir aldraðra og öryrkja hækkaði aðeins um 3,5%. Það var höggið í sama knérunn.

Í janúar 2013 var lífeyrir aldraðra og öryrkja hækkaður um 3,9% en miðað við hækkun launa og verðlags átti hann að hækka um 5,4%. Það var höggið í sama knérunn.

Í janúar 2014 var verðbólgan 4,2% og laun höfðu hækkað um 5%. En það var klipið af lífeyri aldraðra og öryrkja. Hann hækkaði aðeins um 3,6%. Það var höggið í sama knérunn.

### Lægstu laun hækka um 27% – lífeyrir 0

Árið 2015 sömdu verkalýðsfélög ófaglærðs verkafólks um að lægstu laun skyldu hækka í 300 þús. kr. á mánuði á þremur árum? Það er 27% hækkun á byrjunarlaunum. En fjármálaráðherra hafnaði því á Alþingi, að aldraðir og öryrkjar fengju hækkun á sínum lífeyri. Það var höggið í sama knérunn og lífeyrisþegum neitað um kjarabætur, þegar allur þorri launþega var að fá kjarabætur. (Iðnaðarmenn og hjúkrunarfræðingar hafa einnig samið).

**➜ Oft hefur framkoma stjórnvalda við lífeyrisþega verið slæm en sjaldan eins neikvæð og nú ...**

Oft hefur framkoma stjórnvalda við lífeyrisþega verið slæm en sjaldan eins neikvæð og nú, þegar nánast allir í landinu eiga að fá kjarabætur nema aldraðir og öryrkjar! Mig skortir orð til þess að lýsa þessari framkomu. Hún er óásættanleg. Það verður að hnekkja ákvörðun fjármálaráðherra.

# „Núll prósent"!

FJÁRMÁL



**Hjalti Þórisson**
lánþegi

Undarlegt málavafstur hefur staðið um verðtryggð lán nú um stundir. Því er haldið fram að lántakendur slíkra lána hafi ekki verið upplýstir um hvað felst í lántöku þeirra.

Fundið er að því, að við lánveitingar hafi ekki átt að „miða við núll prósent verðbólgu", eins og það er orðað, við kynningu á greiðsluáætlun – það sé villandi og gefi ranga mynd.

Um þetta er það að segja, að ekki er um verðlagsspá að ræða þegar greiðsluáætlun er reiknuð og sett fram, heldur er það einfaldlega reiknigrunnur lánanna, það nafnverð sem lánað er; þær krónutöluupphæðir sem umreiknast og verðbætur reiknast á á lánstímanum; það er reiknigrunnur sem alltaf hlýtur að vera til staðar. Engin önnur aðferð er til og slíkt er ekki „röng upplýsingagjöf" – þvert á móti. Slík greiðsluáætlun tilgreinir nákvæmlega heildarlántökukostnað verðtryggðra lána með föstum vöxtum á raunvirði, þ.e. núvirði.

Það hlýtur því að vera einhver misskilningur á ferðinni varðandi „ráðgefandi álit" Efta-dómstólsins ef skilja ber það þannig að miða eigi við einhverjar verðlagsviðmiðanir við gerð reiknigrunns lánanna.

Verðtryggðir lánasamningar tiltaka grunnvísitölu, sem reiknigrunnurinn er bundinn við og greina frá því að nafnverðsupphæðir uppreiknist samkvæmt greiðsluvísitölu á hverjum tíma. Í þessum upplýsingum og tilvísunum í vísitölur er verðtryggingin fólgin og varnaður þar með gerður um að breytingar kunni að verða á krónutölu eftirstöðva, sem og við innheimtu á gjalddögum, miðað við gildandi greiðsluvísitölu. Það er því fjarri öllum sanni að miðað sé við núll prósent verðbólgu. Engu er um hana spáð, enda er það óábyrgt og ógerlegt, aðeins gert ráð fyrir verðlagsbreytingum – sem alkunna er. Ógerningur er að tilgreina endanlegar krónutölur og fjarstæðukennt að ætlast til þess.

### Mótsögn

Eina rétta og gerlega aðferðin við að vinna greiðslumat er að gera það á nafnverði (– miða við núll prósent verðbólgu, ef mönnum þóknast að orða það svo). Sú aðferð er verðtryggð í eðli sínu – hún er núvirt. Greiðslumatið miðast þá við tekjur (kaupgjald) á sama tíma – og lánveitingin við gildandi fasteignaverð ef um veðlán er að ræða.

Þess er svo vænst, að svipuð þróun verði svo milli verðlags og kaupgjalds sem og fasteignaverðs, enda gengur það að jafnaði eftir.

Fundið er að því, að ekki hafi verið stuðst við svokallaða „árlega hlutfallstölu kostnaðar" að tilskipan EES og neytendalánalöggjafar.

**➜ Eina rétta og gerlega aðferðin við að vinna greiðslumat er að gera það á nafnverði (– miða við núll prósent verðbólgu, ef mönnum þóknast að orða það svo). Sú aðferð er verðtryggð í eðli sínu – hún er núvirt. Greiðslumatið miðast þá við tekjur (kaupgjald) á sama tíma – og lánveitingin við gildandi fasteignaverð ef um veðlán er að ræða.**

Um hlutfallstölu kostnaðar segir í lögum um neytendalán að hún eiga að „jafna núvirði" eins og það er orðað. Úr því er ekki unnt að lesa annað en að kostnaður skuli núvirtur. Núvirði þýðir „fast verðlag". Eigi að síður segir um verðtryggð lán, að kostnaður eigi ekki að miðast við fyrirfarandi „ársverðbólgu". Þetta virðist hrein og bein mótsögn; þarna er ekki um núvirði að ræða.

Allar hagstærðir eru miðaðar við fast verðlag þegar raunvirði þeirra er metið, svo er um þjóðhagsreikninga og eins þegar raunvextir eru metnir á svokölluðum „óverðtryggðum lánum". Svo verður að ætla, að raunverulegt mat á „kostnaði" hljóti einnig að miðast við fast verðlag; átt sé við „raunkostnað" enda er það beinlínis tekið fram að um núvirðingu skuli vera að ræða, annað stenst enga skoðun. Hlutfallstala kostnaðar tekur sýnilega ekki tillit til verðrýrnunar gjaldmiðilsins og raunvirðis en „einblínir" á krónutölur.

Sé hlutfallstala kostnaðar núvirt gefur hún nánast sömu niðurstöðu og vaxtaprósentan á lánum með fasta vexti og bætir naumast neinum upplýsingum við kostnaðarmatið.

Hvað varðar lán með breytilegum vöxtum er hlutfallstalan hins vegar verulega óáreiðanleg viðmiðun um greiðslubyrði, þar sem miða skal við gildandi vexti þá og þá stundina sem lán er veitt. Hún veitir því enga vísbendingu um hina sveiflukenndu greiðslubyrði þeirra. Ætla verður að ekki sé gerð síðri krafa um fyrirsjáanleika á slíkum lánum en hinum verðtryggðu.

**visir.is**
Sjá má lengri útgáfu greinarinnar á Vísi.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi.
Sendu greinina þína á **greinar@visir.is**
og við komum henni á framfæri hið snarasta.

# Sá á kvölina sem á völina

JAFNRÉTTI



**Stella Á. Kristjánsdóttir**
verkefnisstjóri

100 ár eru liðin frá því að konur 40 ára og eldri fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis og gaman er að gleðjast yfir áföngum sem hafa náðst í kynjajafnrétti en eins að skoða hvaða hindranir eru enn í veginum til að staða kynjanna sé jöfn. Konur á Íslandi standa vel að vígi þegar kemur að kynjajafnrétti og þær verið frumkvöðlar á mörgum sviðum vegna ötullar baráttu kvenna sem og jafnréttissinnaðri þjóð. Það þarf að bæta viðhorf samfélagsins til kvenna og að virðing og fyrir konum sé sú sama og fyrir körlum.

Það er undarlegt hvað karlar virðast eiga auðvelt með að koma sér á framfæri og fá stuðning karla sem kvenna þegar þeir bjóða sig fram til ábyrgðarstarfa. Það hefur vakið furðu mína að karlar séu formenn þriggja stórra stéttarfélaga þar sem konur eru í meirihluta félagsmanna. Konur þurfa að spyrja sig krefjandi spurninga og líta í eigin barm ef þær vilja stuðla að jafnri stöðu kynjanna. Hvað veldur því að konur kjósa síður konur til áhrifastarfa og þegar það gerist þá er það enn þá undantekningin sem sannar regluna. Treysta konur ekki kynsystrum sínum til góðra verka, að láta hlusta á sig, að vera ákveðnar og rökfastar og að vera í forsvari á opinberum vettvangi?

Að sama skapi er það umhugsunarefni ef konur sækjast síður eftir áhrifastöðum og finna ekki fyrir sambærilegum stuðningi og karlar. Formaður Félags grunnskólakennara hefur verið karl fyrir utan eina undantekningu í marga áratugi. Var staðan þannig að engin kona bauð sig fram til formennsku þegar kosið var síðast um formann hjá Félagi hjúkrunarfræðinga, grunnskólakennara og leikskólakennara þar sem konur eru í kringum 90-99% félagsmanna? Það er þá enn ein birtingarmyndin á ójafnri stöðu kynjanna á 21. öldinni og er valdletjandi fyrir konur og særir mitt femíníska hjarta.

### Á herðum kvenna

Fjölmiðlar eru yfirfullir af körlum sem viðmælendum, greinahöfundum og álitsgjöfum. Konur þurfa að nota öll tækifæri sem gefast til að auka sýnileika kvenna í fjölmiðlum og ein leið til þess er að kjósa konur til áhrifastarfa og að auka þannig möguleika á að rödd og viðhorf kvenna heyrist til jafns við hinn helminginn af mannkyninu. Þeir sem starfa á fjölmiðlum kvarta undan því að erfitt sé að fá konur í viðtöl og þarna kemur að okkur sjálfum, við þurfum að þora, vilja og geta eins og sungið var á kvennafrídaginn 1975. Það eru ekki góð skilaboð til samfélagsins og sér í lagi ungu kynslóðanna, að konur sjáist og heyrist ekki til jafns á við karla í fjölmiðlum og að þær séu ekki jafn virkar á öllum sviðum samfélagsins.

Förum vel með kosningarétt okkar og hugum vel að því hvaða afleiðingar val okkar hefur fyrir ímynd kvenna og valdastöðu kvenna innan samfélagsins og jafnari stöðu kynjanna. Konur, spyrjið ykkur næst þegar þið notið kosningarétt ykkar hvort, þegar til lengri tíma er litið, atkvæði ykkar stuðli að framþróun í jafnréttismálum kynjanna. Samtakamáttur kvenna og barátta fyrir kynjajafnrétti mun hvíla fyrst og fremst á herðum kvenna við að efla virðingu og völd kvenna.

# Að lifa með geðsjúkdóm – hvað getur hjálpað?

HEILBRIGÐISMÁL



**Eymundur Eymundsson**
meðlimur í Grófinni og ráðgjafi frá Ráðgjafaskóla Íslands

Að rjúfa einangrun þar sem hver og einn kemur á eigin forsendum og hefur tækifæri til að bæta sín lífsgæði með öðru fólki sem stefnir að því sama. Hver og einn finni að hann eða hún er mikilvægur og hefur tækifæri til að vinna í sjálfum sér með öðrum notendum og fagmönnum á jafningjagrunni. Að hægt sé að ná bata og það sé hægt að fara fjölbreyttar leiðir í bataferlinu.

Manneskjan hefur tækifæri til að taka áskorun, efla ákveðni og láta hana í ljós. Ekki síður fyrir aðstandendur sem við þurfum að ná til.

### Hvað hindrar?

Eigin fordómar um að þetta sé ekki fyrir mann sjálfan og maður gefur þessu ekki tækifæri. Maður dæmir hlutina áður en maður lætur á þá reyna. Hræðsla við álit annarra og fordómar í samfélaginu. Á erfitt með að fylgja lýðræði og vill stjórna því hvernig hlutirnir eigi að vera. Þetta geta verið þung skref fyrir marga. En svo aðrir geti hjálpað manni þarf maður fyrst að viðurkenna vandann fyrir sjálfum þér.

### Það sem styður í valdeflingunni

Að sjá aðra manneskju deila sinni reynslu og hvað hafi gefið henni von um betra líf. Gefur þannig öðrum von sem er svo keðjuverkandi. Að rödd manns fær að heyrast og maður nær að vinna með styrkleika sína. Sjá að maður er hluti af hóp og fær stuðning við að takast á við áskoranir og um leið að vinna úr eigin fordómum. Eflir sjálfsmynd og sjálfstraust og stuðlar þannig að þroska og breytingum í sínu lífi. Maður öðlast von og sér tilgang með lífinu og á sér drauma eins og hver annar. Losna við eigin fordóma og öðlast meira frelsi sem þátttakandi í lífinu.

### Hvernig fer samstarfið fram

Tökum það sem þarf að ræða fyrir á vikulegum kjarnafundum hvað er fram undan, hver er til í að taka það að sér, er eitthvað sem við þurfum að bæta, bara allt yfirhöfuð það sem viðkemur starfseminni er rætt á kjarnafundum og hver og einn getur tjáð sína skoðun og látið hana í ljós. Hugmyndir að hópastarfi og fræðslu eru m.a. ræddar líka.

### Verkefnin sem bjóðast

Byrja á því að mæta í kynningu og svo í framhaldi af því er hægt að koma inn í hópastarfið. Nýliðar sleppa kjarnafundum fyrsta mánuðinn meðan þeir eru að kynnast starfinu og fólkinu. Fyrst og fremst að gefa þessu tíma þar sem góðir hlutir gerast hægt. Maður kemur á eigin forsendum og engin kvöð sem fylgir nema vonandi eignast þú betri lífsgæði sem við öll stefnum að á jafningjagrunni.

### Unghugar

Unghugar byrjuðu í janúar 2014 og eru með skipulagsfundi á miðvikudögum kl. 16.00. Sími Unghuga: 8675295. Netfang Unghuga: unghugarnir@gmail.com.

Starfið er ört vaxandi og gott að sjá hvað þetta hefur hjálpað þeim að rjúfa sína einangrun og efla þeirra sjálfstraust en opnir félagsfundir eru hvern miðvikudag kl. 16.00 þar sem starfið er rætt og mótað. Um að gera fyrir ungt fólk að koma og taka þátt í þeirra starfi. Þá standa Unghugar einnig fyrir vikulegu viðburðakvöldi á miðvikudögum kl. 20.00 og eru með sinn eigin umhyggjuhóp kl. 16.15 á fimmtudögum.

### Forvarnir

Við höfum náð samkomulagi við forvarnarfulltrúa Akureyrarbæjar um geðfræðslu í skólum bæjarins. Mikilvægt skref og góð samvinna í þessum málum getur vonandi hjálpað þessum ungmennum sem eiga við vanlíðan að stríða. Það getur hjálpað þessum ungmennum að sjá annað ungt fólk koma fram og segja sína reynslusögu af sinni vanlíðan og þau bjargráð sem þarf til að fá hjálp.

# Fyrir „stigamenn“

## og annað framkvæmdafólk

**MÚRBÚÐARVERÐ**

A015-105
Áltrappa 5 þrep
**16.790**
6 þrepa **19.750,-**
7 þrepa **21.730,-**

LFD105TA
Stáltrappa 2 þrep
**4.640**

**GOTT ÚRVAL AF TRÖPPUM FYRIR IÐNAÐARMANNINN**

LFD 90AL70x33x100 cm
**9.990**

A0118-104 4 þrep
**10.900**
6 þrepa **13.990,-**

A031-207 7 þrep
**24.990**
6 þrepa **22.990,-**
9 þrepa **32.990,-**
11 þrepa **39.520,-**

RLA-05
Áltrappa 5 þrep, tvöföld
**6.590**
4 þrepa **5.690,-**
6 þrepa **7.790,-**
7 þrepa **8.990,-**

LLA-210
PRO álstigi/trappa
2x10 þrep
**15.800**
Einnig fáanleg
2x12 þrep **17.990,-**

**TVÖFALDUR STIGI**
Stigi TIA-LSC380AL1
með reipi 361-610cm
**33.900**

San-SM-RLB01
stubbastækkari
**1.995**

CLA-403
Fjölnota trappa með palli
stigi/pallur 4x3 þrep
**15.890**

Uppfylla AN:131 staðalinn

Áltrappa 3 þrep - verð frá
**3.950**
Áltrappa 4 þrep **4.990**
5 þrep **6.390**

LLA-211 - BAR
PRO álstigi/trappa
2x11 þrep
3,11-5,34 m
**16.990**

LLA-112
Álstigi 12 þrep 3,38 m
**7.900**
10 þrepa **6.990**

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM**

LLA-308
PRO álstigi 3x8 þrep
2,27-5,05 m
**17.990**

SAN-SM-CLE206
Fjölnota pallur/trappa
**19.990**
pallur fylgir

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18 |

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***



✝

Ástkær sambýliskona mín, móðir, amma, systir og mágkona,

**GUÐLAUG ÁGÚSTA ÞORKELSDÓTTIR**
**Æsuborgum 14, Reykjavík,**

lést á heimili sínu 25. júní. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 3. júlí kl. 13.00.

**Hafsteinn Auðunn Hafsteinsson**
**Þorkell Þórður Pálsson**
**barnabarn, systkini og makar.**

---



✝

Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**AGNAR JÓNSSON**
**Vallargerði 25, Kópavogi,**

lést 24. júní á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 6. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð í Kópavogi.

**Agnes Agnarsdóttir** **Sigurður Magnússon**
**Þórey Edda Heiðarsdóttir** **Magnús Scheving Thorsteinsson**
**Agnar Már Heiðarsson** **Heiða Björk Þórbergsdóttir**
**Pétur Orri Heiðarsson** **Kristín María Guðjónsdóttir**
**Magnús Örn Sigurðsson** **Sólveig Ásta Sigurðardóttir**
**og barnabarnabörn.**

---



✝

Kær frændi okkar og vinur,

**BJARNI VALTÝR GUÐJÓNSSON**
**organisti frá Svarfhóli á Mýrum,**

er látinn. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju laugardaginn 11. júlí kl. 14.00. Jarðsett verður á Ökrum.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þórólfur Árnason**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**KORMÁKUR KJARTANSSON**
**loftskeytamaður,**
**Brúnavegi 9, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum 26. júní. Úför hans verður frá Áskirkju föstudaginn 3. júlí kl. 13.

**Hólmfríður Friðsteinsdóttir**
**Ingvi Þór Kormáksson** **Dagrún Ársælsdóttir**
**Ársæll Þór Ingvason** **Hólmfríður Sunna**
**Þórður Kormáksson**

---



✝

Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elsku eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og systur,

**STEINUNNAR EDDU NJÁLSDÓTTUR**
**Tröllakór 6,**
**Kópavogi.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Karitas fyrir einstaka umönnun og stuðning. Einnig þökkum við öllum þeim sem heiðruðu minningu hennar með styrkjum til líknarfélaga.

**Hans B. Guðmundsson**
**Guðmundur Hansson** **Kristín Donaldsdóttir**
**Elín Rós Hansdóttir** **Birgir Birgisson**
**Berglind Íris Hansdóttir** **Bjarni Ólafur Eiríksson**
**barnabörn, barnabarnabarn og systkini.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN ÁSGEIRSDÓTTIR**
**áður til heimilis að Garðavegi 9,**
**Hafnarfirði,**

lést á sjúkrahúsinu á Ísafirði 17. júní. Útför hennar fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði föstudaginn 3. júlí kl. 13.00.

**Lilja Sölvadóttir**
**Ásgeir Sölvason**
**Þórdís Sölvadóttir**
**Erla Sölvadóttir**
**Kristín Sölvadóttir** **Benedikt Kröyer**
**Steinunn Sölvadóttir** **Stefán Símonarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**SYNGJANDI SÁTTUR** Tónlistarmaðurinn Herbert Guðmundsson segir ákvörðunina um að verða edrú þá bestu sem hann hefur tekið í sínu lífi.

# Hebbi edrú í átta ár

**Tónlistarmaðurinn Herbert Guðmundsson stendur á miklum tímamótum því hann hefur verið án áfengis og eiturlyfja í átta ár í dag. Þetta er besta ákvörðun sem hann hefur tekið.**

„Lífið hefur gerbreyst, þetta er bara nýtt líf. Það hefur allt farið upp á við, tónlistarlega séð, það er meira að gera og ég er bara mjög sáttur við alla, við guð og menn eins og menn segja," segir tónlistarmaðurinn Herbert Guðmundsson. Í dag fagnar hann því að hann hefur verið laus við áfengi og fíkniefni í átta ár. „Ég hugsa að ég fari bara út að borða með syni mínum og við skálum í vatni," segir Herbert spurður út í hvort hann ætli að gera eitthvað af því tilefni.

„Ég veit ekki af hverju ég hætti, það kom bara einhver vakning yfir mig þegar ég vaknaði einn daginn og ég hringdi upp á Vog, fór í afeitrun og svo bara beint í 12 spora kerfið," segir Herbert spurður út í upphaf edrúmennskunnar.

Herbert hefur verið þekktur fyrir mikla lífsgleði og segir ákvörðunina um að verða edrú vera bestu ákvörðun lífs síns. „Þegar ég var orðinn edrú byrjaði ég á að gera upp við fólk og fór, eins menn segja, að taka til í rústum fortíðarinnar. Þegar maður er í neyslu er maður með hausinn uppi í rassgatinu á sjálfum sér," útskýrir Herbert. Hann segir 12 sporin hafa hjálpað sér mjög mikið. „Lykillinn eru 12 sporin en fyrsta sporið er að menn gefist upp með báðum höndum. Þetta er eins og að skræla lauk. Maður fer og hittir fólk og biðst afsökunar, ef maður hefur breytt ranglega og þess háttar. Það er svo mikilvægt að fara í gegnum fyrirgefningarferlið."



**BJART FRAM UNDAN** Herbert er þekktur fyrir mikla lífsgleði og skapar tónlist af miklu kappi. Nýtt efni er væntnalegt frá Hebba. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann segir menn öðlast nýja lífssýn þegar þeir herja á beinu brautina. „Maður fer að hugsa um að gefa eitthvað af sér. Ég hef verið að reyna að gefa af mér, það er svo mikið af fólki sem líður illa þarna úti og er einmana og er í neyslu. Ég vil hjálpa fólki, fólk má hringja í mig," útskýrir hann.

Herbert segist aldrei hafa haft jafn mikið að gera og í dag og var einmitt á leið upp í Grímsnes að spila fyrir hjálparsamtökin Bergmál ásamt Hirti Howser þegar blaðamaður náði tali af honum.

Um þessar mundir er hann einnig að vinna að nýju efni og stefnir á að koma nýju lagi í spilun í sumar.

gunnarleo@frettabladid.is

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og afi,

**DAVÍÐ SCHIÖTH ÓSKARSSON**
**Funafold 27,**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans 27. júní. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 6. júlí kl. 15.00.

**Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir**
**Arnþór Davíðsson**
**Atli Steinn Davíðsson**
**Axel Snær Ammendrup Atlason**

---



✝

Móðir okkar,

**GUÐRÚN SIGURBJÖRNSDÓTTIR**
**frá Björgum,**
**Vanabyggð 3, Akureyri,**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð föstudaginn 26. júní. Útför hennar verður auglýst síðar.

**Dætur hennar og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**SKÚLI ÞÓR JÓNSSON**
**frá Kópaskeri,**

sem lést miðvikudaginn 24. júní, verður jarðsunginn frá Snartarstaðakirkju laugardaginn 4. júlí kl. 14.00.

**Heiðrún Hallgrímsdóttir**
**Jón Skúli Skúlason** **Sunan Toplod**
**Jón Finnbogason**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**LILJA KRISTINSDÓTTIR**
**Ægisbyggð 9,**
**Ólafsfirði,**

sem lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar 23. júní, verður jarðsungin frá Ólafsfjarðarkirkju föstudaginn 3. júlí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Hornbrekku, Ólafsfirði.

**Kristinn E. Hrafnsson** **Anna Björg Siggeirsdóttir**
**Sigurlaug Hrafnsdóttir**
**Líney Hrafnsdóttir** **Georg Páll Kristinsson**
**og fjölskyldur.**




MARKAÐURINN

Miðvikudagur 1. júlí 2015 | 26. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

STAFRÆN PRENTUN!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

# SÉRSTAÐAN LYKILATRIÐI VIÐ SAMEININGU BANKANNA

→ **Fyrsti starfsdagur sameinaðs MP banka og Straums var á mánudag**

→ **Ætla ekki að keppa á öllum markaðnum heldur vera best á sínu sérsviði**

→ **Býst við talsverðum breytingum á fjármálamarkaði**

**SÍÐA 6 OG 7**



## Varlega verði farið í skuldabréf

„Ég held að það sé eðlilegt að farið verði mjög varlega í að greiða niður ríkisskuldabréf,“ segir Páll Harðarson, forstjóri Nasdaq á Íslandi, um ráðstöfun þeirra peninga sem fást með stöðugleikaskatti eða stöðugleikaframlagi við slit gömlu bankanna. Fram kemur í frumvarpi um stöðugleikaskatt að peningum verði varið til niðurgreiðslu skulda. Páll bendir á að það skipti máli hvernig þetta verði gert.



→ SÍÐA 4

## Úr Hofi í Hjallastefnuna

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir var á dögunum ráðin framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar sem rekur 19 grunnskóla og leikskóla í 11 sveitarfélögum. Ingibjörg Ösp var framkvæmdastjóri Leikfélags Akureyrar á árunum 2003-2005 og markaðsstjóri KEA frá 2005-2008. Hún hafði ákveðið að tímabært væri að söðla um eftir sjö ára starf fyrir Menningarhúsið Hof þegar starf framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar rak á fjörur hennar.

→ SÍÐA 8

## Ávísanir verða brátt úr sögunni

Breytingar verða á næstunni á þjónustu við þann hóp neytenda sem enn notar ávísanir. Íslandsbanki mun ekki afgreiða tékkhefti frá og með 1. september næstkomandi. Bankinn mun þó taka við útistandandi tékkum áfram. Landsbankinn mun hætta að taka við innlendum ávísunum á næsta ári. Í svari frá bankanum segir að ávísanir séu í dag nánast horfnar, örfáir nýti sér þessa leið til greiðslu fyrir vörur og þjónustu.



→ SÍÐA 9

STJÓRNARMAÐURINN @stjornarmadur

**Uber er allt í senn hentugra, ódýrara, sveigjanlegra og öruggara en hefðbundnir leigubílar í stórborgum.**

→ SÍÐA 12



# Hvers vegna fá Grikkir ekki sömu meðferð og Þjóðverjar?

Skjóðan

**RÁÐAMENN** í Brüssel og Berlín voru meðvitaðir um sjónhverfingarnar sem beitt var við að fegra grísk ríkisfjármál í aðdraganda þátttöku Grikklands í evrusamstarfinu. Alþjóðlega bankasamfélagið vissi allt um þau Pótemkin-tjöld. Samt héldu bankar áfram að lána til Grikklands vegna þess að skammtímatekjurnar af því mynduðu grunn að bónusum bankastjóra.



**ÞEIR VISSU** að Grikkland gæti ekki borgað til baka en lánuðu vegna þess að þeir vissu að þeir myndu fleyta rjómann af lánveitingunum og handrukkarar hins alþjóðlega fjármálakerfis myndu skikka Grikki til að fórna heilbrigðiskerfi, menntakerfi og tryggingakerfi ef það væri nauðsynlegt til að endurgreiða lánin.

**ÞETTA ER** nákvæmlega það sem gerðist. Troikan steig inn og keypti skuldir Grikkja á fullu verði af bönkunum sem upphaflega lánuðu. Bankar halda áfram að lána glæfralega á meðan þeir vita að þeim verður ávallt tryggt skaðleysi af lánveitingum sínum sama hversu galnar þær eru. Aðgerðir troikunnar eru ávísun á alvarlegar fjármálakrísur í framtíðinni. Grikkland er ekki fyrsta fórnarlamb handrukkunar á vegum alþjóðlegra banka og ekki það síðasta.

**ÓLÍKT** fóru menn að 1953 þegar Lundúnasamkomulagið um skuldir Þjóðverja var undirritað. Þá var stór hluti skulda Þjóðverja afskrifaður og lengt í því sem eftir stóð vegna þess að ráðamenn Vesturlanda þá vildu frekar hafa Þýskaland sem sterkan bandamann en skilja það eftir í spennitreyju ofvaxinna skulda. Höfðu þó Þjóðverjar innan við áratug fyrr farið með blóðugum hernaði gegn heiminum.

Eftir kreppuna miklu í Bandaríkjunum á 4. áratug síðustu aldar óx verkalýðsfélögum fiskur um hrygg vestra og reiði almennings, sem ekki hafði vinnu og átti hvorki í sig né á, kraumaði. Uppþoti var hótað og Roosevelt forseti samdi við fulltrúa verkalýðsafla og vinstri flokka um atvinnuleysisbætur, almannatryggingar og lágmarkslaun. Fjár til verkefnisins var aflað með sköttum frá efnafólki og stórfyrirtækjum. Komið var böndum á fjármálaöflin.

**ROOSEVELT** lofaði að auki vinnu þeim sem einkageirinn gæti ekki útvegað störf. Á nokkrum árum skapaði Roosevelt milljónir starfa sem fóru í að treysta innviði Bandaríkjanna, nokkuð sem Bandaríkin njóta enn góðs af, áttatíu árum síðar.

**BANDARÍKIN OG ÞÝSKALAND** hafa þannig staðið í sporum Grikklands. Leið þeirra til hagsældar fólst í vexti en ekki niðurskurði. Samt ætlast menn til að Grikkir skeri enn frekar niður og fækki störfum. Markmiðið er augljóslega ekki endurreisn Grikklands heldur skaðleysi gráðugra banka. Mikil er skömm Merkel, Schäuble, Junckers, Lagarde og Draghi fyrir sinn hlut í því. Grikkland hefur þegar skorið of mikið niður. Sú helstefna sem rekin er gegn landinu getur aðeins endað með skelfingu.

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**12** Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

**1** Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

**3** STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**
NÝHERJI
104,6% frá áramótum
TM
9,6% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**
TM
-20,0% frá áramótum
HAGAR
-0,8% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 124,00 | 19,2% | 0,0% |
| Eik fasteignafélag* | 6,27 | -3,2% | 4,4% |
| Eimskipafélag Íslands | 215,00 | -5,3% | 4,9% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 38,60 | 11,9% | 1,4% |
| Hagar | 36,60 | -10,3% | -0,8% |
| HB Grandi | 41,05 | 24,6% | 2,6% |
| Icelandair Group | 24,50 | 16,6% | 1,8% |
| Marel | 186,00 | 34,8% | 0,0% |
| N1 | 38,05 | 66,4% | 1,4% |
| Nýherji | 10,21 | 104,6% | 3,8% |
| Reginn | 14,20 | 9,6% | 4,6% |
| Reitir* | 63,80 | 4,0% | 4,1% |
| Sjóvá | 10,21 | -11,3% | 3,8% |
| Tryggingamiðstöðin | 19,20 | -20,0% | 9,6% |
| Vátryggingafélag Íslands | 7,82 | -9,4% | 4,9% |
| Össur | 475,00 | 31,6% | 0,0% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI8** | 1.478,27 | 12,8% | 1,8% |
| **First North Iceland** | | | |
| Century Aluminum | 3.300,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 25,50 | 15,9% | 2,7% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,40 | -24,3% | 0,0% |

*Skráð á árinu (þróun frá útboðsgengi).



**Í BÓNUS** Hagar reka 29 Bónusverslanir. Þar af eru 19 á höfuðborgarsvæðinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þrjár nýjar verslanir Bónuss á þessu ári

***Hagar ætla að opna nýja verslun að Túngötu í Reykjanesbæ. Þrjár nýjar Bónusverslanir verða því opnaðar í ár. Hagnaður Haga á fyrsta fjórðungi rekstrarársins 2015-2016 nemur 811 milljónum.***

Hagar, sem reka meðal annars matvöruverslanirnar Bónus og Hagkaup, festu kaup á fasteigninni Túngötu 1 í Reykjanesbæ fyrr í júní. Þar verður opnuð Bónusverslun á næstu mánuðum.

Áður hafði verið tilkynnt að aðrar tvær Bónusverslanir yrðu opnaðar á haustmánuðum, í Skipholti og Vestmannaeyjum. Í dag eru verslanirnar 29 talsins, þar af nítján í höfuðborginni.

Þá kom einnig fram við kynningu á síðasta ársreikningi Haga að félagið hefur keypt húsnæðið við Stekkjarbakka 4-6 í Reykjavík. Áform eru um að opna Bónusverslun á þeim hluta lóðarinnar sem stendur við hlið Garðheima og ÁTVR. Ekki liggur fyrir að svo stöddu hvenær verslunin verður opnuð.

Hagnaður Haga á þriggja mánaða tímabili nam 811 milljónum króna. Uppgjörið nær frá 1. mars til 31. maí. Vörusala tímabilsins nam 18,7 milljörðum króna og var framlegð 24 prósent. Í árshlutauppgjörinu kemur fram að hagnaður fyrsta ársfjórðungs er 13,6 prósentum lægri en á síðasta ári. Sá samdráttur er rakinn til kostnaðar vegna verkfalla. Áður hafði verið búist við því að samdrátturinn myndi nema 15 prósentum.

Hagar er skráð í Kauphöll Íslands. Það var fyrsta fyrirtækið sem var skráð eftir bankahrun og þótti skráningin afar vel heppnuð. Gengi bréfa félagsins var rétt rúmar 13,5 krónur á hlut í útboði sem haldið var í aðdraganda skráningarinnar í lok árs 2011.

Á einungis örfáum mánuðum rauk verðið upp yfir 40 krónur á hlut. Síðla í októbermánuði 2014 var verðið á bréfum komið upp í 46 krónur en síðan þá hefur það lækkað. Í gær var gengi bréfanna 36,3 krónur á hlut. Það jafngildir rúmlega 22 prósenta lækkun bréfanna á átta mánaða tímabili.

jonhakon@frettabladid.is




## Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**FÖSTUDAGUR 3. JÚLÍ**
**Lánamál ríkisins – Útboð ríkisbréfa**

**MÁNUDAGUR 6. JÚLÍ**
**Þjóðskrá – Ísylklar og innskráning**
**Þjóðskrá – Vöruskipti við útlönd, bráðabirgðatölur í júní**

**MIÐVIKUDAGUR 8. JÚLÍ**
**Þjóðskrá – Fasteignamarkaðurinn í mánuðum eftir landshlutum**

**FIMMTUDAGUR 9. JÚLÍ**
**Lánamál ríkisins – Mánaðarlegar markaðsupplýsingar**

**FÖSTUDAGUR 10. JÚLÍ**
**Hagstofa Íslands – Efnahagslegar skammtímatölur**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

Eignirnar nema 498 milljónum:

# Hagnaðurinn tvöfaldast

Hagnaður rútubílafyrirtækisins Guðmundar Tyrfingssonar nam 8,3 milljónum króna í fyrra, samkvæmt samandregnum ársreikningi.

Árið áður var hagnaðurinn 4,5 milljónir króna. Eignir félagsins námu 498 milljónum króna um síðustu áramót.

- jhh



Make it matter.
intel inside CORE m
Margur er knár
þótt hann sé smár.
HP EliteBook Folio 1020 Special Edition.
Mjög örugg, einstaklega sterkbyggð og fallega hönnuð.
• Orkusparandi Intel® Core™ M örgjörvi
• Aðeins 15,7mm þunn
• Aðeins 1 kg.
• 9 tíma rafhlöðuending
• Með 12,5" Quad HD skjá
• Ytra byrði úr Magnesium-Lithium
• Stóðst 13 próf samkvæmt Mil-Spec 810G staðlinum
Nánari upplýsingar um HP EliteBook fartölvurnar eru á www.ok.is/elitebook/
*Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.
Platinum Partner
Printing & Computing Systems
OPIN KERFI
Opin kerfi hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | www.ok.is | sala@ok.is | sími 570 1000



Fjallið Hafþór Júlíus Björnsson hefur tekið þátt í keppninni um sterkasta mann heims með mjög góðum árangri. Fréttablaðið/valli

Íþróttavöruframleiðandinn SBD Apparel samdi við Hafþór Júlíus:

# Hafþór kynnir vörur fyrir kraftajötna

Vaxandi vinsældir kraftlyftinga skapa nýjan markað fyrir íþróttavörur. Íþróttavörufyrirtækið SBD Apparel vinnur hörðum höndum að því að skapa sér stöðu á þeim markaði.

Um þetta er fjallað á vef breska blaðsins Telegraph. Þar segir að SBD Apparel hafi samið við Íslendinginn Hafþór Júlíus Björnsson um að kynna vörur sínar. Hafþór er löngu orðinn heimsfrægur fyrir að leika Fjallið í sjónvarpsþáttunum Game of Thrones. Hann hefur einnig, um árabil, tekið þátt í keppninni um sterkasta mann heims með góðum árangri. Telegraph segir að SBD Apparel hafi verið stofnað árið 2013 og stöðvar þess í Lundúnum. Fyrirtækið framleiðir meðal annars hnéhlífar sem eiga að draga úr hættu á meiðslum þegar þungum lóðum eða öðrum hlutum er lyft.

Telegraph rifjar upp að Hafþór Júlíus hóf þátttöku í kraftlyftingum eftir að hann hlaut hnémeiðsl í körfubolta. Hið eina sem hann hræðist sé að meiðast aftur. Telur Telegraph fullvíst að Hafþór Júlíus hafi átt sinn þátt í því að koma SBD Apparel á kortið. - jhh






**Í KAUPHÖLLINNI** Páll tekur fram að hugmyndir hans séu mjög í ætt við frumvarpið sjálft. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fari varlega í að greiða niður ríkisskuldabréf

*Forstjóri Nasdaq Iceland telur rétt að fara varlega í að greiða niður ríkisskuldabréf þrátt fyrir að mikill peningur fáist við losun hafta. Mikilvægt sé að greiða af öðrum skuldbindingum ríkisins.*

„Ég held að það sé eðlilegt að farið verði mjög varlega í því að greiða niður ríkisskuldabréf,“ segir Páll Harðarson, forstjóri Nasdaq á Íslandi, um ráðstöfun þeirra peninga sem fást með stöðugleikaskatti eða stöðugleikaframlagi við slit gömlu bankanna. Fram kemur í frumvarpi um stöðugleikaskatt að peningum verði varið til niðurgreiðslu skulda. Páll bendir á að það skipti máli hvernig þetta verði gert.

Það skipti máli að peningarnir verði bundnir á innlánsreikningum Seðlabankans og þeir síðan nýttir til að standa skil á greiðslum af skuldbindingum ríkisins, öðruvísi en með niðurgreiðslum á ríkisskuldabréfum. Til að mynda mætti nýta féð til að standa skil á lífeyrisskuldbindingum. Páll segir að hvort sem peningarnir yrðu geymdir inni á reikningi hjá Seðlabankanum eða notaðir til að greiða niður ríkisskuldabréf, þá yrðu áhrifin á vaxtabyrði ríkissjóðs svipuð.

Páll segir að með þessu yrði staðinn vörður um innlenda ríkisskuldabréfamarkaðinn. Það sé mikilvægt í þrennu tilliti.

„Í fyrsta lagi eru þetta yfirleitt talin traustustu verðbréf á skuldabréfamarkaði, mikilvægir fjárfestingakostir fyrir lífeyrissjóði og verðbréfasjóði og þar með fyrir almenning,“ segir Páll.

Í öðru lagi myndi vextir á ríkisskuldabréfum grunn allra annarra vaxta á skuldabréfamarkaði. Þetta sé grunnurinn á vaxtarófinu sem allir aðrir útgefendur skuldabréfa, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög miði við í sínum útgáfum. Þannig að ef snarlega er dregið úr virkni þessa markaðar þá hefði það mögulega áhrif á skilvirkni verðlagningar á skuldabréfamarkaði.

„Í þriðja lagi er ég þeirrar meiningar að þetta styðji einfaldlega við góð kjör ríkisins á markaði. Einfaldlega vegna þess að ef markaðurinn fyrir ríkisskuldabréf er virkur er litið á þau sem meira aðlaðandi fjárfestingakost en ella og ríkið fengi þar af leiðandi hagstæðari vaxtakjör,“ segir Páll.

> **Í þriðja lagi er ég þeirrar meiningar að þetta styðji einfaldlega við góð kjör ríkisins.**

Í fjórða lagi sé ríkið fyrsta gáttin inn á markaðinn fyrir erlenda stofnanafjárfesta með langtímafjárfestingar í huga. „Ég held að það hnígi því mörg rök að því að fara varlega í það að greiða niður ríkisskuldabréf á markaði og menn ættu að huga vel að öðrum leiðum,“ segir hann.

Páll tekur þó skýrt fram að grunnurinn að frumvarpinu um stöðugleikaskatt sé mjög skýr. Þær tillögur sem hann hafi fram að færa séu mjög í anda frumvarpsins. „Í frumvarpinu er lögð áhersla á að varðveita efnahagslegan stöðugleika en þar er ekki fjallað um útfærslur í þessu tilliti,“ segir Páll.

jonhakon@frettabladid.is

Lögmannsstofan Mörkin hagnaðist um 168 milljónir og greiddi 224 milljónir í laun og launatengd gjöld í fyrra:

# Tekjurnar námu 500 milljónum

Tekjur Markarinnar lögmannsstofu námu 500 milljónum króna á síðasta ári. Það er 59 milljónum krónum minna en á árinu 2013.

Hagnaður eftir skatta nam 168 milljónum króna á síðasta ári en 229 milljónum króna árið 2013.

Eigendur Markarinnar lögmannsstofu eru sex. Tveir þeirra, Gestur Jónsson og Hörður Felix Harðarson, hafa meðal annars unnið fyrir Sigurð Einarsson og Hreiðar Má Sigurðsson vegna sakamála sem hafa verið höfðuð gegn þeim og tengjast rekstri Kaupþings. Mörkin lögmannsstofa greiddi 229 milljónir króna í arð á síðasta ári en 239 milljónir króna árið á undan.

Sextán starfsmenn störfuðu að meðaltali hjá félaginu á síðasta ári og voru 224 milljónir króna greiddar í laun og launatengd gjöld. - jhh



**Í HÉRAÐSDÓMI** Hörður Felix Harðarson og Gestur Jónsson eru á meðal eigenda Markarinnar lögmannsstofu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Eigendur Markarinnar lögmannsstofu

| | |
|---|---|
| Einar Þór Sverrisson | Gísli Guðni Hall |
| Geir Gestsson | Gunnar Jónsson |
| Gestur Jónsson | Hörður Felix Harðarson |

Póstdreifing

# FJÖLPÓSTUR SEMVIRKAR

**Staðbundin skilaboð, hægt að velja póstnúmer, hverfi, tegund húsa o.s.frv.**

# MARKHÓPADREIFÐUR FJÖLPÓSTUR

**Viðtakandinn er sérstaklega valinn og þannig líklegur til að bregðast við.**

# MARKPÓSTUR FYRIR RÉTTA FÓLKIÐ

**Ódýr og markviss leið til að ná í rétta hópinn.**

ERTU ÓÁKVEÐIN/N EÐA ERTU EKKI VISS?
Fáðu tilboð hjá Póstdreifingu fyrir þín skilaboð, hafðu samband
í síma 585 8300 eða sendu okkur fyrirspurn á netfangið
SALA@POSTDREIFING.IS

PÓSTDREIFING EHF
Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | S. 585 8300
**www.postdreifing.is | postdreifing@postdreifing.is**



**SIGURÐUR ATLI JÓNSSON** Sameinaður banki mun fá nýtt heiti en þangað til verður hann kallaður MP banki Straumur

# Ekkert pláss fyrir litla viðskiptabanka á

***Forstjóri MP banka Straums segir að leikreglur á fjármálamarkaði séu að breytast og fjármálastofnanir verði að lag bæði vera pláss fyrir hagkvæma viðskiptabanka og sérhæfða minni banka. Hann býst við talsverðum breytingum á mark***

**VIÐTAL**
**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is



MP banki og Straumur hafa sameinast formlega eftir undirbúningsferli sem tók um það bil ár. Hluthafafundur var haldinn á mánudag þar sem ný stjórn var kjörin og bráðlega verður nýtt nafn bankans kynnt. Sigurður Atli Jónsson, forstjóri MP banka, verður forstjóri hins sameinaða banka.

Sigurður Atli segir að sérstaða sé lykilatriði við sameiningu bankanna. „Þessi samruni er að stórum hluta til þess að búa til enn frekari sérstöðu þessara tveggja fyrirtækja. Og það liggur fyrir að við erum með sterka stöðu á eignastýringarmarkaði og það verður burðarás í starfsemi nýs sameinaðs banka. Við erum einnig sérhæfð á öðrum sviðum," segir hann.

Sigurður Atli segir að í eignastýringu muni bankinn leggja áherslu á breiðan hóp viðskiptavina. Starfsemi félaganna tveggja, MP banka og Straums, falli mjög vel saman á því sviði. „Í dag er ekkert pláss fyrir litla viðskiptabanka. Annaðhvort verða þeir að vera sérhæfðir eða hafa kostnaðaryfirburði. Við erum sérhæfð og staðföst. Við leggjum ofuráherslu á að vera best á okkar sérsviði."

**Keppa ekki á öllum markaðnum**

Sigurður Atli bendir á að MP banki hafi viðskiptabankaleyfi. „Við tökum við innlánum frá viðskiptavinum og við fjármögnum viðskiptavini okkar. Við keppum á ákveðnum sviðum en ekki á öllum bankamarkaðnum eins og hann leggur sig." Hann bendir jafnframt á að það sé leið sem MP banki hafi farið á undanförnum mánuðum.

*Það urðu talsverðar mannabreytingar hjá Straumi í þessu sameiningarferli. Er hægt að líta svo á að þetta hafi verið yfirtaka MP banka á Straumi, frekar en sameining?*

„Nei, alls ekki. Þessi hugmynd kom fyrst upp fyrir um það bil ári og gerjaðist svo," segir Sigurður Atli. Hann bætir því við að forsvarsmenn Straums hafi stigið mikilvægt skref þegar þeir keyptu um það bil 20 prósenta hlut í MP banka í október í fyrra. Eftir það hafi vinnan varðandi sameiningu bankanna þróast og í rauninni hafi náðst samkomulag í kringum áramót og það samkomulag endað með sameiningunni.

„MP banki er mikið stærri hvað varðar efnahag og fjölda starfsfólks en annars er þetta fullkomlega á jafningjagrunni, mýkt hefur ríkt í samningaviðræðunum þótt báðir aðilar hafi verið markvissir og staðfastir. Það skapar sveigjanleika til lausna." Sigurður Atli segir að fyrir utan það að ná fram sameiginlegri stefnu þessara fyrirtækja og auka sérstöðu þeirra á markaðnum séu bein fjárhagsleg markmið með sameiningunni. Þau séu hagkvæmari rekstur og stöðugri tekjumyndun.

**Tólf manns sagt upp**

Á mánudag, fyrsta starfsdegi sameinaðs banka, var nýtt skipurit kynnt og jafnframt var lokið við hagræðingaraðgerðir með uppsögnum starfsfólks. Tólf starfsmönnum var sagt upp þann daginn, en áður höfðu fleiri hætt. Starfsmenn samstæðu MP banka og móðurfélags Straums voru 108 um síðustu áramót. Eftir hagræðingaraðgerðir á mánudag er sameiginlegur starfsmannafjöldi í kringum 85. Þetta þýðir því í heild um 20 prósenta fækkun. „Það er alltaf erfitt að fara í aðgerðir af þessu tagi og slæmt að horfa á eftir góðu starfsfólki, en þegar tvö fyrirtæki sameinast er slíkt almennt óhjákvæmilegt. Við höfum á að skipa afburða starfsfólki og nú taka við spennandi tímar við uppbyggingu sameinaðs banka."

*Hvernig sérðu fyrir þér framtíðareignarhald á bankanum, verður það óbreytt eða reynt að fá fleiri fjárfesta að?*

„Eignarhaldið á bankanum er alldreift. Það eru 60-70 aðilar, bæði einstaklingar og stofnanir, en þó mikill meirihluti í eigu einstaklinga. Ég hef ekki spáð í það hvort eignarhaldið muni breytast. Ég sé engin sérstök merki um það í augnablikinu," segir Sigurður Atli og bætir við að hugur eigenda bankans núna sé einkum við samrunann.

**Stýrir bankanum til framtíðar**

Aðspurður segist Sigurður Atli stefna að því að stýra sameinuðum banka til framtíðar. Sýn hans er einföld, að ávinningur fáist af sameiningunni og að viðskiptavinir fái góða þjónustu. „Ég vil ekki að það verði stofnanabragur á samskiptum okkar við viðskiptavini, við viljum ekki koma fram við þá af óbilgirni. Fjármálafyrirtæki þurfa, eðli málsins samkvæmt, að vinna í öllu eftir lögum og reglum en þeim hefur að auki hætt til þess að vera með full fastmótað skipulag og vinnulag. Við munum sýna mýkt í samskiptum okkar við viðskiptavini með það að markmiði að uppfylla þarfir þeirra. Til þess þurfum við að vera sveigjanleg og tilbúin að laga okkur að viðskiptavininum."

*Hvernig er bankaumhverfið, er þörf á meiri hagræðingu og hvernig upplifir þú þig í samkeppni við stóru bankana þrjá?*

Sigurður Atli býst við því að í framtíðinni verði pláss fyrir sérhæfingu af ýmsum toga, en það verði líka pláss fyrir hagkvæma viðskiptabanka. „Það getur vel verið að hagræði náist fram með sameiningu en það er samt mikilvægt að hafa í huga að það er fyrst og fremst stefna bankanna sem á eftir að móta velsæld þeirra fram á við." Sameining geti lagað rekstrarskilyrði banka en stefnan sé ekki mörkuð með sameiningunni. „Lykillinn að velgengni er staðfestan um það hvar þeir ætla að starfa á markaðnum og hverjir styrkleikarnir eru," segir Sigurður Atli.

*Sérðu fyrir þér að fjármálafyrirtækjum fjölgi enn meira?*

„Það sem við erum að sjá út um allan heim er að samkeppni hefðbundinna viðskiptabanka er ekki að koma úr bankaheiminum, heldur annars staðar frá. Úr tækniheiminum til að mynda. Þannig að ég held að það sé eðlilegt að menn fái að móta sína framtíð í breyttu umhverfi viðskiptabankastarfsemi," segir Sigurður Atli. Hann vekur athygli á að um nokkurra ára skeið hafi sparisjóðum verið að fækka. „Það hefur reynst erfitt að fjármagna það líkan og halda því gangandi. Sem er merki um það að leikreglurnar hafi breyst og menn þurfi að bregðast við. Og kannski ekki bara bregðast við heldur vera á undan breytingunum," segir hann.

Þetta sé vegna tækniþróunarinnar, en líka út af breyttu regluverki, til dæmis með hærri eiginfjárkröfum í bankastarfsemi. Það er, kröfum sem meðal annars voru settar sem viðbrögð við fjármálakreppunni. „Núna eru eiginfjárkröfurnar 15-18 prósent en voru kannski 8-10 prósent áður. Þetta er gjörbreyting og menn verða að laga sig að þeirri mynd," segir Sigurður Atli. Þetta þurfi að gera með hagræðingu og hugsanlega með sameiningum. En samkeppnin þurfi umfram allt að vera tryggð.

*Við erum búin að vera í mikilli rússíbanareið síðustu 15 árin, eða frá einkavæðingu bankanna og svo með hruninu. Er ástandið orðið eðlilegt núna?*

„Við höfum auðvitað glímt við sérstakar aðstæður hér út af

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



**Þreyttir á túristum**
Borgarstjórinn í Barcelona og íbúar í borginni eru orðnir æði þreyttir á sífelldri fjölgun ferðamanna.
SÍÐA 2



**Strandlíf**
Gullnar strendur á framandi slóðum eru margar og merkilegar. Dreymir ekki alla um að komast á eina slíka.






**PANDA Í SLÖKUN** Þessi panda er mögulega afkomandi pöndu sem Silja sá nýfædda í dýragarði í San Diego.

# PÖNDURNAR HEILLUÐU SILJU

**Á PÖNDUSLÓÐUM Í VESTUR-KÍNA** *Silja Bára Ómarsdóttir hitti munka í mikilli hæð og pöndur sem heilluðu hana mun meira en hana hafði órað fyrir.*

Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúnkt í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, er ferðasjúk að eigin sögn og hefur komið til meira en fimmtíu landa. Síðasta stóra ferðin var til Kína í byrjun júní en þetta er í annað sinn sem hún kemur þangað. „Bróðir mnn býr í Kína og ég hef einu sinni heimsótt hann áður. Í það skipti sá ég bara risastórar borgir, steinsteypu, malbik og byggingar, jú og reyndar Kínamúrinn. Ég ákvað að núna vildi ég sjá eitthvað annað en borgir og bað bróður minn að sjá til þess. Hann tók mig á orðinu og skipulagði ógleymanlega ferð til Vestur-Kína.“ Þau systkinin óku yfir hrjóstrugt og stórbrotið landslag og heimsóttu meðal annars stærsta Búddaskóla í heimi. „Þar búa 30.000 munkar og nunnur sem stunda sitt nám og hugleiðslu í 4.000 metra hæð yfir sjávarmáli. Við gestirnir gengum um með súrefnisbrúsa því það er erfitt að anda þarna. En algerlega mögnuð upplifun.“

Ferðinni lauk í Chengdu í Sichuan-héraði sem er kjörlendi fyrir pöndur. „Sextán hundruð pöndur í heiminum lifa villtar og þær eru allar á þessum slóðum. Þegar stóri jarðskjálftinn varð á svæðinu árið 2008 voru pöndurnar færðar í dýragarða eins og pöndugarðinn sem við fórum í. Þar hefur náðst hvað bestur árangur í að rækta pöndur sem hafa almennt mjög lítinn áhuga á að fjölga sér, eru vandlátar á maka og frjóar í viku á ári. Þarna sáum við eitt til tvö prósent af öllum pöndum í heiminum,“ segir Silja og viðurkennir að pöndurnar hafi ekki látið hana ósnortna. „Þrír pönduhúnar í tré eru með því skemmtilegra sem ég hef séð. Allt sem þeir gera er fáránlega krúttlegt. Ég hafði engan sérstakan hug til panda áður en er núna alveg heilluð af þeim. Ég hafði reyndar séð nýfædda pöndu í San Diego-dýragarðinum og hún er núna þarna og stendur sig vel í að fjölga pöndukyninu.“

Silja Bára hefur ferðast mikið um ævina og nýtur þess mjög. „Ef maður telur Grænland og Álandseyjar sem sjálfstæð lönd hef ég farið til meira en fimmtíu landa. Upp á síðkastið hef ég aðallega ferðast í Suðaustur-Asíu en ég er líka gríðarlega hrifin af Austur-Evrópu.“

Ferðalögin hafa aðeins þurft að víkja sæti undanfarið vegna annarra hugðarefna. Bókin Rof á hug Silju Báru allan þessa dagana en bókina skrifar hún með Steinunni Rögnvaldsdóttur. „Þetta eru frásagnir tuga kvenna af fóstureyðingum, settar í samhengi við félagslegar og pólitískar stefnur og strauma,“ segir Silja og bætir við að nánari upplýsinga megi afla á Karolina Fund.









Garðtraktorar
Mikið úrval garðtaktora og ásetusláttuvéla




ÞÓR HF
Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
Vefsíða: www.thor.is
Opnunartími: Opið alla virka daga frá kl 8:00 -18:00, Lokað um helgar

Barnið Okkar
www.BarnidOkkar.is
Hlíðasmári 4
201 Kópavogur 553-8313



Vagnstykki + Kerrustykki + Skiptitaska
Verð frá kr.99.000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*




HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára



**LA RAMBLA** Stundum er svo mikil mannmergð á Römblunni að erfitt er að komast þar áfram.

# HAFA FENGIÐ NÓG AF TÚRISTUM

**MARGMENNI** *Ferðamannastraumur til Barcelona eykst stöðugt. Heimamenn hafa fengið nóg og nú segir borgarstjórinn að takmarka þurfi frekari straum ferðamanna, borgin þoli ekki meira.*

Barcelona er ein vinsælasta ferðamannaperlan á Spáni og vissulega hafa miklar tekjur komið frá ferðamönnum. Nýr borgarstjóri, Ada Colau, er langt í frá eini íbúi borgarinnar sem hefur fengið nóg af stöðugri fjölgun ferðamanna. Heimamenn eru langþreyttir á troðfullri borg af túristum. Í nýlegu viðtali við spænska blaðið El Pais lýsir borgarstjórinn því hvað geti hent þegar ferðamannastraumurinn er orðinn ógnvekjandi. Ada bendir á Feneyjar sem dæmi um hvað geti gerst ef ferðamannastraumurinn fer úr böndunum. Ada telur að það þurfi að setja einhvers konar takmörk á túrismann.

Meðal þess sem hún bendir á er að setja bann við frekari hótelbyggingum og nýjar, harðari reglur á leigusala íbúða fyrir ferðamenn.

### MIKIL AUKNING

Ferðamannastraumurinn til Barcelona hefur aukist mikið undanfarin 20 ár. Reyndar hófst hann upp úr Ólympíuleikunum árið 1992. Frá árinu 2000 hefur fjöldi ferðamanna margfaldast og er orðinn yfir 7,5 milljónir manna á ári.

Stóri matarmarkaðurinn, La Boqueria, á Römblunni er vinsæll staður hjá ferðamönnum. Svo mikill fjöldi útlendinga gengur þar um að íbúar í Barcelona komast ekki að til að versla sem skapar mikinn pirring. Flestir ferðamenn fara einnig í Gaudi-garðinn en nýlega var byrjað að krefjast aðgangseyris að honum, áður var ókeypis að fara í garðinn. Þá telja heimamenn íbúðaverð orðið alltof hátt í borginni en margir vilja eiga íbúð þar og leigja til ferðamanna.

### FLÝJA BORGINA

Frá því var greint í breska dagblaðinu The Telegraph að árið 2013 hefði Barcelona sett met í komu ferðamanna þegar þeir náðu 7,5 milljónum. Þar með fóru þeir yfir frægar borgir í fjölda ferðamanna. Árið þar á undan var fjöldinn 7.440.113 manns. Flestir ferðamannanna komu frá Bandaríkjunum, Frakklandi, Þýskalandi og Englandi. Þá kemur mikill fjöldi frá Kína, Norðurlöndum og Rússlandi.

### BESTI TÍMINN

Barcelona er falleg borg og þar er margt að sjá. Besti tíminn til að heimsækja Barcelona er sagður vera í maí og júní. Þá er veðrið þægilegra en í mestu sumarhitunum. Auk þess hækkar verð í borginni yfir hásumarið. Í ágúst fara heimamenn í sumarfrí og flýja þá borgina vegna ágangs ferðamanna. Borgin býður bæði upp á strandlíf og borgarstemningu sem margir sækjast eftir.



**SAGRADA FAMILIA** Allir ferðamenn sem koma til Barcelona skoða þessa tignarlegu og gömlu kirkju sem hefur verið lengi í smíðum.



**GAUDI-GARÐURINN** Einn af mest spennandi stöðunum í Barcelona er Park Güel, eða Gaudi-garðurinn, sem er afar fallegur. MYNDIR/GETTY

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Lagerhreinsun

## 1.–10. júlí




Armani, Michael Kors,
DKNY, Diesel, Adidas, Fossil,
Casio, Delma og Maurice Lacroix

JÓN & ÓSKAR

**50–70%** afsláttur af úrum

**50%** afsláttur af völdu skarti

Verið velkomin!




jonogoskar.is | Sími 552 4910 | Laugavegi 61 | Kringlan | Smáralind

PIPAR\TBWA • SÍA • 153161

# DRAUMUR UM GYLLTA STRÖND

**VÍÐA UM HEIM** *Margan Íslendinginn dreymir þessa dagana um sumar, sól og áhyggjulaust strandlíf. Lestur um þessar strandir sem er að finna víða um heim mun æsa hressilega upp í útþránni en sumir verða að láta sér það nægja og vonast eftir sól hér heima.*

Þegar hugurinn hvarflar til sólarstranda fer hann yfirleitt á spænskar, ítalskar, portúgalskar eða jafnvel grískar slóðir. Flestir halda sig að minnsta kosti við evrópsku strendurnar. Þegar dagdraumar eru annars vegar getur hugurinn farið með mann hvert sem er og því um að gera að halda á framandi slóðir. Þeim sem þurfa að láta sér nægja að ferðast í huganum má benda á þessar gullfallegu strendur víða um heim, sumar hverjar á stöðum sem fólk tengir ekki endilega við baðstrendur, til að dreyma um.

**BORACAY, FILIPPSEYJUM**

Þessi eyja hefur fengið mikla fjölmiðlaathygli undanfarin ár og er ein sú mest heimsótta í veröldinni. Ein af þekktustu ströndum eyjarinnar er White Beach eða Hvítaströnd þar sem strandlengjan er yfirfull af hótelum, veitingastöðum, börum og búðum sem selja köfunarbúnað. Með auknum ferðamannafjölda hafa fleiri staðir byggst upp, svo sem Diniwid-strönd og Bulabog-strönd. Sú síðarnefnda er þekkt fyrir afslappað andrúmsloft og góðar aðstæður til seglbrettaiðkunar og sjódrekaflugs. Fyrir þá sem vilja meiri rólegheit er Diniwid góður kostur.

**HAINAN, KÍNA**

Hainan er stærsta hitabeltiseyja Kína og er hún jafnstór og Belgía. Eyjan var einangruð og afskipt þar til fyrir um þrjátíu árum þegar efnahagur landsins tók uppsveiflu. Í dag fær þessi fyrrum falda perla yfir 35 milljónir ferðamanna í heimsókn og eru flestir þeirra Kínverjar. Hainan er einn vinsælasti og íburðarmesti ferðamannastaður landsins og má finna ríkmannlegustu hótel Kína á suðurströnd eyjunnar. Á Hainan má finna sér ýmislegt til dundurs svo sem brimrettareið, hjólreiðar, samverustund með Dan-fólki eða afslöppun á ströndinni á meðan fylgst er með sólinni hníga til viðar í Suður-Kínahaf.

**NÍUTÍU MÍLNA STRÖND, NÝJA- SJÁLANDI**

Með sinni fimmtán þúsund kílómetra löngu strandlengju hlýtur Nýja-Sjáland að vera himnaríki strandunnandans. Strandirnar eru eins misjafnar og þær eru margar og geta allir fundið þar eitthvað við sitt hæfi, hvort sem þeir vilja liggja í leti eða lenda í ævintýrum.

Það er illa geymt leyndarmál að Níutíu mílna strönd er í raun aðeins 88 kílómetrar að lengd þó það vanti ekkert upp á strandlífið þar, stórbrotin víðátta og endalaus sjór með gríðarlegar sandöldurnar að baki.

**BAHÍA DEL LOS PIRATAS, KOSTARÍKU**

Eins og er er Bahía del los Piratas eitt best geymda leyndarmál Kostaríku en verður það líklega ekki lengi. Fleiri og fleiri gestir mæta á tveggja kílómetra langa ströndina og dást að klettaútskotum sem sjóræningjar eyjunnar földu sig í áður fyrr. Þessa stundina eru aðeins nokkur hótel og heimili í þessari óspjölluðu paradís þar sem stillt brimið er kjörið fyrir sund og afslöppun í sólinni.

**BANANA BEACH, TAÍLANDI**

Phuket hefur orð á sér fyrir að vera einn af háværustu stöðum Taílands en þrátt fyrir að flestar vinsælli strendurnar séu fjölmennar og túristavæddar má enn finna þar nokkur friðsama felustaði. Bananaströnd er einn þeirra. Hún er aðeins nokkur hundruð metra löng og sjórinn þar er kristaltær. Ströndin sést ekki frá veginum og benda aðeins nokkur viðarskilti og þekking heimamanna til þess að hún sé til í raunveruleikanum.



**BORACAY** Þarna væri gott að vera, á eyjunni Boracay á Filippseyjum. NORDIC PHOTO/GETTY



**PHUKET** Er með vinsælli ferðamannastöðum heims en enn má þar finna friðsælt athvarf.



**HAINAN** Hainan er einn vinsælasti ferðamannastaður Kína og vel sóttur af efnuðum heimamönnum.






**GAMLAR HETJUR** Rappsveitin Public Enemy verður eitt stærsta númerið á ATP Iceland í ár. MYND/GETTY

# TÓNLISTARVEISLA FRAM UNDAN Á ÁSBRÚ

*Tónlistarhátíðin ATP Iceland hefst á fimmtudag og laðar að sér fjölda erlendra gesta. Iggy Pop, Public Enemy og HAM eru meðal þeirra sem koma fram.*

Hin árlega tónlistar- og menningarhátíð ATP Iceland fer fram á Ásbrú dagana 2. til 4. júlí. Hátíðin laðar að sér fjölda erlendra gesta, auk tónlistarþyrstra Íslendinga, en þar kemur fram fjöldi innlendra og erlendra listamanna. Auk tónleikadagskrárinnar verður fjölbreytt dagskrá í boði á hátíðinni, þar á meðal kvikmyndahátíð þar sem rokkararnir í Mogwai velja dagskrána í tilefni 20 ára afmælis sveitarinnar.

Boðið er upp á tjaldstæði og gistingu á svæðinu auk þess sem rútuferðir verða daglega milli Reykjavíkur og Ásbrúar fyrir þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu.

Meðal erlendra gesta í ár er goðsögnin Iggy Pop, skosku gleðipopparanir í Belle and Sebastian og hin magnaða og áhrifamikla rappsveit Public Enemy. Auk þeirra spila margar þekktar innlendar sveitir, þar á meðal HAM, Grísalappalísa, Ghostigital og Valdimar.

Hátíðin var fyrst haldin árið 2013 en fyrstu tvær hátíðirnar þóttu takast með eindæmum vel. Meðal frægra erlendra listamanna sem komið hafa fram á hátíðinni eru Nick Cave & The Bad Seeds og Portishead en tónleikar þeirrar síðarnefndu þykja með þeim eftirminnilegri sem haldnir hafa verið hérlendis.

Nánari upplýsingar um hátíðina, fréttir, myndir og dagskrá hennar má finna á atpfestival.com, á Facebook (ATP Iceland), á Twitter (@atpiceland) og á Instagram (atpiceland). Enn er hægt að kaupa miða á midi.is.



ÚTSALA!
30-80% afsláttur af öllum útsöluvörum!
Opið til kl 21 í kvöld á fyrsta degi útsölu
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
BLÚSSA ÁÐUR 5.990 NÚ 1.990 st. S-XL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 1.190 st. 42-56
PEYSA ÁÐUR 11.990 NÚ 2.390 st. S-L
TÚNIKA ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 st. 42-56
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 1.390 st. S-XXL
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 st. 42-56
BOLUR ÁÐUR 5.990 NÚ 1.190 st. S-XL
KJÓLL ÁÐUR 11.990 NÚ 2.990 st. 42-56
KJÓLL ÁÐUR 9.990 NÚ 1.990 st. S-XXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www. velaverkjs.is

Garðaumsjón:ódýr garðsláttur og garðúðun. Halldór Garðykjum. S:6981215

**NULL**

Garðaumsjón:ódýr garðsláttur og garðúðun. Halldór Garðykjum. S:6981215

## Húsaviðhald




**HAGSTÆÐIR SMIÐIR GETA BÆTT VIÐ SIG VERKEFNUM.**

Gluggaskipti, glerskipti, þakviðgerðir, sólpallar, innréttingar, parketlögn, öll trésmíði.

Upplýsingar í síma: 782-6029 eða framsmidi@framsmidi.is

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar




**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÍMASPÁ 555 2927**

Draumaráðningar, fyrirbænir. Opið frá 13 Hanna s. 847 7596

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**VEIÐILEYFI TIL SÖLU Í**

Staðará á Snæfellsnesi fyrir landi Traða og í vatnasvæði Lýsu (veiðihús) Lax og sjóbirtingur. S. 893 4515 og tradir.net

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## KEYPT & SELT

## Til sölu




Vagnstykki, Kerrustykki og Skiptitaska Verð kr.99.000 Barnið Okkar, Hlíðasmára 4, 201 Kóp. S:553 8313



Óska eftir tilboði í borð og spegil úr mahogany. Borðið er 75 cm á hæð, 80 á breidd og 40 frá vegg. Svanhildur gsm. 699 3799



Óska eftir tilboði í palisander hillusamstæðu. Hver eining er 90 cm á breidd og 185 cm á hæð. Þrjár einingar, vínskápur, bókahillur og skúffur. Svanhildur gsm. 699 3799



Halló! Sjö „blóm" myndir, sjö hundruð milljón sinnum krónur sjö hundruð og sjötíu þúsunda milljóna milljarða. 700.000.000 sinnum krónur: 770.000. 000.000.000.000.000.000.000. Edda S. 552 5880 eða edda63@mail.com

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Heilsu og slökunarnudd. Nuddstofan, opið frá 10-20.Opið á lau. S. 611 4930

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði



**TIL LEIGU - GLÆSILEG NÝ ÍBÚÐ Í 113**

Ný glæsileg fjögra herbergja íbúð í Nönnubrunni 1 er til leigu. íbúðin er í lyftuhúsi með bílakjallara. Frábært útsýni, vandaðar innréttingar og gólfefni. Stutt í stofnbraut og alla þjónustu. Íbúðin er laus strax.

Nánari upplýsingar í síma 894 8888.

## til sölu




## atvinna

# Hótel - Næturvarsla í gestamóttöku

**Starfssvið:**

- Almenn gestamóttökustörf á hóteli á höfuðborgarsvæðinu.

**Skilyrði:**

- Reynsla af sambærilegum störfum er skilyrði.

Um er að ræða vaktavinnu.
Góð tölvu- og tungumálakunnátta æskileg og sjálfstæð vinnubrögð.

Þarf að geta hafið störf sem fyrst !

Umsóknir sendist á box@frett.is ásamt ferilskrá, farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

## fasteignir




**OPIÐ HÚS**
**fimmtudaginn 2.júlí kl.17:30-18:00**



Nánari upplýsingar veitir
**Þórunn Pálsdóttir**
sölufulltrúi, verkfræðingur, MBA
sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Afar smekkleg mikið endurnýjuð
3ja herb. 95,9 fm
Nýtt einstakt baðherbergi
Gegnheilt eikarparket og nýjar innihurðir
Fallegt útsýni

Verð: **29,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## tilkynningar

JAFNRÉTTISSJÓÐUR

# Auglýsing

Á vegum forsætisráðuneytisins er starfræktur sérstakur rannsóknarsjóður, Jafnréttissjóður. Tilgangur hans er að efla kynjarannsóknir og stuðla þannig að bættri stöðu kvenna og karla og framgangi jafnréttis.

Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki úr Jafnréttissjóði árið 2015. Í samræmi við hlutverk sjóðsins verða veittir styrkir til rannsókna sem tengjast jafnréttismálum.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn hafi 15 milljónir króna til ráðstöfunar til styrkúthlutana í ár og að styrkir séu ekki færri en þrír og ekki fleiri en fimm.

Gerðar eru skýrar faglegar og fræðilegar kröfur til umsækjenda. Hvorki verða veittir styrkir til verkefna sem þegar er lokið né meistararitgerða.

Vakin er athygli á því að umsækjendum er gert að sækja rafrænt um á eyðublaðavef ráðuneytanna, minarsidur.stjr.is. Nánari upplýsingar má finna á vef ráðuneytisins forsaetisraduneyti.is/jafnrettissjodur.

Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti í lok sunnudagsins 23. ágúst 2015 og verður úthlutað úr sjóðnum á degi Sameinuðu þjóðanna, 24. október 2015.

Jafnréttissjóður starfar samkvæmt reglum nr. 513/2006 um úthlutun styrkja Jafnréttissjóðs.

Reykjavík, 26. júní 2015

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!**
129 - 280 fm bil með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**www.lundurfasteignir.is**

**S. 690 3031 / 661 7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

Til leigu 6 herb. íbúð í Giljaseli. Stórt eldhús m. búri, sjónvarpshol, stórt þvottarhús og forstofa. Uppl. s. 777 0750

## Fasteignir

**TIL SÖLU 1500FM SJÁVARLÓÐ AÐ BREIÐAGERÐI 15 , VATNSLEYSUSTRÖND.**
Ekið frá Reykjavík, beygt Vatnsleysuströnd (lóðin tilheyrir Vogum) Skilti við vegamót ,'Til Sölu lóð''. Rafmagn og vatn komið að lóðamörkum. Tilboð óskast.

Upplýsingar s. 8957114, netf. safnarabudin@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS**
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

KvikkFix getur bætt við sig fólki. Vantar fólk í smur- og dekk. Einnig manneskju í móttöku hálfan daginn. Áhugasamir sendi umsókn á hinrik@nrg.is

**GEYSIR - BISTRÓ AÐALSTRÆTI 2, 101**

**HLUTASTARF**
Erum að leita af röskum starfskrafti til starfa með okkur í eldhúsi og einnig í uppvask. Ekki yngri enn 18 ára.
**Upplýsingar í s. 517 4300**

**HÚSASMIÐUR - VERKSTJÓRI**
Verktakafyrirtæki með góða verkefnastöðu óskar eftir að ráða verkstjóra - Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í húsasmíði

- Reynsla af mótauppslætti

- Enskukunnátta

Umsóknir sendist á verk.job@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**MAKALEIT.**
Kynntu þér nýjan möguleika. Makaleit.eu.

## fasteignir

# TIL SÖLU:
# Sumarhús að Morastöðum 3




Sumarhús að Morastöðum 3, ásamt eins hektara eignarlóð úr landi Morastaða í Kjósarhreppi. Húsið stendur hátt uppi í hlíðinni og þaðan er frábært útsýni út yfir mynni Hvalfjarðar og allt þar í kring. Fjarlægð frá Rvík er 33 km og 21 km frá Akranesi. Húsið sem er 45 fm "kúluhús" er byggt úr timburgrind og er sérstakur dúkur strengdur yfir hluta grindarinnar, hinn hlutinn er úr gleri.

- Á lóðinni eru gróðurhús og geymsla fyrir verkfæri og grænmeti.
- Sjáfrennandi vatn.
- 2.000 lítra vatnstankur úr stáli.
- Sannkallaður sælureitur í sveit.

**FASTEIGNAMIÐLUN VESTURLANDS**
SOFFÍA MAGNÚSDÓTTIR, LÖGGILTUR FASTEIGNA- OG LEIGUMIÐLARI
KIRKJUBRAUT 40
SÍMI 431 4144 - 846 4144
**fastvest.is**

# Capacent Ráðningar
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á **www.capacent.is**

capacent

**nýbygging**

# Kópavogsgerði 5-7

- Einstök staðsetning – **sjávarútsýni** – ekkert byggt fyrir framan
- Glæsilegar 3ja herbergja íbúðir
- Stæði í bílahúsi fylgir flestum íbúðum
- Íbúðunum skilað fullbúnum með gólfefni, ásamt tækjum í eldhúsi, ísskáp og uppþvottavél
- Vandaður frágangur, eikar innréttingar, borðplötur úr granít, skápar upp í loft
- Afhendast eigi síðar en september 2016
- Íbúðir fyrir 55 ára og eldri sem eru félagar í Samtökum aldraðra









Stærðir frá **120 fm**

Verð frá **kr. 48,1 milljón**



Nánari upplýsingar veitir:
**Jórunn Skúladóttir,** sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958



Nánari upplýsingar veitir:
**Svan G. Guðlaugsson,** sölufulltrúi
svan@miklaborg.is **sími:** 697 9300



Nánari upplýsingar veitir:
**Jón Rafn Valdimarsson,** lögg. fasteignasali
jon@miklaborg.is **sími:** 695 5520

FASTEIGNASALAN
**MIKLABORG**
Lágmúla 4 108 Reykjavík

**569 7000**

**- með þér alla leið -**

**www.miklaborg.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.

# markaði

*ga sig að því. Hann telur*
*raðnum á næstunni.*

**Þetta er algjör breyting og menn verða að aðlaga sig að þeirri mynd.**

hruninu, sem var auðvitað mjög stórt í okkar hagkerfi og reyndar líka stórt á alþjóðlegan mælikvarða. Ég held að við eigum eftir að fara í gegnum talsverðar breytingar,“ segir Sigurður Atli. „Nú erum við að sjá mjög mikilvæga áfanga, eins og líkur á því að fjármagnshöft verði afnumin. Það kallar á breytingar. Við eigum eftir að sjá verulegar eignatilfærslur vegna haftaafnámsins og við eigum eftir að sjá verulegar eignarhaldsbreytingar á fjármálafyrirtækjunum. Og maður hlýtur að ætla það að nýir eigendur komi með nýjar áherslur. Þannig að það er eiginlega ómögulegt að segja fyrir um hvað framtíðin ber í skauti sér.“

*Það hefur verið rætt töluvert mikið um samskipti þín við mág þinn, Sigmund Davíð. Hvernig er samskiptum ykkar háttað og hefur umræðan um tengsl ykkar komið sér illa fyrir þig eða bankann?*

„Okkar samskipti eru afskaplega góð. Ég er búinn að þekkja Sigmund Davíð í rúmlega 10 ár, frá því löngu áður en hann byrjaði í pólitík. Umræðan hefur ekki verið óþægileg fyrir mig og hefur engin áhrif haft á bankann.“

## SKIPURIT NÝJA BANKANS




## TÍU STÆRSTU EIGENDUR BANKANS

| | |
|---|---|
| Sigla ehf. | 7,37% |
| Títan B ehf. | 7,23% |
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna | 7,10% |
| Mízar ehf. | 6,86% |
| Ingimundur hf. | 6,69% |
| Varða Capital ehf. | 6,69% |
| Eignarhaldsfélagið Mata hf. | 6,69% |
| Fagfjárfestasjóðurinn Norðurlj | 5,99% |
| Tryggingamiðstöðin hf. | 3,74% |
| Jakás ehf. | 3,48% |

➜ Þrír stærstu eigendur sameinaðs MP banka og Straums eru Steinunn Jónsdóttir og Tómas Kristjánsson í gegnum félagið Sigla ehf., Skúli Mogensen í gegnum félagið Títan B og Lífeyrissjóður verzlunarmanna.




# Óhjákvæmilegt að hafa skoðun á menntamálum

***Sveitastelpan Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir er nýr framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar. Hún var framkvæmdastjóri Leikfélags Akureyrar og síðar varð hún framkvæmdastjóri Menningarfélagsins Hofs.***



**SÖÐLAR UM** Í nýja starfinu mun Ingibjörg starfa við hlið Margrétar Pálu sem er stjórnarformaður Hjallastefnunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir var á dögunum ráðin framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar sem rekur 19 grunnskóla og leikskóla í 11 sveitarfélögum. Ingibjörg Ösp var framkvæmdastjóri Leikfélags Akureyrar á árunum 2003-2005 og markaðsstjóri KEA frá 2005-2008.

Frá árinu 2008 hefur Ingibjörg stýrt Menningarhúsinu Hofi á Akureyri, fyrst við stefnumótun og undirbúning starfseminnar fyrir hönd Akureyrarbæjar en svo sem framkvæmdastjóri Menningarfélagsins Hofs sem rekur húsið.

Ingibjörg Ösp flutti frá Akureyri og suður yfir heiðar í haust þegar yngsta barnið hennar fæddist. Hún hafði ákveðið að tímabært væri að söðla um eftir sjö ára starf fyrir Menningarhúsið Hof þegar starf framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar rak á fjörur hennar.

Ingibjörg Ösp segir að þótt starfið hjá Hjallastefnunni sé á margan hátt ólíkt þeim störfum sem hún hefur áður sinnt þá sé þar samt ákveðinn samhljómur. „Mennta- og menningarmál eru á margan hátt svo samofin og sömu prinsipp sem gilda um samfélagslega ábyrgð í báðum tilvikum,“ segir Ingibjörg Ösp. Hún segir að reynsla af rekstri Hofs muni nýtast henni í nýja starfinu. Að auki séu menntamál grunnstoð í samfélaginu og sem móðir fimm barna á ólíkum skólastigum hafi verið óhjákvæmilegt fyrir hana að setja sig inn í mál og hafa skoðun á þeim. Hún segist full tilhlökkunar að hefja störf með því góða fólki sem hjá Hjallastefnunni starfi.

Ingibjörg Ösp er viðskiptafræðingur frá Háskólanum á Akureyri og lauk meistaranámi þaðan í alþjóðaviðskiptum með áherslu á stjórnun og stefnumótun. Hún er alin upp í Eyjafjarðarsveit, er sveitastelpa en ólst þó ekki upp á bóndabæ. Hún er mikið náttúrubarn. „Mér finnst alveg best af öllu að komast heim í sveitina mína.“ Hún ætlar einmitt að fara norður í land í júlí með fjölskyldunni og njóta veðursins í sinni gömlu heimasveit.

Ingibjörg Ösp segir að sín helstu áhugamál séu samvera með fjölskyldunni og að sinna verkefnum sem þeim fylgja, en að auki hefur hún áhuga á að ferðast og skoða heiminn. „Og svo eru menningarmálin mér alltaf ansi hugleikin, leikhúsin og tónlistin,“ segir hún og bætir við að hún reyni að fylgjast eins vel með því sem gerist í leikhúsinu og tónlistinni og hún geti.

Ingibjörg Ösp er í sambúð með Magnúsi Geir Þórðarsyni útvarpsstjóra og á hún fimm börn á aldrinum níu mánaða til sautján ára.

jonhakon@frettabladid.is

## DÁSAMLEG MÓÐIR OG VINKONA



Ingibjörg er frábær samstarfsmaður og yfirmaður. Ég hef lært gríðarlega margt af henni og hún er mér mikil fyrirmynd. Ingibjörg er ákveðin og fylgin sér en alltaf tilbúin að hlusta á gagnrýni annarra. Hún vill hafa hlutina á hreinu og kemur sér alltaf beint að því sem mestu máli skiptir. Hún er hreinskiptin og heiðarleg en jafnframt skilningsrík og á auðvelt með að setja sig inn í aðstæður annarra. Ingibjörg hefur magnaða yfirsýn og ótrúlega orku sem drífur hana og þá sem með henni starfa áfram. Hún vinnur hratt, örugglega og á auðvelt með að taka ákvarðanir. Þessi metnaðarfulla kona er svo líka dásamleg móðir og vinkona sem er alltaf til staðar.

**Lára Sóley Jóhannsdóttir, verkefnastjóri í Hofi**



Áður en ég lýsi Ingibjörgu í starfi þá hlýt ég að nefna hvað hún er fullkomin móðir – og ótrúlega skemmtileg kona. Í starfi er Ingibjörg skipulögð, samviskusöm og öguð, svo ekki sé minnst á hvað hún er fylgin sér og hefur skýra sýn. Hún hefur á undanförnum árum unnið í skapandi umhverfi þar sem halda þarf hlutum á hreyfingu. Hennar hlutverk hefur verið að skapa ramma og örugga umgjörð þannig að listamenn og hugmyndasmiðir fái tækifæri til að njóta sín. Ég held að það séu kostir sem muni nýtast vel í þessu nýja verkefni því hjá Hjallastefnunni er hún að fara að vinna í lifandi umhverfi með mjög öflugum leiðtoga og hugmyndasmið, Margréti Pálu. Ég veit að Ingibjörg á eftir að blómstra í þessu eins og öðru.

**Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri**




# Bankaávísanir eru að hverfa af markaðnum

***Frá 1. september mun Íslandsbanki ekki afgreiða ávísanahefti. Landsbankinn tekur ekki við innlendum ávísunum á næsta ári.***



**ÁVÍSANIR** Þeim hefur fækkað snarlega sem nota ávísanir frá degi til dags. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Breytingar verða á næstunni á þjónustu við þann hóp neytenda sem enn notar ávísanir. Sá hópur er þó ekki stór í dag. Íslandsbanki mun ekki afgreiða tékkhefti frá og með 1. september næstkomandi. Í svari frá Eddu Hermannsdóttur, samskiptastjóra Íslandsbanka, við fyrirspurn Markaðarins kemur fram að bankinn mun þó taka við útistandandi tékkum áfram.

Landsbankinn mun hætta að taka við innlendum ávísunum á næsta ári. Í svari frá bankanum segir að ávísanir séu í dag nánast horfnar, örfáir aðilar nýti sér þessa leið til greiðslu fyrir vörur og þjónustu. „Þegar nær dregur þessari breytingu munum við hafa samband við notendur ávísana í okkar viðskiptavinahópi og kynna þeim breytinguna. Við eigum ekki von á vandræðum af þeim sökum,“ segir í svari frá Kristjáni Kristjánssyni, upplýsingafulltrúa bankans.

Landsbankinn segir að erlendir tékkar verði teknir til innheimtu líkt og verið hefur, en þeir teljist nánast á fingrum annarrar handar núorðið og yfirleitt sé um mjög sérstök tilvik að ræða. „Ávísanir eru einfaldlega leifar af gömlum tíma sem er á undanhaldi eða nánast horfinn og það er auðvitað fyrst og fremst ákvörðun viðskiptavina sjálfra að nýta sér aðrar leiðir til að borga fyrir vöru/þjónustu, bæði þægilegri og einfaldari,“ segir í svari Kristjáns. Arion banki ætlar að gefa út bankaávísanir áfram.

ingvar@frettabladid.is

> **Ávísanir eru einfaldlega leifar af gömlum tíma.**



**BANKASTJÓRINN** Í tilkynningu frá Arion banka segir að skuldabréfin hafi verið seld til allra Norðurlandanna og meginlands Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Arion banki gefur út skuldabréf fyrir 500 milljónir norskra króna:

# Endurfjármagna átta milljarða króna lán

Arion banki lauk í gær skuldabréfaútgáfu í norskum krónum. Samtals voru gefin út skuldabréf fyrir 500 milljónir norskra króna (8,3 milljarða íslenskra króna) til fimm ára. Skuldabréfin bera fljótandi NIBOR-vexti að viðbættu 2,95% vaxtaálagi.

Arion banki hefur á sama tíma gert skiptasamning sem þýðir að hluta vaxta og höfuðstóls er skipt í evrur. Vaxtakjör í evrum eru fljótandi EURIBOR að viðbættu 2,74% vaxtaálagi. Skuldabréfin voru seld til fjárfesta í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku og á meginlandi Evrópu. Í tilkynningu kemur fram að Pareto Securities sá um sölu skuldbréfanna og var umframeftirspurn í útboðinu.

Samhliða skuldabréfaútgáfunni nú hefur Arion banki keypt til baka 260 milljónir norskra króna af skuldabréfaútgáfu frá árinu 2013. Bankinn hafði áður keypt 59 milljónir og hefur hann því samtals keypt 319 milljónir norskra króna til baka af 500 milljón króna útgáfu frá árinu 2013.

Arion banki greiddi einnig í gær um 10 milljarða króna fyrir gjalddaga af víkjandi láni frá ríkissjóði. Þetta er í annað sinn á þessu ári sem bankinn greiðir fyrirframgreiðslu af víkjandi láni og hefur samtals greitt um 20 milljarða af um 30 milljarða víkjandi láni. Lánið var veitt í upphafi árs 2010 í tengslum við endurfjármögnun bankans. -jhh



Framkoma evruríkja, ESB og AGS gagnvart Grikkjum er til skammar:

# Grikkir þurfa að segja nei

Ef Grikkir fallast á skilyrði hinna evruríkjanna í þjóðaratkvæðagreiðslunni mun það þýða kreppu í landinu um ókomin ár. Þá gæti útganga þeirra úr myntsamstarfinu verið til góðs.

Neyðaráætlun sem hefur haldið Grikkjum á floti síðustu mánuði stöðvaðist í gær þegar Grikkir gátu ekki greitt 1,6 milljarða evra afborgun af láni hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) og urðu þar með fyrsta þróaða ríkið til að lenda í greiðslufalli hjá sjóðnum í 71 árs sögu hans.

Hinn virti franski hagfræðingur Thomas Piketty, sem skrifaði Capital in The Twenty-First Century, gríðarlega vinsæla bók um vaxandi ójöfnuð í heiminum, virðist átta sig á ósanngirninni í kröfum evruríkjanna, framkvæmdastjórnar ESB og AGS gagnvart Grikkjum. Þetta kemur fram í viðtali við hann í helgarútgáfu Financial Times. Hann bendir á tvískinnunginn sem felst í því af hálfu Þjóðverja og Frakka, sem fengu myndarlegar skuldaniðurfellingar eftir seinna stríð, að þröngva niðurskurðarhnífnum upp að hálsi Grikkja. Piketty kallar þetta „sameiginlegt minnisleysi“ (e. collective amnesia) hjá Þjóðverjum og Frökkum en hin evruríkin hafa gert þá kröfu til Grikkja að þeir borgi fjögur prósent af vergri landsframleiðslu næstu þrjátíu árin. „Hver trúir þessu? Hlutverk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í viðræðunum við Grikki er stórslys,“ segir Piketty.



**Markaðshornið**

**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@stod2.is

**Það hefur gengið illa í Grikklandi að ná niður launum og kaupmætti.**

Það hefur aldrei gerst í sögu myntsamstarfsins um evruna að eitt ríkjanna gangi út eftir að það varð meðlimur í klúbbnum. Í raun er ekki gert ráð fyrir því í regluverkinu um myntsamstarfið að ríki hætti í því. Þá greinir menn líka á um hvort Grikkir þurfi yfirleitt að hætta ef þeir virða skuldbindingar sínar að vettugi. Þegar lánasamningar eru vanefndir þá eru afleiðingarnar yfirleitt háðar afstöðu viðsemjandans. Angela Merkel sagði á mánudag að Þjóðverjar væru opnir gagnvart því að semja að nýju eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna óskuðu Grikkir eftir því.

Milton Friedman heitinn, Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, spáði því í grein árið 1997 að evran, sem þá hafði ekki verið tekin í notkun, myndi leiða til pólitískrar sundrungar í Evrópu. Spá hans virðist hafa ræst.

Brussel og Berlín bera mikla ábyrgð á þeirri vondu stöðu sem Grikkir eru í. Niðurskurðarkrafan sem var sett á gríska ríkið eftir efnahagshrunið varð til þess að dýpka kreppuna enn frekar í Grikklandi. Ef Grikkir fara úr evrunni þá gæti falist í því tækifæri til að ráðast í nauðsynlegar umbætur á regluverkinu utan um myntsamstarfið. Hin PIIGS-ríkin hafa flest náð viðspyrnu eftir banka- og gjaldeyrishrunið og því er ósennilegt að eitthvert þeirra lendi í sambærilegri stöðu og Grikkir eru í núna.

Það hefur gengið illa í Grikklandi að ná niður launum og kaupmætti til að gera landið samkeppnishæft að nýju. Með því að taka upp eigin gjaldmiðil á ný geta þeir fellt gengið og náð vopnum sínum.

Það verður enginn sigurvegari í atkvæðagreiðslunni á sunnudag. Af tveimur vondum kostum er nei skárri. Grikkir þurfa að fella skilyrðin á sunnudag og það gæti verið gott fyrir þá til lengri tíma að hætta í myntsamstarfinu.

„Já“ á sunnudag myndi þýða nánast botnlausa kreppu sem væri þungur kross að bera fyrir framtíðarkynslóðir Grikkja eða það sem Joseph Stiglitz kallar „pyndingar samtímans“.

## Ferðamenn skoða sig um á Akrópólishæð



**GREIÐSLUFALL BLASIR VIÐ** Allt útlit var fyrir það í gær að Grikkir myndu ekki ná að greiða 1,6 milljarða evra af láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem var á gjalddaga í gær. Hræðsla vegna yfirvofandi brotthvarfs Grikklands úr evrusamstarfinu og Evrópusambandinu eykst. Það væsti þó ekki um ferðamenn sem skoðuðu sig um á Akrópólishæð. NORDICPHOTOS/AFP

# Skjóðuleg hagfræði

**Skoðun**



**Ásgeir Daníelsson**
forstöðumaður rannsóknar- og spádeildar í Seðlabanka Íslands

Í Markaðinum, kálfi Fréttablaðsins, 17. júní sl., er pistill undir yfirskriftinni „Skjóðan“. Þessi pistill inniheldur harða gagnrýni á Seðlabankann og vaxtahækkunina 10. júní. Auðvitað orkar allt tvímælis þá gjört er og nauðsynlegt að fjölmiðlar landsins veiti Seðlabankanum aðhald. En stundum þurfa fjölmiðlar líka aðhald.

**Eftirspurnar- og kostnaðarverðbólga**

Höfundur Skjóðunnar segir að „[g] rundvallarmunur er á eftirspurnarverðbólgu annars vegar og kostnaðarverðbólgu hins vegar“ og bætir við að „[í] kostnaðarverðbólgu er mjög varasamt, og jafnvel glæfralegt, að bregðast við með hækkun vaxta.“ Vandinn er að vextir eru kostnaður fyrirtækja og því þurfa þau að „hækka vöruverð enn meira en ella“. Það er rétt að vextir eru kostnaðarþáttur en vextir hafa líka áhrif á eftirspurn. Í þeim líkönum sem seðlabankar heimsins styðjast við er það nær alltaf niðurstaðan að hækkun (raun)vaxta lækkar verðbólgu.

Það er nokkuð augljóst að launabreytingar hafa áhrif á kostnað fyrirtækja og einnig eftirspurn. Höfundur Skjóðunnar telur hins vegar að sú „óhjákvæmilega“ aukning verðbólgunnar sem leiði af kjarasamningunum sé alfarið vegna aukins kostnaðar fyrirtækja og fullyrðir: „Í ljósi skulda- og framfærsluvanda stórs hluta heimila landsins er ólíklegt að launahækkanir hjá lág- og meðaltekjufólki hafi teljandi áhrif á aukna eftirspurnarþenslu í hagkerfinu.“ Þetta er skrítin fullyrðing. Er ekki nærtækt að ætla að framfærsluvandi stórs hluta heimila leiði til þess að fólk noti það svigrúm sem launahækkanirnar gefa til að auka neyslu frekar en að það spari mestan hluta af hækkun launanna? Sú niðurstaða er í samræmi við nýjustu rannsóknir á þessu sviði í öðrum vestrænum löndum þar sem menn horfa meir en áður til áhrifa tekjuskiptingar á eftirspurnina.

Það er mat Seðlabankans að eftirspurnin í hagkerfinu sé að verða meiri en framleiðslugetan. Við þær aðstæður hefur vaxtahækkun lítil áhrif á hagvöxt og atvinnu en getur hins vegar dregið úr verðbólgu þannig að kaupmáttur launa verði meiri en ella.

**Vaxtamunaviðskipti**

Höfundur Skjóðunnar bendir á að hækkun innlendra vaxta hvetji til vaxtamunaviðskipta. Fleira spilar þarna inn í sbr. að Danir hafa glímt við mikið innflæði skammtímafjár að undanförnu þrátt fyrir neikvæða nafnvexti og hér óttast flestir fjármagnsflótta krónueigna þegar höftum verði aflétt þrátt fyrir mikinn vaxtamun.

Stjórnun peningamála í litlu opnu hagkerfi er vissulega vandasöm en sú fullyrðing að „hávaxtastefna Seðlabankans leiddi til stórfelldra vaxtamunarviðskipta auk þess sem íslensk fyrirtæki og neytendur kusu að fjármagna sig með gengisbundnum lánum fremur en að borga hina háu vexti Seðlabankans“ á árunum fyrir fall bankanna er mjög misvísandi svo ekki sé meira sagt. Á árunum 2005-2008 gáfu erlendar fjármálastofnanir út jöklabréf sem þeir seldu erlendum aðilum, keyptu krónur til að tryggja sig gegn gengishækkun krónunnar og lánuðu féð til íslenskra aðila. Fjárhæð útistandandi jöklabréfa varð hæst í ágúst 2007 þegar hún nam 441 ma.kr. eða fjórðungi landsframleiðslunnar. Bankarnir skulduðu Seðlabankanum hundruð ma.kr. á þessum árum þrátt fyrir háa vexti. Hæst var skuldin í september 2008 þegar hún nam 456 ma.kr. Þess vegna er því sums staðar haldið fram, t.d. í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, að vextir Seðlabankans hafi verið of lágir en ekki of háir á þessum tíma.

Það er langt í frá að allir hafi farið yfir í lán í erlendri mynt/gengistryggð lán. Ef miðað er við tímabilið frá júní 2004 til júní 2007 jukust útlán innlánsstofnana til heimila um 562 ma.kr. Þar af nam aukning í gengistengdum lánum 83 ma.kr. en aukning í lánum í krónum var 479 ma.kr. Fyrirtækin tóku meira af lánum í erlendri mynt en gerðu það einnig áður en þenslan byrjaði. Á árunum 2003-2005 voru gengistengd lán um 57% af öllum lánum innlánsstofnana til fyrirtækja annarra en eignarhaldsfélaga en þá voru gengistengd lán innlánsstofnana til heimila 1-2% af öllum lánum. Þessi hlutföll fóru í 65% og 8% um mitt ár 2007 og í 75% og 17% í september 2008 eftir mikla lækkun á gengi krónunnar.

Vissulega leiddu vaxtamunaviðskiptin til „stórfelldra“ erlendra lána til íslenskra aðila, mest banka, í krónum, en ef við miðum við ágúst 2007 þegar fjárhæð útgefinna jöklabréfa nam 441 ma.kr. voru erlendar skuldir innlánsstofnana 5.128 ma.kr. og höfðu aukist um 881 ma.kr. frá lokum ársins 2006, sem sýnir að erlend fjármögnun íslenskra bankakerfisins í erlendum myntum var margfalt meiri. Þar lá vandinn.

***Skoðanir í þessari grein þurfa ekki að endurspegla skoðanir bankans.***

# Hámörkuð nýting á markaðsfé

**Hin hliðin**

**Eva Magnúsdóttir**
framkvæmdastjóri
Podium ehf.



Fyrirtæki vilja gjarna hámarka nýtingu á markaðsfé sínu og mikilvægt er að hitta í mark. Aðgerðaáætlun í markaðsmálum þarf að tvinna saman notkun á mismunandi miðlum, hefðbundnum miðlum, almannatengslum, vefmiðlum og ýmsum samfélagsmiðlum eftir því sem við hæfi þykir og markhópinn er að finna. Skipulagðar greiningar á markhópum og hegðun þeirra getur hjálpað fyrirtækjum að hámarka nýtingu á markaðsfé og ná til þess hóps er tala skal til.

Markaðsherferðir sem einskorða sig við auglýsingar í sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum heyra sögunni til. Hver og einn er nú sinn eigin fjölmiðlastjóri og flestir neyta efnisins þegar þeim hentar en binda sig ekki við hinn hefðbundna dagskrártíma. Sífellt færri horfa á línulega dagskrá og auglýsing á besta stað í sjónvarpi er ekki trygging fyrir því að ná til markhópsins. Stór hluti fjölmiðlatíma fólks fer í hina ýmsu miðla á vefnum. Það þarf að endurspegla skiptingu á markaðsfé.

Samfélagsmiðlar eiga það sameiginlegt að byggjast fyrst og fremst á gagnvirkum samskiptum þeirra sem nota miðilinn. Notendur miðla eigin efni og skoðunum og deila efni annarra. Stór hluti íslensku þjóðarinnar notar samskiptamiðla oft á dag eða yfir 60%. Með réttu vali á samfélagsmiðlum út frá stefnumótun og markhópagreiningu má hámarka sýnileika fyrirtækisins til rétta markhópsins og þannig hámarka fjárfestingu í markaðsmálum.

Efnismarkaðssetning snýst um að búa til og dreifa efni sem hefur virði fyrir markhópa fyrirtækisins í þeim tilgangi að laða að sér viðskipti. Fyrirtækið dregur viðskiptavini nær sér og byggir upp traust sambönd til lengri tíma. Samfélagsmiðlar snúast m.a. um efnismarkaðssetningu, leitarvélabestun, þ.e. að finnast á leitarvélum á borð við Google, auk þess sem blogg, greinaskrif, tölvupóstsmarkaðssetning o.fl. er efnismarkaðssetning. Hægt er að nýta hana með góðum árangri með mun minna fjármagni en hefðbundnari markaðsleiðir á borð við auglýsingar.

Með góðum og heiðarlegum samskiptum við fjölmiðla er jafnframt unnið að því að byggja upp fyrirtæki með sterkari ímynd. Það skiptir máli að sá boðskapur sem fyrirtækið ber á borð styðji við uppbygginguna á ímynd þess og stefnu og gjörðir þess séu í samræmi við það sem sagt er. Það skiptir því miklu máli að fyrirtæki móti sér stefnu um það hvernig samskipti þau ætla að eiga við samfélagið. Mótun samfélagsstefnu er eitt af því sem ábyrg fyrirtæki gera.

SKEMMTILEGIR

# DRÓNAR Í SUMARFRÍIÐ!



Parrot

## ROLLING SPIDER

**FLUGDRÓNI SEM SKRÍÐUR MEÐ VEGGJUM OG LOFTI**

Flugdróni fyrir krakka með myndavél og hlífðardekkjum til að láta skríða með loftum og veggjum. Dregur allt að 20 metra með Bluetooth. Virkar á iOS, Android og Windows 8.1 símum og spjaldtölvum.

**17.995 KR.**

VENJULEGT VERÐ 22.995 KR.



MEÐ MYNDAVÉL FYRIR KYRRMYNDIR



HLÍFÐARDEKK TIL AÐ VERNDA HREYFLANA



Parrot

## JUMPING SUMO

**BARNADRÓNI SEM KEYRIR OG HOPPAR**

Stórskemmtilegur dróni fyrir krakka í fríinu. Stýrt með snjallsíma og streymir myndefninu beint í símann. Kemst 2 metra á sekúndu, hoppar upp í 80 cm og snýst í 90° eða 180°.

**24.995 KR.**

VENJULEGT VERÐ 32.995 KR.



STJÓRNAÐU MEÐ SÍMA EÐA SPJALDTÖLVU



HOPPAR Í 80 CM HÆÐ




tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

MARKAÐURINN
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**

**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 132,24 | DKK 19,75 | NOK 16,78 | CHF 141,23 |
| GBP 207,96 | EUR 147,30 | SEK 15,92 | JPY 1,08 |

**FTSE 100**
6.520,98 -99,50 (1,50%)

**Viðskiptavefur Vísis**
@VisirVidskipti

## 51,5% AUKNING

**Góð loðnuveiði breytir miklu**

Verðmæti sjávarafla nam rúmum 19,1 milljarði í mars, 51,5% meira en í mars 2014. Hagstofan segir að þar vegi þyngst aflaverðmæti loðnu sem nam rúmum 4,9 milljörðum króna samanborið við 1,1 milljarð í mars í fyrra. Aflaverðmæti botnfisks nam rúmum 13,1 milljarði í mars sem er 22,7% aukning frá fyrra ári. Þorskur er verðmætasta botnfisktegundin.

**29.06.2015** Vandi okkar á sínum tíma átti það sameiginlegt með vanda Grikkja núna að þegar peningar streyma inn í landið, í gegnum ríkisgeirann hjá þeim en bankakerfið hjá okkur, þá hækkar verðlag og laun innanlands. Það verður góðæri en það er byggt á lánum. Þau lönd sem byggja lífskjör sín á lántökum þurfa einhvern tímann að enda þetta tímabil og lækka sín lífskjör. Það gerðist hér með gengisfalli krónunnar. Það hefur gengið erfiðlega í Grikklandi.

***Gylfi Zoëga,** prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands.*



## 3 MILLJARÐAR

**Halli á vöruskiptum í maí**

Fluttar voru út vörur fyrir 54,3 milljarða króna og inn fyrir 57,2 milljarða króna í maí. Vöruskiptin í maí voru því óhagstæð um 2,9 milljarða króna. Í maí 2014 voru vöruskiptin hagstæð um 5,0 milljarða króna á gengi hvors árs.

Fyrstu 5 mánuði ársins voru fluttar út vörur fyrir 276,2 milljarða króna en inn fyrir tæpa 274 milljarða.

## STJÓRNARMAÐURINN

### Að kíkja undir húddið

Fjölmiðlar fjölluðu á dögunum um hlutafjáraukningu hjá Lauf Forks sem framleiðir gaffla fyrir fjallahjól. Fram kom að aukningin næmi hundrað milljónum króna og að féð yrði notað til aukinnar markaðssóknar og vöruþróunar.

**LAUF FORKS** er alvöru nýsköpunarfyrirtæki sem hefur selt og framleitt að eigin sögn léttasta reiðhjólagaffal í heimi. Félagið selur nú til söluaðila í um það bil þrjátíu löndum, auk þess að selja beint til keppnisliða og einstaklinga.

**VIÐ** þetta bætist að stofnendur eru ekki bara sprengmenntaðir á sviði iðnhönnunar og verkfræði, heldur augljóslega einnig miklir hjólaáhugamenn. Fyrir utanaðkomandi virðist því svo sem þarna fari saman bæði kunnátta og brennandi áhugi á viðfangsefninu. Lauf Forks er með öðrum orðum einkar áhugavert félag.

**ÞVÍ** voru nokkur vonbrigði fyrir áhugasama að lesa fréttir af hlutafjáraukningunni. Engin tilraun var gerð á neinum miðli til að setja hana í samhengi, eða til að spyrja lykilspurninga. Hvað voru margir hlutir seldir í aukningunni, og hver var þar af leiðandi verðmiði félagsins í viðskiptunum? Hverjir keyptu hlutafé, voru það fyrri hluthafar eða komu nýir að borðinu? Þynntist eignarhlutur stofnendanna út eða halda þeir sínu? Hvað hefur mikið fé verið sett inn í félagið frá stofnun?

**ÞVÍ** miður er þetta of algengt í umfjöllun íslenskra fjölmiðla um viðskipti.

**EFNAHAGSFRÉTTIR** taka allt plássið en þegar kemur að málefnum fyrirtækjanna sjálfra eru fréttatilkynningar étnar upp hráar og engin tilraun gerð til að skyggnast bak við tjöldin. Hvort um er að kenna áhugaeða kunnáttuleysi skal ósagt látið, en eitt er ljóst að eftirspurn hlýtur að vera eftir öflugri umfjöllun um málefni stórra og smárra fyrirtækja í landinu.

### Að berjast fyrir vondum málstað

**LEIGUBÍLSTJÓRAR** í París og víðar í Frakklandi stóðu nýverið fyrir miklum mótmælum vegna starfsemi Uber í landinu. Fyrir þá sem ekki vita þá er Uber snjallforrit sem tengir leigubílstjóra og farþega saman milliliðalaust.

**UBER** er allt í senn hentugra, ódýrara, sveigjanlegra og öruggara en hefðbundnir leigubílar í stórborgum. Bílstjórinn kemur þegar þú vilt, þú sérð framgang hans á gagnvirku korti og bílaflotinn er nýr og öruggur. Með öðrum orðum, allt sem hefðbundin leigubílaþjónusta er ekki.

**VITASKULD** er skiljanlegt að menn berjist fyrir lífsviðurværi sínu. Málstaðurinn er hins vegar ekki góður ef verið er að berjast gegn betri og ódýrari þjónustu. Nær væri að taka til í eigin ranni.

@stjornarmadur

Hagkvæm fjármögnun atvinnutækja

**Landsbankinn býður fyrirtækjum** hagkvæma fjármögnun á bifreiðum, vélum og rekstrartækjum. Við bjóðum sveigjanleika í greiðslubyrði og allt að 80% lánshlutfall.

Kynntu þér bílafjármögnun Landsbankans á landsbankinn.is.



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# SAMSUNG

# 48" er vinsælasta stærðin

## Bein eða bogin - þín upplifun

Besta verðið



**Samsung H5005**

48" : 139.900.-




**Samsung JU6675**

48" : 239.900.-

ULTRA HD

**Samsung JU6415**

48" : 249.900.-




**Samsung JU6515**

48" : 279.900.-

**Samsung JU7005**

48" : 299.900.-




FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 |

## Veðurspá

Miðvikudagur

Stíf norðaustan átt norðvestantil á landinu í dag og rigning, en mun hægari austanátt sunnan- og austanlands og úrkomuminna. Dregur úr vindi og úrkomu annað kvöld. Hiti 8 til 17 stig, hlýjast inn til landsins.



### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° | 5° | 8° |
| 4 | 5 | 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° | 13° | 9° |
| 4 | 5 | 3 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° | 6° | 14° |
| 5 | 2 | 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 17° | 14° | 7° |
| 8 | 5 | 6 |

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** niður, **6.** frá, **8.** titill, **9.** háttur, **11.** Samtök, **12.** umhverfis, **14.** korr, **16.** karlkyn, **17.** rotnun, **18.** farfa, **20.** hreyfing, **21.** útgáfunr. tónverks.

**LÓÐRÉTT**
**1.** steintegund, **3.** tveir eins, **4.** urmull, **5.** nudda, **7.** flutningaskip, **10.** kjaftur, **13.** Bjargbrún, **15.** bylgja, **16.** kjafi, **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ofan, **6.** af, **8.** frú, **9.** lag, **11.** aa, **12.** kring, **14.** snörl, **16.** kk, **17.** fúi, **18.** lit, **20.** ið, **21.** ópus.
**LÓÐRÉTT: 1.** talk, **3.** ff, **4.** aragrúi, **5.** núa, **7.** farskip, **10.** gin, **13.** nöf, **15.** liða, **16.** kló, **19.** tu.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Stefán Bergsson (2.063) hafði hvítt gegn Elsu Maríu Kristínardóttur (1.875) í áskorendaflokki Íslandsmótsins í skák.**

**42. De4! Hxf5** (42...Hxd1 43. Dg4+ og mátar) **43. Hxd7! Dxd7 44. e8D+ Dxe8 45. Dxe8+** og hvítur vann skákina nokkru síðar.
**www.skak.is:** Ný alþjóðleg skákstig.



**Hvítur á leik**




## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | | 2 | 9 | | | | |
| 8 | | | | | 1 | | | 7 |
| 6 | | 2 | 5 | | | | | 4 |
| | 2 | 8 | 9 | 3 | 5 | 4 | 7 | |
| | | 3 | | | 7 | | | 2 |
| | | | 4 | 6 | | | | |
| 7 | | | | | | 3 | | |
| | | | 1 | 5 | 4 | | | |
| 2 | 5 | | | | | | 1 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 1 | 2 | | | | 7 | |
| 6 | 7 | | | | | | 1 | |
| | | 9 | | | | | 5 | |
| 5 | | 8 | 3 | 7 | | | 4 | 1 |
| | | | | | 2 | 6 | | 3 |
| | 3 | | | | | | | 7 |
| | 9 | 5 | 8 | | | | | |
| 1 | 8 | | | 3 | 4 | | 6 | |
| 3 | | | | 5 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 1 | | | | | 9 | |
| | | | | | | | | 7 |
| | | 8 | | | | | | |
| | 8 | | 7 | | | | 2 | 4 |
| | | | 9 | | | | | 8 |
| 6 | | 7 | 3 | | | | | |
| | | 4 | | | | 3 | 5 | |
| 3 | 5 | 9 | 4 | 8 | | 2 | | |
| 1 | | | | 6 | | 4 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 2 | 3 | 4 | 9 | 7 | 5 | 1 |
| 3 | 9 | 5 | 1 | 2 | 7 | 8 | 4 | 6 |
| 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 8 | 9 | 2 | 3 |
| 7 | 5 | 6 | 4 | 9 | 2 | 1 | 3 | 8 |
| 2 | 1 | 8 | 6 | 3 | 5 | 4 | 9 | 7 |
| 9 | 3 | 4 | 7 | 8 | 1 | 2 | 6 | 5 |
| 8 | 2 | 3 | 9 | 7 | 6 | 5 | 1 | 4 |
| 5 | 6 | 9 | 8 | 1 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 3 | 6 | 8 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 4 | 8 |
| 6 | 4 | 9 | 8 | 1 | 5 | 3 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 8 | 7 | 2 | 4 | 5 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 1 | 3 | 5 | 9 | 8 | 7 | 4 |
| 8 | 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 9 | 5 | 2 |
| 5 | 9 | 4 | 2 | 7 | 8 | 6 | 1 | 3 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 9 | 1 |
| 9 | 8 | 2 | 1 | 6 | 7 | 4 | 3 | 5 |
| 4 | 1 | 7 | 5 | 9 | 3 | 2 | 8 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 4 | 9 | 1 | 5 | 2 | 3 | 6 |
| 5 | 9 | 2 | 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 1 |
| 6 | 1 | 3 | 8 | 4 | 2 | 5 | 7 | 9 |
| 8 | 7 | 1 | 5 | 6 | 4 | 3 | 9 | 2 |
| 2 | 3 | 5 | 7 | 9 | 8 | 6 | 1 | 4 |
| 9 | 4 | 6 | 2 | 3 | 1 | 7 | 5 | 8 |
| 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 6 | 8 | 4 | 7 |
| 3 | 6 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 2 | 5 |
| 4 | 5 | 8 | 1 | 2 | 7 | 9 | 6 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

THULE® SWEDEN

# Ferðabox og hjólafestingar




Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is/ferdavorur | stilling@stilling.is

# STJARNA Í NÆRMYND IGGY POP



FULLT NAFN **James Newell Osterberg, Jr.**

FÆDDUR **21. apríl 1947**

FORELDRAR **Louella og James Newell Osterberg, Sr.**

EIGINKONUR **Wendy Weissberg í nokkrar vikur árið 1968, Suchi Asano 1984-1999, Nina Alu 2008 til dagsins í dag.**

BÖRN: **Eric Benson fæddur 1970.**

Iggy Pop er einn þeirra sem spila á ATP-hátíðinni sem haldin verður á Ásbrú um næstu helgi.

Iggy Pop á viðburðaríkan feril að baki. Hann er talinn af mörgum einn frumkvöðla pönksins.

Iggy er best þekktur fyrir að stofna sveitina The Psychedelic Stooges sem varð síðar að The Stooges. Aðalfyrirmyndir Iggy og The Stooges voru Velvet Underground og Doors. Fyrsta plata Stooges kom út 1969 og vakti mikla athygli.

Árið 1973 hætti The Stooges og Iggy sneri sér að sólóferli. Hann hefur unnið mikið með David Bowie og gefið út um þrjátíu plötur. Hann er þekktur fyrir frumlega, og á köflum tryllta, sviðsframkomu.



AFP/NORDICPHOTOS

**FRUMLEG SVIÐSFRAMKOMA** Iggy Pop er þekktur fyrir líflega og frumlega sviðsframkomu – sem er ógeðsleg á köflum. hann hefur meðal annars skorið sig til blóðs á sviði.



**KOMA FRAM** Hljómsveitin Úlfur Úlfur er á meðal þeirra sveita sem bæst hafa í hópinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fleiri sveitir bætast í hópinn

Skipuleggjendur Iceland Airwaves tilkynntu í gær um fleiri listamenn sem koma fram á hátíðinni í ár en alls verða þeir um 200 talsins. Bandaríska hljómsveitin Mercury Rev, breski rapparinn Jme, breska söngkonan Lucy Rose, Kippi Kanínus, Sturla Atlas, Úlfur Úlfur, Súrefni og Grísalappalísa eru á meðal þeirra 45 hljómsveita sem bæst hafa á listann.

Þeir bætast í hóp fjölda listamanna sem áður hafa verið tilkynntir eins og Björk, John Grant og Sinfóníuhljómsveit Íslands, Mammút og Vök.

Hátíðin fer fram dagana 4. til 8. nóvember og er undirbúningur í fullum gangi. - glp

FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

# Frægir á ferð og flugi



**GÖMLU BRÝNIN** Arnold Schwarzenegger og Sylvester Stallone voru spengilegir á frumsýningu myndarinnar Terminator Genisys í Hollywood.




**LAGLEG** Caitlyn Jenner spásseraði um New York í vikunni þar sem hún þræddi búðir og naut sín í botn.



**SPRELLARAR** Boxarinn Floyd Mayweather hafði það huggulegt í bráðskondnum félagsskap söngkonunnar Rihanna á BET-verðlaununum.



**RUBY ROSE** Skvísan sem allir elska í dag var sakleysisleg í fasi á LAX-flugvellinum í vikunni.



**SÆLLEG** Janice Dickinson, Americas Next Top Model-skessa með meiru, lét sig ekki vanta á frumsýningu Lord of the Freaks í vikunni.



**FERÐALANGUR** Kim Kardashian var á hraðferð í gegnum LAX-flugvöllinn, ætli hún hafi tekið eftir fröken Rose?

Viltu vita hvað eignin þín hefur hækkað í verði ?
Frítt verðmat og framúrskarandi þjónusta í þína þágu.


Kristján Þ. Hauksson
Sölufulltrúi.
696 1122
kristjan@fastlind.is
Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali.
510 7900
www.fastlind.is
LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

# SUMARÚTSALA

ALLT AÐ

# 70% AFSLÁTTUR*

Sumarleikföng - 70% afsláttur

Spil og púsl - 25% afsláttur

Umbra gjafavara - 30% afsláttur

Kikkerland gjafavara - 30% afsláttur

Lego geymslubox - 30% afsláttur

Gjafakort - 49 kr.

*Gildir til og með 15. júlí, á meðan birgðir endast, í öllum verslunum. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

# Tökur á nýrri kvikmynd í Reykjavík

**Ný mynd eftir Sólveigu Anspach sem ber nafnið L´effet Aquatique skartar leikurum á borð Ingvar E. Sigurðsson og Diddu Jónsdóttur.**

Undanfarið hafa staðið yfir tökur á nýrri kvikmynd í Reykjavík eftir Sólveigu Anspach. Myndin heitir L‘effet Aquatique og er íslensk/frönsk framleiðsla.

Hún skartar mörgum þekktum íslenskum leikurum og þar má nefna Diddu Jónsdóttur, Frosta Jón Runólfsson, Ingvar E. Sigurðsson, Jóhannes Hauk Jóhannesson, Kristbjörgu Kjeld og Nönnu Kristínu. Aðalhlutverkin leika frönsku leikararnir Florence Loiret Caille og Samir Guesmi en þau eru nokkuð þekktir leikarar í Frakklandi.

Tökur fóru meðal annars fram í tónlistarhúsinu Hörpu, Ráðhúsi Reykjavíkur, Hvalfirði og víðar.

Um er að ræða gamanmynd og er hún í raun framhald af myndunum Skrapp út og Queen of Montreuil sem Sólveig leikstýrði einnig.

Leikstjóri myndarinnar er, eins og fyrr segir, Sólveig Anspach en hún hefur leikstýrt fjölda mynda, líkt og íslensku myndunum Stormviðri og Skrapp út. Á undanförnum árum hefur hún sannað sig sem einn af fremstu leikstjórum Frakklands og var seinasta mynd hennar, Lulu Femme Nue, sú mynd sem sýndi mestan hagnað árið 2013 þarlendis. Sólveig skrifar einnig handritið ásamt Jean-Luc Gaget.

Zik Zak kvikmyndir og Ex Nihilo framleiða myndina. Zik Zak hefur meðal annars framleitt kvikmyndirnar Nói albinói, Brim, Eldfjall, Svartur á leik og París norðursins.

gunnarleo@frettabladid.is



**AÐ GERA GÓÐA HLUTI** Sólveig Anspach leikstýrir myndinni. Þá leikstýrði hún einnig myndinni, Lulu Femme Nue, en sú mynd sýndi mestan hagnað árið 2013 í Frakklandi.



**STUNDU MILLI STRÍÐA** Leikarinn Jóhannes Haukur Jóhannesson sýpur hér á kaffi. á milli takna glaður í bragði



**UMFANG** Hér sjáum við hluta af þeim búnaði sem notaður var í upptökunum.



**GAMAN SAMAN** Hér er hluti hópsins að gera klárt fyrir upptökur en þær fóru fram víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu á dögunum.




# DEBENHAMS

*Sumar*

# ÚTSALAN
## HELDUR ÁFRAM

# 30-70 %
**AFSLÁTTUR**

AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM



**BARA Í DAG!**

**20%**
**AFSLÁTTUR AF:**
Öllum snyrtivörum*

*gildir ekki af MAC vörum



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Öllum barnastuttbuxum

RJR. JOHN ROCHA



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Öllum dömufatnaði frá John Rocha á útsölu



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Öllum dömutöskum á útsölu

redherring



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Öllum dömu- og herraskóm frá Red Herring á útsölu

**Opið** í dag frá 11:00 - 21:00

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR







LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| TERMINATOR GENISYS | 5, 8, 10:30(P) |
| TED 2 | 8, 10:20 |
| JURASSIC WORLD 2D | 8, 10:35 |
| INSIDE OUT 2D - ÍSL TAL | 5 |
| HRÚTAR | 4, 6 |







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| TERMINATOR 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| TERMINATOR 2D VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |
| ENTOURAGE | KL. 5:30 - 8 - 10:40 |
| JURASSIC WORLD 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SAN ANDREAS 2D | KL. 8 - 10:30 |
| TOMORROWLAND | KL. 5:20 |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 8 - 10:40 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| TERMINATOR 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:20 - 10:40 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |
| INSIDE OUT ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 - 8 |
| ENTOURAGE | KL. 8 - 10:10 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| TERMINATOR 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:35 |
| TED 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 5:20 |
| INSIDE OUT ENSKT TAL 2D | KL. 6 - 8 - 10:10 |
| ENTOURAGE | KL. 8 - 10:20 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| TERMINATOR 3D | KL. 8 - 10:40 |
| TED 2 | KL. 8 - 10:30 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| TERMINATOR 3D | KL. 8 - 10:40 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 3D | KL. 5:45 |
| INSIDE OUT ENSKT TAL 2D | KL. 5:45 |
| ENTOURAGE | KL. 8 |
| SAN ANDREAS 2D | KL. 10:40 |

# Sprengja í framboði á förðunarfræðingum

**Ungar stelpur flykkjast í förðunarskóla til þess að læra að mála sig sjálfar eða verða förðunarfræðingar. Álitsgjafar Fréttablaðsins telja of marga förðunarskóla hér á landi bjóða upp á sama nám með sömu áherslum. Þær sem vilja verða förðunarmeistarar verða að leita til útlanda.**

Förðunarskólar virðast spretta upp hægri vinstri hér á landi og margar ungar stúlkur eru að borga að meðaltali 316.000 krónur fyrir grunnnámskeið sem skilar sér þó ekki í einingum sem hægt er að taka með sér í áframhaldandi nám. Námskeiðin virðast oft vera svipuð á milli skóla og verðið hátt fyrir stutt námskeið svo Fréttablaðið ákvað að kanna hvað er innifalið og hver munurinn er á grunnnámskeiðum hjá vinsælustu skólunum á höfuðborgarsvæðinu.

Við náðum tali af talsmönnum Mood Make Up School, NN Make Up School, Reykjavík Make Up School og MUD Make Up School. Flestir skólarnir bjóða nemendum sínum upp á byrjunarpakka fyrir námskeiðin sem innihalda förðunarvörur, bursta og snyrtitöskur. Tveir skólar bjóða upp á átta vikna námskeið sem kennt er fjórum sinnum í viku og kosta bæði í kringum 370.000 krónur. Nýr skóli verður opnaður í haust þar sem boðið verður upp á að vera í heilsdagsskóla sem stendur í sex vikur. Þar sem margt er í boði er mikilvægt að tilvonandi nemendur þekki muninn á förðunarskólunum sem standa til boða.

Fréttablaðið hafði einnig samband við nokkra álitsgjafa til að fá þeirra skoðun á förðunarmenningunni og -skólunum hér á landi. Flestir voru sammála um að of margir skólar kenndu förðun hér á landi þar sem lítil eftirspurn er eftir förðunarfræðingum. Sumum fannst einnig kennslan vera of lítil til þess að fólk gæti útskrifað og titlað sjálft sig sem förðunarfræðinga. Það eru þó vissulega margar stúlkur sem fara í förðunarnám fyrir sjálfar sig en ekki til þess starfa við það í framtíðinni.

gunnhildur@frettabladid.is





**„Skólarnir eru jafn misjafnir og þeir eru margir. Þeir koma og fara mjög hratt. Margir skólar virðast elta ákveðin trend í staðinn fyrir að kenna förðun sem list. Þetta verður alltaf dýrt nám og þess vegna þarf að nota skynsemina þegar verið er að velja skóla.**

*Adda Soffía Ingvarsdóttir, ritstjóri förðunarsviðs Glamour*



**„Mér finnst skólarnir hérna vera of margir á sama leveli og það er ekki mikið úrval, þess vegna hefur námið staðnað. Ég held að ástæðan fyrir auknum áhuga séu samfélagsmiðlar og blogg. Það eru auðvitað ekki allir sem fara í svona nám að fara að starfa við þetta, það eru margir sem vilja bara læra að farða sjálfa sig sem er bara gaman.**

*Guðbjörg Huldís Kristinsdóttir förðunarmeistari*



**„Þessir skólar eru mest að bjóða upp á mikinn grunn, það er ekki hægt að segja að þetta sé mikið nám. Förðunarskólar hafa alltaf verið mjög vinsælir hér á landi og jafnvel of margir skólar í boði miðað við störf. Best er að fara í áframhaldandi nám erlendis til þess að læra almennilega ef fólk langar til þess að starfa við þetta í sjónvarpi, leikhúsi eða auglýsingum.**

*Fríða María Harðardóttir, sjálfstætt starfandi*



**„Mín skoðun er sú að það ætti að bjóða upp á fjölbreyttari námskeið, bæði lengri og styttri. Fólk er að fara á námskeiðin á misjöfnum forsendum, sumir fyrir sjálfa sig og sumir til þess að starfa við þetta og það ætti að vera meira val fyrir þá sem hafa áhuga. Til dæmis þarf meira en tveggja mánaða námskeið til þess að gera þetta að starfsframa og kalla sig förðunarfræðing.**

*Harpa Káradóttir förðunarmeistari*

## MOOD MAKEUP SCHOOL

- **Grunnnámskeið**
  **Átta vikur**
  **Fjórum sinnum í viku**
  **369.000 kr**
- **Förðunarvörur og burstar innifaldir að andvirði 170.000 kr.**
- **14 nemendur í hópi**
- **Útskrifast með diplóma í förðunarfræði**

Innifalið í verðinu hjá Mood Make Up School er förðunarsett sem inniheldur förðunarvörur, bursta og snyrtitaska frá Mac. Nemendur fara í tvö próf og þeir sem ná þeim útskrifast með diplómu sem förðunarfræðingar. Nemendurnir fá að láta mynda prófafarðanirnar af ljósmyndara og eiga myndirnar. Lögð er áhersla á að kenna fjölbreytta förðun sem getur hentað við ýmis störf, ekki bara við eigin förðun.

Eygló Ólöf Birgisdóttir er ein af kennurunum í skólanum og hún segir að námið sé hentugt fyrir stelpur sem langar að starfa við förðun. „Það er óhætt að segja að um 90% starfsfólks í Mac búðun á Íslandi eru útskrifað frá okkur. Þær fá diplómað sem er hægt að nota við ýmislegt, meðal annars fara út og sækja um vinnu, en það er ekkert til sem heitir alþjóðlegt diplóma eins og sumir skólar hafa verið að auglýsa.“



## NN MAKEUP SCHOOL

- **Grunnnámskeið**
  **Þrjár vikur**
  **Fjórum sinnum í viku**
  **215.000 kr**
- **Förðunarvörur og burstar innifaldir**
- **4 nemendur í hópi**
- **Viðurkenningarskjal**

NN Make Up School býður upp á styttri námskeið en aðrir skólar þar sem farið er yfir grunn taktana í förðun. Námskeiðið er ekki ætlað þeim sem ætla sér að verða förðunarfræðingar. Kennslan er persónuleg og í lok námskeiðsins fá nemendur viðurkenningarskjal og ljósmynd af förðun eftir ljósmyndara. Það er ekki skylda að þiggja förðunarsettið og þeir sem vilja nota sínar eigin vörur þurfa þá aðeins að borga 170.000 kr.

Kristín Stefánsdóttir á NN Make Up School og hún segir skólann leggja áherslu á persónulegri kennslu og meiri grunnþekkingu. „Við skerum okkur úr með því að bjóða konum og stelpum upp á þessi grunnnámskeið sem vilja bara læra aðeins betur hvernig á að mála sig. Við erum ekki að ætlast til að þær sem klára hjá okkur fari strax að starfa sem förðunarfræðingar. Það er líka hægt að fá að koma bara í eitt kvöld og fá einkakennslu.“

## REYKJAVÍK MAKEUP SCHOOL

- **Grunnnámskeið**
  **Átta vikur**
  **Fjórum sinnum í viku**
  **370.000 kr**
- **Förðunarvörur og burstar innifaldir að andvirði 100.000 kr.**
- **14 nemendur í hópi**
- **Útskrifast með diplóma í förðunarfræði**

Í Reykjavík Make Up School byrja allir nemendur á að fá helstu förðunarvörur, bursta, snyrtitösku og svampa frá Make Up Store, Real Technique og Beauty Blender.

Sigurlaug Dröfn Bjarnadóttir er ein af eigendum RMS. „Skólarnir hérna eru kannski með svipaðar áherslur en við höfum verið að sérhæfa okkur í þessari „beauty-förðun“ þar sem við fylgjumst með því sem er að gerast úti í heimi. Það er greinilega mikill áhugi fyrir því þar sem við eigum ekki laust fyrr en 2016. Útskrifuðu nemendurnir okkar hafa verið að fá vinnu í Make Up Store og fleiri stöðum ásamt því að taka þátt í verkefnum með okkur. “



## MUD

- **Grunnnám**
  **Sex vikur**
  **Fjórum sinnum í viku**
  **990.000 kr.**
- **Förðunarsett og burstar fylgja**
- **Útskrifast með diplóma í förðunarfræði**

Alþjóðlegi MUD make up skólinn mun opna hér á landi í haust og nú þegar hafa margir skráð sig. Grunnnámskeiðin verða heilsdagsskóladagar þar sem meðal annars erlendir kennarar mæta til þess að kenna. Skólinn starfar víða um heiminn og munu nemendur fá tækifæri til þess að fara á milli landa og spreyta sig í verkefnum erlendis. Aðaláhersla skólans er starfsnám og ítarleg kennsla í grunnskrefum í förðun.

Kristín Stefánsdóttir hefur umsjón með skólanum hér á landi en hún starfar einnig hjá NN Make Up School. „Hér eru komin ný tækifæri með nýjum áherslum. Það mikilvægasta fyrir förðunarfræðinga er reynslan og starfsnám og við leggjum mikla áherslu á það.“

FARÐU AFTUR TIL UPPHAFSINS



ILLUMINATION KYNNIR

# SKÓSVEINARNIR

**FRUMSÝND 8. JÚLÍ**

**FORSALA Á midi.is, eMiði OG SAMbio.is**

LAUGARÁS BÍÓ · SMÁRABÍÓ · SAMBÍÓIN EGILSHÖLL · ÁLFABAKKI SAMBÍÓIN · HÁSKÓLABÍÓ · BORGARBÍÓ

## Bestu liðin spila öll á Hlíðarenda í dag

Knattspyrnuáhugafólk fær flott tækifæri í dag til að sjá framtíðarstjörnur kvennafótboltans spila um sæti í úrslitaleik Evrópumótsins þegar báðir undanúrslitaleikir EM 17 ára landsliða kvenna fara fram á Valsvellinum við Hlíðarenda. Klukkan eitt mætast Spánn og Frakkland og klukkan sjö spila síðan Sviss og Þýskaland. Í liði Þjóðverja er meðal annars hin frábæra Stefanie Sanders sem skoraði 6 mörk í riðlakeppninni og í liði Spánar er hin skeinuhætta Lucía García sem skoraði 3 af 4 mörkum sínum í riðlakeppninni í 4-0 stórsigri Spánar á Þýskalandi.
Fyrir leikina verða knattþrautir og hoppukastali í boði fyrir krakka, landsliðskonur mæta á svæðið, boðið verður upp á grillaðar pylsur og ávaxtasafa og hægt verður að taka þátt í happdrætti þar sem vinningar eru miðar á landsleiki með A-landsliðum kvenna og karla. Dagskrá hefst einum og hálfum tíma áður en leikir hefjast. Aðgangur er ókeypis.





**TVENNA HJÁ FYRIRLIÐANUM** Ásgerður Stefanía Baldursdóttir var á skotskónum með Stjörnuliðinu í Garðabænum í gær. Hér fagna Stjörnukonur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Stjörnukonur á skotskónum í gær

**FÓTBOLTI** Þróttarakonur skoruðu loksins í Pepsi-deild kvenna í gær eftir 573 mínútna bið eftir fyrsta marki sumarsins en þær urðu engu að síður að sætta sig við 5-1 stórtap á heimavelli Íslandsmeistara Stjörnunnar. Stjörnukonur skoruðu reyndar öll sex mörk leiksins því mark Þróttar, var sjálfsmark og leikmenn Þróttar eiga því enn eftir að skora sjálfar í sumar. Stjarnan endurheimti annað sæti deildarinnar með sigrinum og minnkaði forskot Breiðabliks á toppnum í fjögur stig. **- óój**



**25 LANDSLIÐSMÖRK** Eiður Smári fagnar gegn Kasakstan. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Eiður gæti samið í dag

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen hélt í gær utan til Kína til að skoða aðstæður hjá úrvalsdeildarfélaginu Shijiazhuang Ever Bright samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Eiður hefur átt í viðræðum við forráðamenn félagsins og gæti farið svo að hann gangi frá samningum á næstunni, jafnvel í dag, sé gagnkvæmur vilji til þess.

Eiður Smári er markahæsti leikmaðurinn í sögu íslenska landsliðsins en þessi 36 ára kappi lék með Bolton í ensku B-deildinni á síðustu leiktíð. Þar á bæ mun vera áhugi fyrir því að halda honum í herbúðum félagsins.

Fyrir eru tveir íslenskir landsliðsmenn í kínversku úrvalsdeildinni en þeir Sölvi Geir Ottesen og Viðar Örn Kjartansson sem báðir spila með Jiangsu Sainty. **- esá**

## PEPSI DEILD KVENNA

**STJARNAN-ÞRÓTTUR 5-1**

**1-0 Ana Victoria Cate (13.), 2-0 Lára Kristín Pedersen (16.), 3-0 Ásgerður Stefanía Baldursdóttir (24.), 3-1 Sjálfsmark (33.), 4-1 Ásgerður (52.), 5-1 Sigríður Þóra Birgisdóttir (90.+1).**

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Breiðablik | 8 | 7 | 1 | 0 | 25-2 | 22 |
| Stjarnan | 8 | 6 | 0 | 2 | 21-5 | 18 |
| Selfoss | 8 | 5 | 1 | 2 | 16-8 | 16 |
| ÍBV | 8 | 4 | 1 | 3 | 19-9 | 13 |
| Valur | 7 | 4 | 0 | 3 | 15-16 | -12 |
| Þór/KA | 7 | 3 | 2 | 2 | 15-13 | 11 |
| Fylkir | 7 | 2 | 1 | 4 | 9 -16 | 7 |
| KR | 8 | 1 | 3 | 4 | 7-18 | 6 |
| Þróttur R. | 7 | 0 | 2 | 5 | 1-19 | 2 |
| Afturelding | 8 | 0 | 1 | 7 | 3-25 | 1 |

### NÆSTU LEIKIR

**Þriðjudagur 7. júlí**: 19.15 Afturelding-Stjarnan, KR-Fylkir.
**Miðvikudagur 8. júlí**: 18.00 ÍBV-Breiðablik, Þór/KA-Selfoss, 19.15 Þróttur-Valur.

# Meiri Albani en Norðmaður

Avni Pepa var eins og klettur í vörn ÍBV sem vann sigur á Breiðabliki í 10. umferð Pepsi-deildarinnar. Hann er landsliðsmaður Kósóvó þrátt fyrir að hafa aldrei búið í landinu. Miðvörðurinn öflugi spilaði í nokkrar vikur í Albaníu áður en hann kom til Íslands en þaðan vildi hann losna þar sem úrslitum er mikið hagrætt.

**FÓTBOLTI** ÍBV vann sinn annan sigur í Pepsi-deild karla í fótbolta á sunnudaginn þegar liðið lagði sjóðheita Blika, 2-0, í 10. umferð Pepsi-deildarinnar. Eyjamenn urðu með því fyrsta liðið til að vinna Blika. Það sem meira er, þetta var í fyrsta skipti í sumar sem Breiðablik skorar ekki í deildarleik. Stór ástæða þess var Avni Pepa, miðvörður Eyjamanna. Hann átti frábæran dag í vörninni og er leikmaður 10. umferðar hjá Fréttablaðinu.

„Við spiluðum skynsamlega í þessum leik í mjög miklu roki. Hálfleikirnir voru eins og svart og hvítt og það vissum við. Við vissum að við þyrftum að spila betur í seinni hálfleik og það náðum við að gera," segir Avni Pepa í viðtali við Fréttablaðið.

### Komust í gegnum Tryggva

Daginn fyrir leikinn mætti Tryggvi Guðmundsson, sitjandi aðalþjálfari ÍBV, fullur á æfingu og var rekinn fyrir vikið. Avni segir það ekki hafa verið mikið mál fyrir leikmannahópinn að ná fókus fyrir leikinn daginn eftir.

„Við erum atvinnumenn þannig að við einbeitum okkur bara að því sem við getum gert. Við héldum einbeitingu í leiknum. Við vildum standa okkur vel og spila sem lið og það gerðum við. Strákarnir voru tilbúnir í leikinn," segir Avni.

Eyjamenn náðu í gott stig á útivelli gegn Val áður en þeir unnu svo Breiðablik, en þetta eru tvö af heitustu liðum deildarinnar.

„Ég sé bætingu á liðinu. Við spiluðum líka vel á móti Þrótti í bikarnum og erum á réttri leið. Það voru leikir áður þar sem við spiluðum ágætlega en töpuðum en vonandi fer það að breytast. Við erum að spila sem lið núna og þegar menn vinna leiki kemur sjálfstraustið sem er svo mikilvægt," segir hann.

### Vonast eftir viðurkenningu

Avni Pepa er Kósóvó-Albani en fæddur og uppalinn í Noregi. Foreldrar hans, sem eru báðir frá Kósóvó, fluttust til Noregs áður en hann fæddist. Hann er landsliðsmaður Kósóvó, en þjóðin vonast til að fá viðurkenningu FIFA og taka þátt í undankeppni HM 2018.

„Okkur hefur verið sagt að við verðum teknir inn og viðurkenndir sem knattspyrnuþjóð. Það er ekki 100 prósent en við því er búist og þess vegna höfum við verið að spila vináttuleiki. Við viljum vera með eins gott landslið og hægt er þegar kemur að stóru stundinni," segir Avni.

Kósóvó spilaði fjóra landsleiki á síðasta ári. Það byrjaði á jafntefli gegn Haítí og tapaði svo fyrir Tyrklandi og Senegal áður en liðið vann Óman. Avni er fastamaður í liðinu.

„Það eru margir þarna eins og ég sem hafa aldrei búið í Kósóvó. Sumir eru fæddir í Sviss og Þýskalandi og spila með góðum liðum í þýsku 1. deildinni. Mér sjálfum líður meira sem Albana en Norðmanni þó ég elski líka Noreg. Kósóvó þarf bara meira á mér að halda," segir Avni.

### Hitti Jóhannes hjá Start

Avni, sem er 26 ára gamall, hóf meistaraflokksferilinn hjá Start í Noregi árið 2007. Þar hitti hann Jóhannes Harðarson, núverandi þjálfara ÍBV fyrst.

Hann var síðar á mála hjá Sandnes Ulf þar sem hann varð góður vinur Skotans Stevens Lennons sem spilar með FH.

„Hann sagði mér að Ísland væri gott land og ef maður spilar vel gæti maður komist aftur út og til stærra liðs," segir Avni, en hvernig er að vera í Vestmannaeyjum?

„Ég er ekki vanur svona litlum bæjum en ég er bara ánægður því ég er að spila fótbolta. Ég þekkti Jóa auðvitað og ÍBV er með spennandi verkefni í gangi sem ég vil vera hluti af. Það leiðir vonandi af sér að ég komist til stærra liðs."

### Úrslitum hagrætt

Áður en Avni kom til Íslands spilaði hann í nokkrar vikur með liði í Albaníu. Þar voru skuggalegir hlutir í gangi og því ákvað hann að róa á önnur mið.

„Ég var í slæmri stöðu hjá síðasta liði þar sem ég spilaði þannig að ég rifti samningnum við liðið. Í Albaníu eru menn að gera hluti sem aðrir eru ekki vanir," segir Avni, en þar eru úrslitin nokkuð oft ákveðin fyrir fram.

„Það voru bæði vandræði með peningagreiðslur og svo eru liðin mikið í því að gefa leikina og hagræða úrslitum. Ég vildi ekki taka þátt í því og fór því til Íslands," segir Avni Pepa. **tomas@365.is**



**„Mér líður meira sem Albana en Norðmanni þó að ég elski líka Noreg.**
*Avni Pepa, fyrirliði ÍBV*

**FYRIRLIÐI** Avni Pepa var gerður að fyrirliða Eyjaliðsins en hann hefur verið besti leikmaður ÍBV. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Sjö ár síðan Valsari skoraði átta mörk á einu tímabili

Patrick Pedersen, Daninn í framlínu Valsmanna, er nú með þriggja marka forskot í baráttunni um gullskóinn í Pepsi-deild karla.

**FÓTBOLTI** Valsmenn hafa heldur betur jafnað sig eftir stórtapið á móti nýliðum Leiknis í fyrstu umferð og eru nú á hraðri leið inn í baráttuna um Íslandsmeistaratitilinn eftir fjóra sigra í síðustu fimm leikjum sínum í Pepsi-deildinni. Ekkert lið í deildinni er með betri árangur frá og með sjöttu umferð og Valsmenn eru á toppnum bæði yfir flest skoruð mörk (13) og fæst mörk fengin á sig (4) í 6. til 10. umferð.

Einn af aðalleikurunum í herferð Valsmanna er án efa danski framherjinn Patrick Pedersen sem skoraði sitt sjöunda og áttunda mark í Pepsi-deildinni í sigrinum á Skagamönnum á sunnudaginn.

Aðeins tveir leikmenn hafa skorað meira fyrir Val á heilu tímabili frá og með árinu 2000, en Patrick Pedersen á enn eftir mögulega tólf leiki til að bæta verulega við þennan markafjölda. Helgi Sigurðsson skipar bæði sætin fyrir ofan hann og þar á meðal er Íslandsmeistaraárið 2007 þegar Helgi skoraði tólf mörk. Helgi skoraði sjö mörk í fyrstu tíu leikjunum árið 2007 (einu minna en Pedersen í sumar) en bara þrjú af tíu mörkum sínum í fyrstu tíu leikjum Valsliðsins árið eftir. Pedersen er því að góðri leið með að gera betur í sumar.

Það er kannski hægt að gagnrýna Patrick Pedersen fyrir eitt og það er að skora lítið í seinni hálfleik en aðeins eitt af átta mörkum hans í Pepsi-deildinni í sumar hafa komið eftir hálfleik. Fari hann líka að skora eftir hlé í síðustu tólf umferðunum gætu met verið í hættu.

Patrick Pedersen hefur samt ekki enn náð að skora þrennu í Pepsi-deildinni en hann hefur fengið samtals 83 mínútur til að innsigla hana í þeim tveimur leikjum þar sem hann hefur skorað tvö mörk.

Það var lengi talað um að Valsmenn vantaði framherja eftir að Helgi Sigurðsson fór frá liðinu eftir 2009-tímabilið og oftar en ekki hafa innflutningar Valsmanna á framherjum gengið illa. Pedersen kostaði sitt á sínum tíma en miðað við frammistöðuna er ljóst að Valsmenn keyptu ekki köttinn í sekknum. **- óój**



**8 MÖRK Í 10 LEIKJUM** Patrick Pedersen hefur farið á kostum í framlínu Vals í Pepsi-deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# ÚTSALA ÚR EINUM GÁMI

## LÍTIÐ ÚTLITSGALLAÐAR ÞVOTTAVÉLAR!

## TAKMARKAÐ MAGN – FRÁBÆRT VERÐ



Cylinda

**Cylinda FT352**
- 1200 snúninga þvottavél
- Stafrænt kerfisval
- 44L tromla
- Tekur 5kg af þvotti
- Rafeindastýrður kerfisveljari og hitastillir
- Hámarksvinda 1200 snúningar
- 11 þvottakerfi og 30 mín. hraðkerfi
- Þvotthæfni A
- Orkuflokkur A+
- Vinduhæfni B
- Stærð (bxhxd): 60 x 85 x 45 sm
- Aðeins 45 sm á dýpt

**TILBOÐ**
**49.995**
FULLT VERÐ 89.995



Cylinda

**Cylinda FT384**
- 1400 snúninga þvottavél
- Stafrænt kerfisval
- 64L tromla
- Tekur 8kg af þvotti
- Rafeindastýrður kerfisveljari og hitastillir
- LCD Skjár
- Stafræn niðurtalning á þvottatíma
- 11 þvottakerfi og 14 mín. hraðkerfi
- Kolalaus mótor
- Þvotthæfni A
- Orkuflokkur A+++
- Vinduhæfni B
- Stærð (bxhxd): 60x85x60 sm

**TILBOÐ**
**64.995**
FULLT VERÐ 119.995

***FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR!***

***Ath. Aðeins ein vél á mann!***

**Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500



**MIKILVÆG** Fara Williams er samherji Katrínar hjá Liverpool. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Enska liðið er ekkert ósvipað því íslenska

## Katrín Ómarsdóttir hefur trú á því að enska landsliðið í fótbolta geti komist í úrslitaleikinn á HM í Kanada.

**FÓTBOLTI** Enska landsliðið mætir því japanska í seinni undanúrslitaleiknum á HM í Kanada í kvöld. Enska liðið tapaði fyrsta leik sínum á HM gegn Frakklandi en hefur svo unnið fjóra leiki í röð, alla með markatölunni 2-1, og er komið í undanúrslit í fyrsta sinn.

Katrín Ómarsdóttir hefur leikið með Liverpool í ensku deildinni síðan 2013. Hún segir að áhuginn á enska liðinu hafi aukist mikið í takt við gengi þess.

„Liðið fær mikinn stuðning og það sjá allir hvað þær spila með miklu stolti. Þetta mót gerir mikið fyrir kvennafótboltann á Englandi,“ sagði Katrín en svo virðist sem margir Englendingar séu fyrst núna að átta sig á því að þeir eigi kvennalið.

Katrín segir að væntingarnar til enska liðsins hafi ekki verið miklar fyrir HM, m.a. í ljósi lélegs árangurs á síðasta EM: „Englendingar búast aldrei við neinu af landsliðunum sínum. En ég held að leikmennirnir hafi gert meiri væntingar til sín en almenningur.“

Katrín telur leikstíl enska landsliðsins ekki vera ólíkan leikstíl Íslands. „Þetta er mjög taktískt lið. Þær spila skipulagðan og agaðan varnarleik og nýta sér svo skyndisóknir og föst leikatriði. Svo berjast þær fram á síðustu mínútu og gefast aldrei upp,“ sagði Katrín en enska liðið hefur útfært föstu leikatriðin mjög vel á HM og fengið mikið hrós fyrir.

Japanska liðið, sem er ríkjandi heimsmeistari, er gjörólíkt því enska; spilar skemmtilegan fótbolta og er almennt talið best spilandi liðið í heimsfótboltanum í dag. Þrátt fyrir að andstæðingurinn sé sterkur hefur Katrín trú á því að England geti komist í úrslitaleikinn sem fer fram í Vancouver á sunnudaginn.

„Ég held að þær geti alveg unnið leikinn ef þær halda áfram að spila eins og þær hafa gert; eru agaðar og skipulagðar og nýta sér hæðar- og styrktarmuninn í föstum leikatriðum. Það þarf ekkert að vera að Japan vinni leikinn þrátt fyrir að þær verði með boltann nánast allan tímann,“ sagði Katrín að lokum. - iþs






**VINNUFRIÐUR** Varadómari á að létta starf dómaratríósins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Varadómarar á öllum leikjum

**FÓTBOLTI** „Við höfum það nú að markmiði að fjölga varadómurum og frá og með næsta ári ætlum við að hafa varadómara á öllum leikjum í Pepsi-deild karla,“ sagði Magnús Jónsson, dómarastjóri KSÍ, í samtali við Fréttablaðið í gær. Varadómaranum er ætlað að sjá um samskipti við bekkina í stað aðstoðardómara eitt.

„Þetta er bara tímanna tákn. Það er orðið mun flóknara að vera aðstoðardómari núna en fyrir nokkrum árum. Það er nóg álag að sinna sínu starfi og fylgjast með rangstöðunni og ekki hjálpar að vera líka með bekkinn,“ sagði Magnús og bætti við að þetta hefði aukinn kostnað upp á tvær milljónir í för með sér. - tom



**Á FÖRUM** Kaiserslautern hefur áhuga á Jóni Daða. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Kaiserslautern vill fá Jón Daða

**FÓTBOLTI** Viking hefur hafnað tilboði þýska liðsins Kaiserslautern í landsliðsframherjann Jón Daða Böðvarsson.

Þetta staðfestu forráðamenn Viking í samtali við Aftenbladet í Noregi. Þeir vildu ekki greina frá því hvaða lið gerði tilboðið í Jón Daða en heimildir Aftenbladet herma að um sé að ræða Kaiserslautern sem endaði í 4. sæti þýsku B-deildarinnar á síðasta tímabili.

Samningur Jóns Daða við norska liðið rennur út í lok tímabilsins en ljóst þykir að hann fer frá liðinu ekki síðar en þá. Viking er hins vegar tregt til að sleppa Jóni Daða strax í ljósi þess að framherjinn Veton Berisha er á förum frá félaginu. - esá

# Líklegt að Craion komi aftur í KR

## KR gekk frá samningum við lykilmenn í gær. Kjarni liðsins sagður fastmótaður.

**KÖRFUBOLTI** Pavel Ermolinskij, Darri Hilmarsson og Brynjar Þór Björnsson hafa allir gert nýjan tveggja ára samning við KR auk þess sem Snorri Hrafnkelsson er genginn til liðs við félagið frá Njarðvík. Hann kemur til með að fylla skarð Finns Atla Magnússonar sem er kominn í Hauka.

Böðvar Guðjónsson, varaformaður körfuknattleiksdeildar KR, segir það lykilatriði að viðhalda kjarna íslensku leikmannanna hjá félaginu.

„Það þarf svo að finna rétta erlenda leikmanninn til að púsla við þennan kjarna. Við vitum að hann þarf að vera góður varnarmaður og öflugur undir körfunni. Sá maður var Michael Craion á síðasta tímabili og við erum vongóðir um að fá hann aftur,“ sagði Böðvar í samtali við Fréttablaðið.

Craion var einn allrabesti leikmaður Domino's-deildarinnar á síðustu leiktíð en KR varð þá deildar- og Íslandsmeistari. „Ég ræddi við hann í síðustu viku og þá hafði hann ekki fengið nein tilboð frá öðrum löndum. En hvort önnur íslensk lið hafa verið að bera víurnar í hann veit ég ekki. Hann gaf að minnsta kosti til kynna að það yrðu töluverðar líkur á að hann kæmi aftur til Íslands og í KR.“

Böðvar reiknar ekki með því að styrkja leikmannahópinn enn frekar og vonast til þess að ganga frá öllum lausum endum fyrir næstu mánaðamót.

„Það var mjög gott að fá Snorra, sem er öflugur ungur leikmaður og passar vel inn í okkar plön,“ segir Böðvar að lokum. - esá



**ÖFLUGUR** Michael Craion var mikilvægur hlekkur í meistaraliði KR. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**STÓRIR BRÆÐUR** Pau Gasol er frábær eins og bróðir hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Gasol-bræður mæta á EM

**KÖRFUBOLTI** Spánverjar mæta með firnasterkt lið til leiks á Evrópumótið í körfubolta eins og búist var við, en þeir eru í dauðariðlinum í Berlín með strákunum okkar í íslenska landsliðinu.

Gasol-bræðurnir, Pau og Marc, leikmenn Chicago Bulls og Memphis Grizzlies, eru á sínum stað í hópnum sem og Nikola Mirotic, samherji Pau Gasol hjá Chicago Bulls.

Mirotic er Svartfellingur en er með spænskt ríkisfang. Aðeins einn slíkur leikmaður, sem er erlendur en hefur fengið ríkisfang, má vera í hverju liði á EuroBasket.

Serge Ibaka, leikmaður Oklahoma City Thunder sem er fæddur í Lýðveldinu Kongó, er einnig með spænskt ríkisfang en hann er ekki í hópnum. Bakverðirnir José Calderón, Ricky Rubio og gamla kempan Juan Carlos Navarro eru ekki með vegna meiðsla. - iþs



**MISSIR** Björgvin Hólmgeirsson er líklega á leið í sænska boltann. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Björgvin fer frá ÍR í sumar

**HANDBOLTI** Björgvin Hólmgeirsson, markahæsti leikmaður Olísdeildarinnar á síðustu leiktíð og lykilmaður í liði ÍR, er á leið frá félaginu í sumar. Það staðfesti hann í samtali við Fréttablaðið í gær.

Björgvin hefur átt í viðræðum við Skövde í Svíþjóð en hann er nú staddur í fríi og reiknar með því að ganga frá sínum málum í næstu viku.

Björgvin var valinn besti leikmaður Olísdeildarinnar í vor og var vitanlega í liði mótsins. Skövde hafnaði í ellefta sæti sænsku úrvalsdeildarinnar síðastliðið vor. - esá



# DAGSKRÁ





20:05
**COVERT AFFAIRS**
Fjórða þáttaröðin um CIA fulltrúana Annie og Auggie og flókið samband þeirra innan og utan vinnunar.

FJÖLBREYTT
**MIÐVIKUDAGSKVÖLD!**
Fáðu þér áskrift á **365.is** **365**

20:45
**MISTRESSES**
Bráðskemmtilegir þættir um fjórar vinkonur og flókin samskipti þeirra við hitt kynið.


21:30
**OUTLANDER**
Mögnuð þáttaröð um hjúkrunarkonuna Claire Beauchamp í seinni heimsstyrjöldinni.



22:20
**MAJOR CRIMES**
Hörkuspennandi þættir sem fjalla um lögreglukonu sem er ráðin til morðrannsókna-deildar innan lögreglunnar í Los Angeles.


22:00
**YOUR SISTER'S SISTER**
Dramatísk mynd um þunglyndan mann sem er boðið í sumarbústað með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.


21:35
**COLD CASE**
Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar við morðdeildina við að leysa úr gömlum rykföllnum sakamálum.


07:00-20:30
**BARNAEFNI ALLA DAGA**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.


**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.** **365.is**


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.45 Big Time Rush**
**08.05 The Middle**
**08.30 The Crazy Ones**
**08.55 Mom**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 Spurningabomban**
**11.05 Around the World in 80 Plates**
**11.50 Grey's Anatomy**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Crimson Field**
**13.55 White Collar**
**14.40 Big Time Rush**
**15.05 The Lying Game**
**15.45 Man vs. Wild** Önnur þáttaröðin af þessum ævintýralegu þáttum frá Discovery með þáttastjórnandanum Bear Grylls sem heimsækir ólíka staði víðsvegar um heiminn, meðal annars Andes-fjöllin, Sahara, Síberíu, Havaí, Skotland og Mexíkó að ógleymdu Íslandi.
**16.30 Welcome To the Family**
**16.55 Baby Daddy**
**17.20 Bold and the Beautiful**
**17.40 Nágrannar**
**18.05 Simpson-fjölskyldan** *(21:22)*
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.55 Modern Family**
**19.15 Víkingalottó**
**19.20 The Middle** Gamanþáttaröð um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni. Ekki nóg með það heldur er húsmóðirin líka bílasali og það frekar lélegur því hún hefur engan tíma til að sinna starfinu.
**19.40 Weird Loners**
**20.05 Covert Affairs**
**20.45 Mistresses**
**21.30 Outlander**
**22.20 Major Crimes**
**23.05 Weeds**
**23.35 Real Time With Bill Maher**
**00.35 Battle Creek**
**01.20 Tyrant**
**02.10 NCIS**
**02.55 G.I.Joe Retaliation**
**04.45 The Counselor**

## SPORT *besta sætið*

**12.25 Demantamótaröðin - New York**
**14.25 Norðurálsmótið**
**15.05 MotoGP 2015**
**16.05 Goðsagnir - Steingrímur Jó**
**16.50 Breiðablik - KA**
**19.05 Borgunarmörkin 2015**
**20.00 Heimsókn til Brooklyn:** Tveir efnilegustu körfuboltamenn landsins, Martin Hermannsson og Elvar Már Friðriksson, eru mættir til New York til þess að stunda nám og spila körfubolta í hinni víðfrægu borg.
**21.00 World's Strongest Man 2014.**
**21.30 UFC Now 2015**
**22.20 UFC Fight Night: Jedrzejczyk vs. Penne**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**13.00 Premier League World**
**13.30 Chelsea - Swansea**
**15.15 Goðsagnir - Ingi Björn**
**15.45 Arsenal - Stoke**
**17.35 PL Classic Matches. Arsenal - Man United, 1998**
**18.05 Man. Utd. - Man. City**
**19.55 Keflavík - Stjarnan**
**21.45 Manstu**
**22.15 Liverpool - Arsenal** i.
**00.05 Man. Utd. - Man. City**

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarna **20.30** Auðlindakistan **21.00** Á ferð og flugi **21.30** Sjónvarp Kylfings.is

## STÖÐ 3

**18.15 Last Man Standing**
**18.35 Cristela**
**19.00 Hart Of Dixie**
**19.45 Silicon Valley**
**20.15 Awake**
**21.00 The Originals** Önnur spennuþáttaröðin sem fjallar um Mikaelsons fjölskylduna en meðlimir hennar eru jafnframt þeir fyrstu af hinum svoköll-uðu ofurvampírum en þær geta lifað í dagsljósi. Þættirnir eru frá framleiðendum The Vampire Diaries.
**21.45 The 100**
**22.25 Dallas**
**23.10 Sirens**
**23.35 Supernatural**
**00.20 Hart Of Dixie**
**01.00 Silicon Valley**
**01.30 Awake**
**02.15 The 100**
**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.49** Tommi og Jenni **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.22** Ævintýri Tinna **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Lukku-Láki **09.25** Latibær **09.47** Elías **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.49** Tommi og Jenni **11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.22** Ævintýri Tinna **12.47** Ævintýraferðin **13.00** Lukku-Láki **13.25** Latibær **13.47** Elías **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.49** Tommi og Jenni **15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.22** Ævintýri Tinna **16.47** Ævintýraferðin **17.00** Lukku-Láki **17.25** Latibær **17.47** Elías **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Lína langsokkur

## GULLSTÖÐIN

**17.10 Strákarnir**
**17.40 Friends**
**18.05 New Girl**
**18.30 Mike & Molly**
**18.50 The Big Bang Theory**
**19.15 Hannað fyrir Ísland**
**20.00 Hæðin**
**20.50 Chuck** Chuck Bartowski er mættur í fjórða sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum. Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.
**21.35 Cold Case**
**22.20 Curb Your Enthusiasm**
**22.55 Sullivan & Son**
**23.15 Hannað fyrir Ísland**
**00.00 Hæðin**
**00.50 Chuck**
**01.35 Cold Case**
**02.15 Curb Your Enthusiasm**
**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## BÍÓSTÖÐIN

**12.20 To Rome With Love**
**14.10 Spy Kids 4**
**15.40 House Of Versace**
**17.10 To Rome With Love**
**19.00 Spy Kids 4**
**20.30 House Of Versace**
**22.00 Your Sister's Sister** Dramatísk mynd með gamansömu ívafi. Iris hefur áhyggjur af besta vini sínum sem berst við þunglyndi eftir að hafa misst bróður sinn. Hún býður honum að dvelja í sumarbústað fjölskyldunnar án þess að vita að systir hennar, Hannah, er í bústaðinum. Aðalhlutverkin leika Mar Duplass, Emily Blunt og Rosmarie DeWitt.
**23.30 Killing Bono**
**01.20 Parkland**
**02.55 Your Sister's Sister**

## RÚV

**16.35 Blómabarnið** Áströlsk sjónvarpsþáttaröð um ástir og átök vina og samstarfsfólks á Kings Cross sjúkrahúsinu á 7. áratug síðustu aldar. Aðalhlutverk: Jessica Marais, Jonathan LaPaglia, Mandy McElhinney.
**17.20 Disneystundin**
**17.21 Finnbogi og Felix**
**17.43 Sígildar teiknimyndir**
**17.50 Herkúles**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Heilabrot**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Vinur í raun** Martin Moone er ungur strákur sem treystir á hjálp ímyndaðs vinar þegar á móti blæs. Þættirnir gerast í smábæ á Írlandi á níunda áratugnum. Meðal leikenda eru Chris O'Dowd, David Rawle og Deirdre O'Kane.
**20.25 Silkileiðin á 30 dögum** Margverðlaunuð finnsk þáttaröð um 30 daga ferðalag eftir Silkileiðinni sem liggur frá Georgíu í Kákasusfjöllum til Mongólíu.
**21.15 Neyðarvaktin**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 HM-stofa**
**22.40 Ódrengileg stríð**
**00.05 Gárur á vatninu**
**00.55 Kastljós**
**01.20 Fréttir**
**01.35 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 The Talk**
**09.45 Pepsi MAX tónlist**
**13.40 Cheers**
**14.05 Dr. Phil**
**14.45 Reign**
**15.30 Britain's Next Top Model**
**16.20 Minute To Win It**
**17.05 Royal Pains**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Talk**
**19.10 Million Dollar Listing**
**19.55 Growing Up Fisher**
**20.15 America's Next Top Model**
**21.00 Franklin & Bash** Lögmennirnir og glaumgosarnir Franklin og Bash eru loks mættir aftur á SkjáEinn. Þeir félagar starfa hjá virtri lögmannsstofu en þurfa reglulega að sletta úr klaufunum.
**21.45 The Bridge**
**22.30 Sex & the City** Bráðskemmtileg þáttaröð um Carrie Bradshaw og vinkonur hennar í New York.
**22.55 Madam Secretary**
**23.40 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**00.25 Agent Carter**
**01.10 Franklin & Bash**
**01.55 The Bridge**
**02.40 Sex & the City.**
**03.05 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.35 PGA Tour 2015 - Highlights**
**09.30 PGA Tour 2015**
**14.30 LPGA Tour 2015**
**16.35 PGA Tour 2015**
**17.30 British Open**
**18.25 Golfing World 2015**
**19.15 PGA Tour 2015**

## HRINGBRAUT

**10.00** Fólk með Sirrý **11.00** Atvinnulífið **11.30** Ritstjórarnir **12.00** Fólk með Sirrý **13.00** Atvinnulífið **13.30** Ritstjórarnir **14.00** Fólk með Sirrý **15.00** Atvinnulífið **15.30** Ritstjórarnir **16.00** Fólk með Sirrý **17.00** Atvinnulífið **17.30** Ritstjórarnir **18.00** Fólk með Sirrý **19.00** Atvinnulífið **19.30** Ritstjórarnir **20.00** Mannamál **20.45** Heimsljós **21.15** **433**.is **21.45** Grillspaðinn **22.00** Mannamál **22.45** Heimsljós **23.15** **433**.is **23.45** Grillspaðinn

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ÚTSALA

# 30-70%

## AFSLÁTTUR AF ALLSKÓNAR VÖRUM

**ÚTILÍF**

*síðan 1974*

GLÆSIBÆ | KRINGLUNNI | SMÁRALIND | utilif.is

ARNASYNIR

## MIÐVIKUDAGSLAGIÐ



**„Ég hlusta mest á gömul og góð lög um þessar mundir. Það sem kemur mér í mesta stuðið á miðvikudegi er lagið Still raining með Jonny Lang, af plötunni Wander this World.“**

Ruth Reginalds söngkona

# Hefur legið í dvala í fimmtán ár

Hljómsveitin Spilagaldrar sendir frá sér sitt þriðja smáskífulag. Þó að sveitin sé orðin sextán ára gömul hefur hún einungis komið tvisvar fram opinberlega.

„Þetta er sextán ára gamalt band sem hefur samt legið í dvala í fimmtán ár. Við erum búnir að taka tvö gigg á þessum sextán árum,“ segir Róbert Örn Hjálmtýsson, einn af meðlimum hljómsveitarinnar Spilagaldra.

Hann skipar sveitina ásamt Sverri Þór Sverrissyni, sem er líklega best þekktur sem Sveppi, og Steindóri Inga Snorrasyni.

Sveppi hefur í gegnum tíðina sýnt það og sannað að hann kann að syngja. „Mér líður ekki eins og frontmanni í bandi en það á eftir að koma reynsla á það þegar á líður. Mér finnst gaman að syngja og það er sérstaklega gaman að syngja sín eigin lög með sínum bestu vinum,“ segir Sveppi spurður um sönginn.

Spilagaldrar sendi á dögunum frá sér sitt þriðja smáskífulag en lagið ber nafnið Sveitasæla. „Steindór samdi þetta lag og það varð til í fyrstu tilraun, það var bara ýtt á „rec“ og þá varð lagið til. Sveppi samdi næstum því allan textann samtímis þegar ýtt var á rec. Þetta var rosalegt. Við editeruðum svo aðeins textann mörgum árum síðar þegar lagið var tekið upp aftur í stúdíói. En það voru ekki gerðar margar breytingar,“ segir Róbert Örn spurður út í lagið.

Þeir félagar vinna hörðum höndum að því að klára sína fyrstu breiðskífu en vill þó ekki gefa upp hvenær hún kemur út. Hann lofar hins vegar frábærri plötu. **- glp**



**FORSÖNGVARI** Sveppi kann vel við sig í frontinum á bandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Á FARALDSFÆTI** Þetta ku vera í fyrsta skipti sem Kiriyama-fjölskyldan fer saman út fyrir landsteinana í ærlegt frí. MYND/GOÐI FALK

# Trúðu engu fyrr en miðarnir komu í hús

Kiriyama Family bregður aldeilis út af vananum þegar sveitin skemmtir í spænsku brúðkaupi í lok sumars, en skipuleggjandi brúðkaupsins vill ólmur fá þau.

„Við héldum að þetta væri eitthvert grín, bara einhver að rugla í okkur,“ segir Víðir Björnsson, meðlimur sveitarinnar Kiriyama Family sem hyggst leggja land undir fót síðar í sumar til að spila í brúðkaupi spænsks pars, þar í landi.

„Við töluðum við þessa konu, Martinu, sem hafði samband en hún sér um að skipuleggja brúðkaupið, í tæpa þrjá mánuði, uppfullir efasemda um að um raunverulegt boð væri að ræða. Það var ekki fyrr en við fengum flugmiðana til okkar sem við áttuðum okkur á að við værum að fara út,“ útskýrir Víðir, yfir sig ánægður með að ekki hafi verið brögð í tafli.

Ku parið hafa trúlofað sig á Íslandi í fyrra er það heimsótti landið. Á ferðalagi sínu heyrðu þau lag með sveitinni, en Víðir hefur ekki hugmynd um hvaða lag það var eða hvar þau heyrðu það. Úr varð að þeim þótti afbragðs hugmynd að hafa íslenska hljómsveit í brúðkaupinu og vildu ólm fá Kiriyama Family til að sjá um herlegheitin. „Martina keypti svo af okkur fullt af plötum, sem ég held að hún ætli að gefa gestum brúðkaupsins,“ útskýrir Víðir, en segist ekki viss um hvort það sé til að spænsku gestirnir geti sungið með í veislunni eða hvort þær verði í boði að loknum veisluhöldum. „Það væri auðvitað geggjað ef gestirnir myndu taka rækilega undir. Við höfum aldrei farið í spænskt brúðkaup svo við vitum ekkert hvað við erum að fara út í.“

Þess ber að geta að enginn meðlima bandsins hefur nokkru sinni talað við verðandi hjónin þar sem öll samskipti fara í gegnum áðurnefndan skipuleggjanda, Martinu. „En þetta er líklega sæmilega ríkt fólk, öðruvísi held ég að fólk flytji ekkert inn band frá Íslandi til að spila í brúðkaupi,“ skýtur Víðir léttur inn í.

Má með sanni segja að Kiriyama-fjölskyldan hafi dottið í lukkupottinn, en þeirra bíður fjögurra stjörnu hótel fyrir utan Barcelona þar sem þau munu dvelja í fjóra daga og svo hefur hljómsveitin íbúðarhús á vegum brúðhjónanna til yfirráða í nokkra daga til viðbótar, ásamt bíl.

**”Það væri auðvitað geggjað ef gestirnir myndu taka rækilega undir. Við höfum aldrei farið í spænskt brúðkaup svo við vitum ekkert hvað við erum að fara út í.**

„Eftir brúðkaupið munum við svo nýta ferðina til hins ítrasta og fá til okkar fjölskyldurnar. Þá munum við njóta sólarinnar í sex daga áður en við höldum aftur heim,“ segir Víðir og spennan leynir sér ekki.

Burtséð frá ævintýralegu brúðkaupsspilerí á Spáni er bandið í óðaönn að setja saman nýja plötu. „Við sendum frá okkur annað lagið í síðasta mánuði, Innocence, sem hefur verið að gera ágætis hluti,“ bendir Víðir á, en kýs að tjá sig ekki frekar um útgáfu plötunnar þar sem slíkar yfirlýsingar virðast hlaðnar bölvunum og hætt við að platan frestist enn frekar ef nokkuð er sagt. **gudrun@frettabladid.is**

# Reykjavíkurdætur enn án Kylfu

Kylfan segist standa við stóru orðin frá því að hún var rekin úr sveitinni fyrr á árinu. Hún segir kærleiksríka stefnu Reykjavíkurdætra sjúka.

Kolfinna Nikulásdóttir rappari, sem stundum bregður sér í hlutverk Kylfunnar, segist ekki komin aftur í hljómsveitina Reykjavíkurdætur, þrátt fyrir að hafa verið í nýjasta lagi sveitarinnar. Kylfan vakti athygli fyrr á árinu þegar hún var rekin úr hljómsveitinni, fyrir að spyrja rapparann Emmsjé Gauta hvar hárið á honum væri, eftir að hann gagnrýndi sveitina. Hún lét svo út úr sér fleiri umæli sem vöktu mikla hneykslan. „Ég er alls ekki komin aftur í bandið, enda finnst mér þær vera að boða ömurlega stefnu, sem er kærleikur. Kylfan er ekki kærleiksrík, það er sjúkt að vera kærleiksríkur. Í raun neyddu þær mig til að taka þátt í þessu síðasta myndbandi sem þær gáfu út og Kylfan er ekki sátt. Ég samdi eiginlega alla textana og þær eru massa vanþakklátar og latar að geta ekki gert það sjálfar. Þær sökka ennþá feitt,“ segir Kylfan og vísar þar í orð sín sem féllu í grýttan jarðveg meðal hljómsveitarmeðlima á vormánuðum og urðu til þess að Kylfan var rekin úr hljómsveitinni. „Kylfan stendur við stóru orðin.“ **- ósk**



**REYKJAVÍKURDÆTUR LATAR** Segist hafa samið næstum alla texta og að þær séu vanþakklátar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ





ROCCO CARMEN NÝTT Í HÖLLINNI

**ROCCO** HORNTUNGUSÓFI
Sófi: 599.990 kr.
Stærð: 290 x 238. D: 90 cm.
Slitsterkt grátt áklæði, dúnbólstrun.
Carmen hægindastóll: 99.990 kr.




**SYLVESTER**
borðstofustóll
með krómfótum

VERÐ KR. 9.990
FULLT VERÐ 13.990

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

Reykjavík og Akureyri
EITT SÍMANÚMER 558 1100
www.husgagnahollin.is


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



STILLANLEG
**RÚM**
**25-35%**
**AFSLÁTTUR**

Verðdæmi
C&J stillanlegt heilsurúm
með infinity dýnu 2x80x200 cm.
Fullt verð kr. 558.000 **ÚTSÖLUVERÐ KR. 390.600**

**REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR | REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR**

# ÚTSALA
# 20-50% AFSLÁTTUR

**GOLD** heilsurúm
Með Classic botni 160x200 cm.
**ÚTSÖLUVERÐ KR. 114.675**
Með Classic botni 180x200 cm.
**ÚTSÖLUVERÐ KR. 123.675**



MARGAR GERÐIR
**SÆNGUR-FATASETT**
**20-50%**
**AFSLÁTTUR**



GOLD – HEILSU-
**RÚM**
**25%**
**AFSLÁTTUR**

Gafl ekki
innifalinn í verði

Fáanlegt
90x200 cm
120x200 cm
140x200 cm
160x200 cm
180x200 cm

**Betra BAK**
Leggur grunn að góðum degi

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477**
**Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100**
**Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566**
**Opið virka daga frá kl. 10-18**
**Laugardaga frá kl. 11-16**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177





**BAKÞANKAR**
**Birtu Björnsdóttur**


## Skyggni ágætt

Sumarið er komið. Ársfjórðungurinn þegar landsmenn liggja enn betur en í annan tíma yfir veðurspám og kortum oft á dag til að eygja sólarglætu einhvers staðar á landinu. Við þessar veðurathuganir verður mér alltaf hugsað til systur minnar.

**ÞEGAR** veðurfréttirnar tónuðu í viðtækjunum: „Austurland að Glettingi. Norð-norð-vestan þrír. Skyggni ágætt,“ tók systir mín við sér. Hún stóð nefnilega í þeirri bjargföstu trú að með upptalningunni væri veðurfréttakonan að mæla með notkun skyggna. Það væri allavega ágætt að hafa þau við höndina.

**HÉR** ber að hafa í huga að þetta var á níunda áratug síðustu aldar þegar neonlituð skyggni með frottefóðri þóttu um það bil það smartasta í víðri veröld. Hvort skyggnin voru þess tíma buff skal ósagt látið, eftirlætishöfuðfat allra barna sem foreldrar reyna að lauma í öskutunnuna í skjóli nætur.

**HVAÐ** sem því líður sat litla systir með neongræna skyggnið sitt við útvarpið og beið eftir að veðurfréttakonan kvæði upp sinn dóm. Á ég að setja upp skyggnið eða ekki?

**ÞÁ** má einnig minnast barnsins sem á svipuðum tíma fór með móður sinni í helgarferð inn í Þórsmörk. Drengurinn hafði hreyfiþörf sem Duracell-kanínan gæti verið stolt af og átti það til að skoppa um víðan völl og bað móðir hans hann því vinsamlegast um að passa sig á gjótunum.

**ALLA** helgina var drengurinn sem hengdur upp á þráð eftir ráðleggingar móður sinnar. Leit reglulega um öxl og gjóaði augunum yfir sanda og fjalllendi. Ekki var alveg jafn auðvelt að sofna í tjaldinu á kvöldin og hugmyndaflugið á yfirsnúningi. Á síðasta degi, kominn um borð í rútuna og á leið heim í öruggt skjól, gat drengurinn loks borið upp spurninguna sem brann á honum alla helgina: „Mamma, hvernig dýr eru eiginlega gjótur?“

**SUMAN** misskilning ætti helst aldrei að leiðrétta.





**YFIRBURÐIR**

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 18–49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015



Allt sem þú þarft ...






KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, 999 kr. bókunargjald - og töskugjald ekki innifalið.